ER Á FLÓTTA UNDAN LEYNIÞJÓNUSTU KÓLUMBÍU

Mary Luz Suárez Ortiz hefur verið á flótta í þrettán ár. Hún segir sögu sína í einkaviðtali við Fréttablaðið.

20 blaðsíðna RE/MAX blað
Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum
RE/MAX

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
28. október 2007 — 293. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Óskar kominn á kreik

Spekingar eru þegar farnir að velta því fyrir sér hverjir hreppi hinn gyllta Óskar á næsta ári.

FÓLK 22

Þroskasaga Þórbergs

Pétur Gunnarsson rithöfundur las yfir hundrað dagbækur Þórbergs Þórðarsonar áður en hann skrifaði þroskasögu hans.

FÓLK 30

Reglur um kynlífskaup?

Illugi Gunnarsson og Svandís Svavarsdóttir velta því fyrir sér hvort setja eigi reglur um kynlífskaup embættismanna á vegum hins opinbera.

BITBEIN 8

Harma hefnt



Ísland vann Ungverjaland, 32-31, í handboltalandsleik sem fram fór að Ásvöllum í gær.

ÍÞRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



NORÐANÁTTIR - Í dag verður yfirleitt fremur hæg norðlæg átt. Þurrt og víða bjart á Austur- og Suðausturlandi framan af degi, annars snjókoma eða él, einkum á Vestfjörðum og norðvestan til. Hiti nálægt frostmarki að deginum.

VEÐUR 4

Sunnudagar

Lestur meðal 18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

HINN EINI SANNI Keflvíski rokkkóngurinn Rúnar Júlíusson tróð upp í Laugardalshöllinni í gær ásamt stórri hljómsveit. Á tónleikunum fór hann yfir farinn veg og flutti meðal annars lög Hljóma, Trúbrots, GCD og lög af sólóferli sínum. Meðal gesta sem heiðruðu Rúnar með nærveru sinni og söng voru Bubbi Morthens, Björgvin Halldórsson, Magnús Kjartansson, Shady Owens og Doktor Gunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Marel greiðir þeim sem vilja laun í evrum

Um eða eftir áramót geta starfsmenn Marel fengið hluta launa sinna í evrum. Forseti ASÍ segir áhuga á evru vaxandi og útilokar ekki að launagreiðslur í evrum verði til umræðu í komandi kjaraviðræðum.

VINNUMARKAÐUR Tæplega fjögur hundruð starfsmenn Marel á Íslandi eiga kost á því að fá hluta launa sinna greiddan í evrum eða öðrum gjaldmiðli eftir tvo til þrjá mánuði. Guðmundur S. Guðmundsson, aðaltrúnaðarmaður hjá Marel, segir að samningur liggi fyrir en eftir sé að setja þak á það hversu stór hluti það getur verið og ganga frá tæknilegri útfærslu.

„Þetta er gert alfarið að frumkvæði trúnaðarráðs Marel og var orðað fyrst fyrir tveimur árum. Á þeim tímapunkti þótti þetta ekki æskilegt en hefur nú verið í undirbúningi í eitt ár og við erum komnir vel áleiðis. Ég geri ráð fyrir því að við getum komið þessu á koppinn á næstu tveimur til þremur mánuðum og að menn geti þá fengið hluta af launum sínum greiddan í erlendri mynt eða evrum," segir Guðmundur.

Guðmundur segir að starfsmennirnir hafi notið aðstoðar stéttarfélagsins VM og verið í samráði við starfsmenn ASÍ. „Eftir er tæknileg útfærsla á því hvernig launin verða reiknuð. Þetta er það stór hópur að það er ekki hægt að handreikna svona. Það þarf að vera til forrit sem getur gert þetta og við erum að vinna í því."

Ekki hefur verið kannað hversu stór hluti starfsmanna Marel hefur áhuga á að nýta sér þetta. Guðmundur segir að ekki viti margir af þessu en nú sé það farið að leka út og starfsmennirnir séu mjög hlynntir þessu. „Áhuginn er mjög mikill," segir hann og tekur fram að þetta verði kynnt vandlega fyrir starfsmönnum.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, segir að áhugi á evrum fari vaxandi. „Við heyrum þetta víðar en áður og félagar okkar hafa setið á fundum með forsvarsmönnum fyrirtækja til að skoða þetta. Nú erum við að fara inn í kjarasamninga og það kann vel að vera að þetta komi upp þar. Þetta er stöðugt að verða ágengara og ágengara."

- ghs

Kertaljósadýrð í rafmagnsleysi í uppsveitum Árnessýslu:

Byggðin ljómaði eins og jólatré

FÓLK Sumarhúsagestir í Úthlíð þurftu að láta sér nægja ljóstíru frá kertum í gærkvöldi þegar rafmagn fór af uppsveitum í Árnessýslu, meðal annars í Ölfusi og Bláskógabyggð.

„Byggðin ljómar eins og gamalt jólatré," sagði Björn Sigurðsson, bóndi í Úthlíð. „Það eiga nefnilega margir býsna miklar birgðir af þessum litlu ljósum í málmhylkjunum."

Sjálfur lenti Björn í stökustu vandræðum þegar kom að því að tendra ljós í myrkrinu. „Það er enginn reykingamaður á mínum bæ og ég ætlaði aldrei að geta fundið neitt til að kveikja á kertinu."

Hann segir þetta áminningu til fólks að vera ávallt viðbúið. „Því fljótt getur sól brugðið sumri, eins og Guð segir."

- sh

Samningur þjálfara knattspyrnulandsliðs karla verður ekki endurnýjaður:

Eyjólfur vildi halda áfram

FÓTBOLTI Stjórn Knattspyrnusambandsins ákvað í gær að endurnýja ekki samning við Eyjólf Sverrisson, þjálfara karlalandsliðsins. Samningur hans rennur út um mánaðamót en liðið leikur síðasta leik sinn í undankeppni Evrópumótsins í nóvember.

Eyjólfur vildi sjálfur halda áfram með liðið en stjórn Knattspyrnusambandsins hafði ekki áhuga á að njóta starfskrafta hans til langtíma. Geir Þorsteinsson formaður kveðst hafa viljað að Eyjólfur stýrði liðinu í lokaleik undankeppninnar en um það náðist ekki samkomulag. Óvíst er hver tekur við landsliðinu sem og hver stýrir því í nóvemberleiknum.

Landsliðið lék fyrsta leik sinn undir stjórn Eyjólfs í febrúarlok á síðasta ári og beið lægri hlut. Alls stýrði hann liðinu í fjórtán leikjum. Átta töpuðust, tveir unnust og fjórum lauk með jafntefli.

- óþ / sjá síðu 24

100 myndir á 2500 krónur í október
HANS PETERSEN
Engu gleymt í 100 ár

Herör gegn þvagláti utandyra:

Þvagi varpað aftur á söðana

PARÍS Yfirvöld í París kunna að hafa fundið leið til að koma í veg fyrir að karlmenn kasti af sér vatni á almannafæri. Þróaður hefur verið veggur sem gefur lítillega eftir við minnsta þrýsting og varpar þvaginu aftur á söðann sem losaði það. Dagblaðið London Telegraph greinir frá þessu. Prufuútgáfa hefur verið sett upp á fjölförnum stöðum í París og reynst vel.

Borgarstjóri Parísar hefur verið í herferð gegn þvagláti á almannafæri síðan heimsmeistaramótið í ruðningi var haldið í borginni á dögunum og fjöldi manna sást míga á vegg ráðhússins.

- sh

SPURNING DAGSINS

Hugi, var þetta prison-breikið ykkar?

„Já, við slógum í gegn á Iceland Hraunwaves.“

Hugi Garðarsson er söngvari hljómsveitarinnar Wulfgang, sem lék fyrir fanga á Litla-Hrauni á föstudag við gríðargóðar undirtektir.

Háteigskirkjusöfnuður leysir fjárhagsvanda með sölu lóðar undir sex íbúða hús:

Selja úr kirkjulóð fyrir orgel

FÉLAGSMÁL „Það er verið að selja þessa lóð til að fjármagna kaup á orgeli,“ segir Þórður Þórðarson, kirkjuvörður í Háteigskirkju.

Söfnuðurinn í Háteigskirkju hefur óskað eftir leyfi borgaryfirvalda til að skipuleggja lóð fyrir sex íbúða hús í norðvesturhorni kirkjulóðarinnar. Á sínum tíma var þar gert ráð fyrir prestsbústað sem aldrei var byggður.

Þórður segir að stefnt sé að því að kaupa orgel fyrir Háteigskirkju. Slíkt hljóðfæri kosti sennilegast um 50 milljónir króna. „Þetta er ekkert venjulegt kirkjuorgel heldur barokkorgel. Það sem kemst næst því er orgelið í Hallgrímskirkju,“ útskýrir Þórður.

Borgin hefur enn ekki gefið grænt ljós á nýju lóðina sem sóknarnefndin bindur vonir við að færi söfnuðnum svo mikið í aðra hönd að peningarnir slagi hátt upp í kostnaðinn við orgelið. „Við erum búin að vera í um fimm ár að safna í orgelsjóð og það gengur alveg rosalega hægt,“ segir Þórður. - gar

LÓÐ HÁTEIGSKIRKJU Söfnuðurinn vill selja hluta úr kirkjulóðinni undir lítið fjölbýlishús. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vildarbörn Icelandair:

Ferðastyrkir til fjörutíu barna

STYRKUR Fjörutíu börn fengu ferðastyrk frá Vildarbörnum Icelandair í gær. Styrkirnir eiga að gera börnunum kleift að komast í draumaferðina sína ásamt fjölskyldu og aðstoðarfólki. Áttatíu börn hafa þá hlotið slíkan styrk á árinu, en hann er veittur tvisvar á ári. Athöfnin fór fram í Víkingasal Hótel Loftleiða.

Vildarbörn Icelandair er ferðasjóður fyrir langveik börn og börn sem búa við sérstakar aðstæður. Sjóðurinn var stofnaður af Icelandair sumardaginn fyrsta árið 2003, og er verndari hans frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. - sþs

Yfirdýralæknir:

Má ekki vinna svínakjötið í Færeyjum

INNFLUTNINGUR Íslenskt innflutningsfyrirtæki hefur áhuga á því að flytja danskt svínakjöt til Færeyja, vinna úr því skinku þar og flytja skinkuna svo inn til Íslands og hefur þetta verið kannað hjá Landbúnaðarstofnun. Útilokað er að slíkur innflutningur geti átt sér stað.

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir að þær kjötvörur sem Íslendingar megi flytja inn skuli samkvæmt reglugerð koma úr afurðastöðvum sem séu viðurkenndar af Evrópusambandinu eða bandarískum yfirvöldum.

„Það er engin viðurkennd afurðastöð í Færeyjum sem hefur svona leyfi. Þar af leiðandi getum við ekki heimilað innflutning til Íslands með þessari millileið. Málið er einfalt, reglugerðin heimilar ekki innflutning á kjöti með þessari viðkomu,“ segir hann. - ghs

Útvarpsstjóra og Kastljósi stefnt:

Telja RÚV hafa meitt æru sína

FJÖLMIÐLAR Tengdadóttir og sonur Jónínu Bjartmarz, fyrrverandi umhverfisráðherra, hafa stefnt útvarpsstjóra og Kastljósi fyrir ærumeiðingar og brot á friðhelgi einkalífs. Þau Lucia Celeste Molina Sierra og Birnir Orri Pétursson vilja þrjár og hálfa milljón króna í bætur, eftir því sem kom fram í fréttatíma RÚV í gær.

Í stefnunni segir að látið hafi verið að því liggja í umfjöllun RÚV að umsókn Luciu um ríkisborgararétt hafi fengið sérmeðferð vegna tengsla við ráðherrann. Það hafi verið sérstaklega meiðandi fyrir hana og Birni. Kastljós hafi einnig brotið gegn friðhelgi hennar með því að birta umsókn hennar. - sþs

VERKINU HRAÐAÐ Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, ræddi um markmið skólans við brautskráningu í gær. MYND/KRISTINN INGVARSSON

Háskólinn færist fyrr í fremstu röð

Kristín Ingólfsdóttir háskólarektor telur að vinna þurfi hraðar að því að koma Háskóla Íslands í fremstu röð, gera þurfi skólann að alþjóðlegri stofnun, fá framúrskarandi erlenda vísindamenn og efla samstarf íslensku háskólanna.

MENNTAMÁL „Við verðum að vinna hraðar en við ætluðum okkur að því að koma Háskóla Íslands í fremstu röð háskóla. Þetta kann að hljóma djarft, en ég tel þetta brýnt. Ég er líka sannfærð um að til þess að þetta gangi eftir þurfum við að gera háskólann hratt að alþjóðlegri stofnun,“ sagði Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, við brautskráningarathöfn í gær.

Kristín rifjaði upp að fyrir tæpum tveimur árum hefði hún sett fram markmið um að koma Háskóla Íslands í hóp hundrað bestu háskóla í heiminum. Gerður hefði verið afkastatengdur samningur um viðbótarfé frá ríkinu. Á einu ári hefði vísindagreinum í alþjóðlegum vísindatímaritum fjölgað um átján prósent, doktorsnemar væru fleiri og skólinn hefði gert samstarfssamninga við marga af bestu háskólum í heimi. Mikilvægar skipulagsbreytingar hefðu verið gerðar og leitað væri til kennara skólans frá virtustu háskólum heims.

Kristín taldi brýnt að fá hingað til starfa framúrskarandi erlenda vísindamenn.

„Við þurfum líka að nýta enn betur þann ótrúlega styrk og þá möguleika sem felast í getu skólans til að ganga í vísindalegt bandalag með bestu háskólum í heimi,“ sagði hún og benti á nauðsyn þess að auka samvinnu íslenskra háskóla.

397 kandídatar brautskráðust frá Háskóla Íslands í gær og 70 kandídatar frá Kennaraháskóla Íslands. Í ræðu sinni gerði Ólafur Proppé rektor KHÍ sameiningu skólanna að umtalsefni. „Í sameinuðum háskóla verður væntanlega unnt að virkja enn betur en nú er gert sérfræðiþekkingu í báðum háskólum til að efla kennaramenntun fyrir öll skólastig.“

ghs@frettabladid.is

467 BRAUTSKRÁÐIR

Frá Háskóla Íslands brautskráðust 397 nemendur í gær; 268 úr grunnámi og 111 úr meistaranámi. Konur voru rúmlega 60 prósent grunnnema og tæplega 70 prósent framhaldsnema. Heildarfjöldi brautskráðra kandídata frá Háskóla Íslands á árinu er 1.774.
Frá Kennaraháskóla Íslands brautskráðust 70 kandídatar, 33 úr grunnnámi og 37 úr framhaldsnámi. Alls hafa 152 verið brautskráðir með meistaragráðu frá skólanum á árinu.

Allsherjarþing Ásatrúarfélags:

Tveir nýir voru kjörnir í stjórn

TRÚARBRÖGÐ Tveir nýir stjórnarmenn voru kjörnir í stjórn Ásatrúarfélagsins í gær. Óttar Óttarsson, fyrrverandi lögsögumaður, tók þar sæti, ásamt Öldu Völu Ásdísarsdóttur.

HILMAR ÖRN HILMARSSON

Tveir nýir varamenn voru jafnframt kjörnir í stjórnina; Lára Jóna Þorsteinsdóttir og Ólafur Sigurðsson.

Kosning fór fram á árlegu Allsherjarþingi og var það haldið á Hótel Sögu. Farið var yfir skýrslu stjórnar og nefnda, reikninga og fleira.

Um kvöldið var blótað vættum vetrarins og þær blíðkaðar, í tilefni fyrsta dags hans. - kóþ

KARL ÝMIR OG BANGSI Skemmtu sér vel á náttfötunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sinfóníuhljómsveit Íslands:

Á náttfötunum

TÓNLIST Hljóðfæraleikarar og flestir áheyrenda á hljómleikum Sinfóníunnar í gær klæddust náttfötum.

Þar með var hugmynd átta ára aðdáanda sveitarinnar hrint í framkvæmd.

Þorgeir Tryggvason kynningarfulltrúi sagði að tónleikarnir hefðu tekist vel og efnisskráin einkennst af draumkenndri, spennandi og svæfandi tónlist, í hæfilegum hlutföllum. - kóþ

Reykjavík 871 ±2
Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

Tvítugur maður deildi harkalega við aðra samkvæmisgesti á Akureyri:

Hnífamaður særði fimm

LÖGREGLUMÁL Fimm þurftu að fara á sjúkrahús í gærmorgun eftir að tvítugur maður réðst að þeim með eldhúshníf að vopni í samkvæmi á Akureyri.

Lögreglunni á Akureyri barst tilkynning klukkan hálf sjö í gærmorgun um að maður hefði verið stunginn með hníf í heimahúsi. Þegar hún kom á staðinn voru þar tveir með stungusár á öxl og þrír minna sárir. Þeir höfðu meiðst í átökum við manninn.

Mennirnir voru á aldrinum 17 til 23 ára. Þeir fóru allir á Sjúkrahús Akureyrar til aðhlynningar. Fjórir fengu að fara eftir skoðun en einn gekkst undir aðgerð í gær.

Lögregla fékk lýsingu á árásarmanninum, handtók hann skömmu síðar og yfirheyrði í gær. Maðurinn, sem hefur komið við sögu lögreglu áður, gekkst við verknaðinum. Aðdragandi árásarinnar er ekki ljós, en svo virðist sem deilur hafi sprottið upp milli samkvæmisgesta sem lyktaði með því að einn þeirra sótti hníf inn í eldhús og lagði til hinna.

Gunnar Jóhannsson rannsóknarlögreglumaður segir hnífinn ekki hafa verið ýkja stóran.

„En það er nú oft tilviljun sem ræður því hvernig áverkar hljótast af. Það þarf ekki endilega stóran hníf til að valda miklum skaða.“ - sh

LÖGREGLUSTÖÐIN Á AKUREYRI Maðurinn, sem hefur komið við sögu lögreglu áður, gekkst við verknaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

Blómstra saman

blómaval

HÚSASMIÐJAN

ÍSLENSKA SIA.IS HUS 39424 10/07

GENGIÐ 26.10.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	60,39	60,67
Sterlingspund	123,84	124,44
Evra	86,7	87,18
Dönsk króna	11,628	11,696
Norsk króna	11,236	11,302
Sænsk króna	9,421	9,477
Japanskt jen	0,5278	0,5308
SDR	94,57	95,13

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
116,0612
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan á Vestfjörðum lýsir eftir vitnum að slysinu á Holtavörðuheiði:

Konan liggur enn á gjörgæslu

SLYS Kona liggur enn á gjörgæslu eftir bílslysið á Holtavörðuheiði á föstudagskvöld.

Læknir á gjörgæsludeildinni sagði lífsmörk konunnar stöðug, en í gærkvöldi var ekki útséð með hvort hún þyrfti að fara í frekari aðgerðir.

Konan var á leiðinni suður með manni sínum þegar slysið varð og óku þau í pallbíl. Eftir slysið voru þau hjónin flutt á Landspítalann með þyrlu Landhelgisgæslunnar. Búið var að flytja manninn á almenna deild í gær.

Sú sem lést í bílslysinu var indversk og á sextugsaldri. Hún var á ferðalagi með tveimur samlöndum sínum á leiðinni norður heiðina og í fólksbíl.

Samlandar hennar voru fluttir eftir slysið með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnunina í Borgarnesi og voru meiðsl þeirra ekki talin alvarleg.

Færð var léleg þegar slysið varð, mikil hálka og snjókoma, og var alhvítt yfir. Í gær snjóaði enn á heiðinni og þurfti að moka til að halda veginum opnum.

Lögreglan á Vestfjörðum fer með rannsókn málsins og leitar hún vitna að slysinu. Þeir sem geta upplýst nokkuð um slysið eru beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 450 3730. - kóþ

Á HOLTAVÖRÐUHEIÐI Hálka hefur verið á heiðinni og þurfti að moka í gær. Lögregla biður alla vegfarendur að keyra varlega. MYND/GEIR A. GUÐSTEINSSON

Tekinn kófdrukkinn á bíl:

Sekt og svipting

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið sviptur ökurétti í tvö ár og dæmdur til að greiða 160 þúsund krónur í sekt fyrir ölvunarakstur. Héraðsdómur Suðurlands kvað upp dóminn.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa ekið kófdrukkinn frá stöðvarhúsinu við Nesjavallavirkjun út að Grafningsvegi efri þar sem lögreglan stöðvaði hann.

Í lögregluskýrslu kom fram að við hlið bílstjórasætis í bifreiðinni hefði verið opin og átekin vodkaflaska. Maðurinn kvaðst hafa gripið óátekna flösku með sér, eftir missætti í sumarbústað, lagt bílnum á rútustæði við Nesjavallavirkjun og sturtað í sig til að reyna að sofna í bílnum. - jss

FINGRAFARASKANNI Nýju japönsku reglurnar eiga einnig við um útlendinga sem koma inn í Bandaríkin. NORDICPHOTOS/AFP

Hertari reglur í Japan:

Fingraför tekin af útlendingum

JAPAN, AP Allir útlendingar sem koma til Japans verða frá og með 20. nóvember næstkomandi ljósmyndaðir og tekin af þeim fingraför við komu. Undanþegnir reglunum verða börn yngri en sextán ára, stjórnarerindrekar og fólk með ótímabundið dvalarleyfi.

Upplýsingarnar verða bornar saman við alþjóðlegar og japanskar skrár yfir grunaða hryðjuverka- og glæpamenn og verður fólki sem finnst þar á skrá vísað úr landi.

„Við vonum að kerfið haldi hryðjuverkamönnum frá landinu og veiti bæði Japönum og ferðamönnum hér hugarró," sagði Takumi Sato hjá útlendingastofnun Japans. - sdg

LEIÐRÉTT

Ringulreið í umræðu

Lokaorð vantaði á frétt á blaðsíðu 6 í gær þar sem Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar innflytjendarannsókna Reykjavíkurakademíunnar, ræddi um nauðsyn þess að hugtökin „integration" og „assimilation" yrðu þýdd rétt og að eining næðist um merkingu þeirra til að koma í veg fyrir þá ringulreið sem hefur ríkt í umræðunni.

Íbúar í Kaliforníu bölva sóti og ösku

Slökkviliðsmenn hafa náð tökum á stórum hluta skógareldanna í Kaliforníu. Fólk er farið að snúa aftur heim til sín, en öskuryk í loftinu veldur vandræðum. Vona bara að þetta sé búið, segir Íslendingur sem þurfti að yfirgefa heimili sitt.

BANDARÍKIN, AP Tekist hefur að ráða niðurlögum margra þeirra elda sem geisað hafa í Kaliforníu í Bandaríkjunum undanfarna daga. Margir þeirra sem þurftu að yfirgefa heimili sín hafa snúið aftur til síns heima. Sumir komu þó að rústum einum, því að minnsta kosti 1.800 heimili og aðrar byggingar eyðilögðust í eldinum.

Eftirköst eldanna valda fólki einnig erfiðleikum því magn sóts og ösku í loftinu er yfir hættumörkum í sumum hlutum ríkisins. Loftið í San Diego-sýslu er sérlega slæmt, en þar gekk verr að halda eldunum niðri en annars staðar.

Íbúar á þeim svæðum þar sem loftið er verst eru beðnir um að forðast það að reyna mikið á sig. Einnig var mælst til þess að börn og fólk sem á við öndunarerfiðleika að stríða héldi sig innandyra. Á gervihnattamyndum sést hvernig stórt reykjarský liggur yfir nær öllu svæðinu þar sem eldar brunnu.

Í það minnsta fjórtán hafa látist af völdum eldanna, og yfir hálf milljón manns hefur þurft að yfirgefa heimili sín. „Við munum hjálpa ykkur að slökkva eldana, að komast í gegnum þetta, og að endurbyggja líf ykkar," sagði George Bush Bandaríkjaforseti í ávarpi sínu til þjóðarinnar í gær. Skemmdir af völdum eldanna eru metnar á yfir sextíu milljarða króna.

Jóna Valdez, einn Íslendinga á svæðinu sem þurftu að yfirgefa heimili sín vegna eldanna, var komin heim þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. Hún fór ásamt eiginmanni sínum og þremur börnum heim til Rancho Penasquitos á fimmtudag eftir að nágranni þeirra hafði lýst fyrir þeim aðstæðum.

„Hverfið okkar slapp sem betur fer en það er mikið öskuryk í grasinu og á jörðinni; börnin geta ekki enn farið út að leika sér. Loftið er samt ágætt hjá okkur, við erum það nálægt sjónum að við fáum sjávarrakann til okkar."

Jóna segir vissulega hafa verið erfitt að yfirgefa heimili sitt ásamt eiginmanni og þremur börnum, en það hafi ekki verið hennar fyrsta skipti. „Ég ólst upp á Patreksfirði og ég veit ekki hversu oft ég hef þurft að yfirgefa húsið mitt vegna snjóflóðahættu. Þetta var ekkert nýtt fyrir mér, en ég vona bara að þetta sé búið."

salvar@frettabladid.is

REYKJARMÖKKUR Slökkviliðsmenn fylgjast með skógareldi í Silverado-gili í Kaliforníu. Magn sóts og ösku í loftinu er komið yfir hættumörk á sumum svæðum þar sem eldar voru. Fólk er beðið um að halda sig innandyra. MYND/AFP

Eftirlýstur auðjöfur í Finnlandi:

Talinn stunda vopnasmygl

FINNLAND Talið er að vopnum sé smyglað gegnum alþjóðaflugvöllinn í Vantaa í Finnlandi. Vélar rússneska auðjöfursins Viktor Bout hafa lent 76 sinnum á flugvöllum í Finnlandi án athugasemda af hálfu finnskra yfirvalda. Finnska dagblaðið Hufvudstadsbladet greinir frá.

Bout er eftirlýstur af Interpol en flugfélag hans flýgur meðal annars fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Vélar hans fá að lenda í Finnlandi ef öll leyfi og öryggismál eru í lagi. Bout hefur hafnað ásökunum um að stunda vopnaviðskipti. - ghs

AIRBUS A380-RISAÞOTA Kostar tæpa 19,4 milljarða og umbreyting er talin geta kostað á bilinu þrjá til níu milljarða aukalega. NORDICPHOTOS/AFP

Háloftalúxus í 560 tonna vél:

Risaþota til einkanota

BELGÍA, AP Tvö fyrirtæki hafa tilkynnt áætlanir um að umbreyta nýju Airbus A380 risaþotunni í einkaþotur aðeins degi eftir að slík þota í eigu Singapore Airlines flaug sitt fyrsta áætlunarflug.

Svefnherbergi, kvikmyndasalur, líkamsræktarsalur með gufubaði og nuddpottum verða meðal þæginda í einkaþotunni og er milljarðamæringurinn Roman Abramovich sagður þegar hafa lagt inn pöntun fyrir slíkri.

Kaup á einkaþotum færast sífellt í aukana og er áætlað að um þúsund einkaþotur verði afhentar á árinu 2007. - sdg

Fundarlaun 25.000 kr.

Tvö af fjórum skiltum við nýja bensínstöð Atlantsolíu við Aktu Taktu Skúlagötu hurfu af plani stöðvarinnar fyrir skömmu.

Dælulykill með 25.000 króna inneign er til handa þeim sem vísað getur á skiltin.

Upplýsingar sendist til:
hugi@atlantsolia.is eða í síma 591-3100.

Ef fleiri en ein rétt ábending berst verður einn heppinn dreginn út.

Sími **591 3100** - www.atlantsolia.is

ATLANTSOLÍA

PIPAR • SÍA • 72120

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

KOLNANDI VEÐUR

Sé horft yfir kortin í dag og næstu daga má greina dálítinn frostakafla. Í dag verður hiti nálægt frostmarki en heldur herðir svo frostið í nótt og á morgun. Má búast við éljagangi af og til á Norðurlandi næstu daga og á morgun gæti orðið nokkuð samfelld snjókoma í höfuðborginni. Já, það er bót í máli að vindar eru frekar rólegir.

REYKJAVÍK Í DAG

Hæg norðanátt. Skýjað með köflum og hætt við stöku éljum, einkum fyrir hádegi. Hiti um frostmark.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun





8–13 m/s með ströndum sunnan og vestan til, annars hæglætisveður.

Kaupmannahöfn	10°C léttskýjað	London	16°C rigning	Friedrichshafen	13°C léttskýjað
Billund	12°C skúrir	París	15°C skúrir	Lúxemborg	13°C skýjað
Osló	10°C rigning	Amsterdam	14°C skúrir	Alicante	19°C skúrir
Stokkhólmur	10°C skúrir	Frankfurt	13°C léttskýjað	Róm	21°C léttskýjað
Gautaborg	12°C skúrir	Berlín	13°C skúrir	Las Palmas	24°C skúr

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.volkswagen.is

Gæði og glæsileiki Volkswagen Passat er orðinn vel þekktur en þróunin heldur áfram. Nú bjóðum við Passat Comfortline með veglegum aukabúnaði:

- **16" álfelgur • Hraðastillir • Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan**
- **Leðurklætt stýri • Hiti í framsætum • Aðkomuljós**

Volkswagen Passat er grænn bíll

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1048

KJÖRKASSINN

Finnst þér orðið negri neikvætt?

Já 33%

Nei 67%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Átt þú hlutabréf?

Segðu skoðun þína á visir.is

Lögreglumenn klæðast nýjum einkennisbúningi um næstu mánaðamót:

Búningur að breskri fyrirmynd

LÖGREGLUMÁL Nýr einkennisbúningur lögreglunnar verður formlega tekinn í notkun 1. nóvember. Embætti ríkislögreglustjóra hefur unnið að breytingum á búningum lögreglunnar í um tvö ár, með þátttöku og í samstarfi við fjölmarga aðila. Markmiðið með breytingunum er öruggari og þægilegri vinnufatnaður sem mætir þörfum lögreglunnar.

Upphaflega stóð til að nýr einkennisfatnaður lögreglu yrði tekinn í notkun í upphafi árs 2007, en vegna ýmissa ytri aðstæðna hefur verið verulegur dráttur á afhendingu frá birgjum, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Þær tafir leiddu til þess að eldri búningur er ófáanlegur og einhverjir lögreglumenn hafa því þurft að taka nýja búninginn í notkun fyrir mánaðamót. Þeim er það heimilt þar sem aðrir kostir eru ekki fyrir hendi, samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra.

Öryggi lögreglumanna var haft að leiðarljósi við efnisval búninganna. Sem dæmi má nefna að hluti vinnufatnaðarins er úr eldtefjandi NOMEX-efni. Þá eiga hanskar að veita viðnám gagnvart stungum af sprautunálum.

NÝI OG GAMLI Meðal nýjunga er tíglótt endurskin að breskri fyrirmynd á buxum, jökkum og húfum. Þá verða skyrtur svartar í stað blárra áður. Hátíðarbúningur lögreglu breytist ekki.

Stjórn BSRB um orkumarkað:

Samruni ógiltur

ORKUMÁL Stjórn BSRB skorar á borgaryfirvöld að ógilda samninga um sameiningu Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy. Þá er þess krafist að hætt verði við áform um hlutafélagsvæðingu Orkuveitu Reykjavíkur og kallað eftir lagabreytingu sem komi í veg fyrir að einkaaðilar eignist náttúruauðlindir.

Stjórnin varar við að „sú framvinda mála, sem orðið hefur innan OR og þær hræringar sem af henni hafa leitt á sviði stjórnmála, verði til þess að skyndiákvörðun verði tekin gegn útrásarmöguleikum dótturfyrirtækja í eigu OR. Er bent á að Sameinuðu þjóðirnar hvetja til samstarfs opinberra veitufyrirtækja.“ - ghs

Félag ungra frjálslyndra:

Vilja setja kvóta á fjölda nýbúa

STJÓRNMÁL Félag ungra frjálslyndra vill setja árskvóta á fjölda nýbúa sem flytjast til Íslands. Árskvótinn skuli miðast við getu og vilja þjóðarinnar til mannfjölgunar, segir í ályktun félagsins.

Viðar Helgi Guðjohnsen formaður segir óhindrað flæði innflytjenda ekki gott fyrir jafn fámenna þjóð og Ísland. „Það þýðir ekki að reyna að slá á þenslu með því að flytja inn vinnuafl, og meðan allt er opið getur það endað með ósköpum,“ segir hann. „Stórfyrirtækin virðast stýra þessu en ekki stjórnmálamennirnir, og það er leiðinlegt að sjá.“ - sþs

Á HREFNUVEIÐUM Atvinnuveiðum hefur verið hætt og 23 dýr eftir af kvóta.

Allt hrefnukjötið verið selt:

Hrefnuveiðivertíðinni lokið

SJÁVARÚTVEGUR Atvinnuveiðum á hrefnu er lokið árið 2007. Félag hrefnuveiðimanna fékk framlengingu á kvóta til atvinnuveiða til 1. nóvember næstkomandi og á eftir af honum 23 dýr. Veður hefur ekki boðið upp á veiðar að undanförnu og bátar hrefnuveiðimanna nýttir til annarra veiða.

Tímabilið hefur gengið vel að mati hrefnuveiðimanna og sala á hrefnukjöti ekki verið meiri síðan hrefnuveiðar hófust aftur árið 2003. Allt það kjöt sem kom af þeim 45 dýrum sem veidd voru 2007 er selt. - shá

SIGHVATUR BJARNASON Skipið kom drekkhlaðið af síld til Eyja í gær. Áhöfnin náði um 900 tonnum í þremur köstum og var sólarhring á leið í land. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Fyrsta síld haustsins kom til Eyja í gær

Sighvatur Bjarnason VE-81 veiddi um 900 tonn af síld inni í Grundarfirði á föstudaginn og byrjaði að landa henni í gær í Vestmannaeyjum. Skipstjórinn segir óvenjulegt að sjá síldina á þessum slóðum. Aflinn sé „prýðisgóð millisíld“.

VESTMANNAEYJAR Fyrsta síld haustsins kom til Vestmannaeyja í gær með Sighvati Bjarnasyni VE-81. Skipið kom með rúm níu hundruð tonn sem fengust í þremur köstum á föstudaginn. Sighvatur fiskaði við Grundarfjörð.

Jón Norðfjörð skipstjóri segir ferðina frá Grundarfirði til Eyja yfirleitt vera um fjórtán tíma stím. Sökum leiðindaveðurs hafi þeir hins vegar mátt sigla í sólarhring.

„En ég held það sé nú allt í lagi með fiskinn og við erum að taka hann upp núna.

Hann segir undarlegt að sjá fiskinn langt inni í Grundarfirði, hann hafi veitt í mörg ár en ekki þarna. „Þetta er ekkert venjulegt, ég hef aldrei séð hann áður svona inni í firðinum. Ég veit ekki til þess að menn hafi verið að veiða þarna fyrr en í fyrravetur. Þetta er einhver alveg ný staða,“ segir hann.

Jón vill ekki giska á hverju sæti að síldin sé á þessum slóðum, en dettur helst í hug að hitastig sjávar hafi rekið hana þangað.

„En hún er svo skrýtin þessi síld, hún fer sínar eigin leiðir og tekur alls kyns útúrdúra!“

Afli helgarinnar er, að mati Jóns, „prýðisgóð millisíld. Hún er nú ekki stórsíld eins og sú norska, en þetta er svona 250 til 300 gramma síld.“

JÓN NORÐFJÖRÐ SKIPSTJÓRI

Á Sighvati Bjarnasyni eru þrettán menn í áhöfn og verða þeir í landi fram á mánudag, þegar búið verður að landa.

„Já, við löndum og förum svo aftur að leita að síld. Ég veit ekki hvort við förum aftur til Grundarfjarðar en það er búið að spá góðu veðri þannig að við leitum líklega eitthvað í kringum Vestmannaeyjar líka.“

Nokkur loðnu- og kolmunnaskip hafi verið að veiðum í Grundarfirði í gær og þokkalegt veður þar.

klemens@frettabladid.is

Brotist inn í miðborginni:

Blóðugar hendur eftir innbrot

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í fataverslun við Laugaveg 29 snemma á föstudagsmorgun. Stuttu síðar var karlmaður handtekinn á Skólavörðustíg við annað innbrot, þá inn á kaffihús. Innbrotin eru talin tengjast.

Þegar maðurinn fannst var hann blóðugur á höndum, líklega eftir rúðurnar sem hann braut, að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þjófurinn var í annarlegu ástandi en reyndist ekki hafa gripið mikið góss. Var hann færður í fangageymslu þar sem hann svaf úr sér vímuna áður en hann var yfirheyrður. - eb

LAUGAVEGUR 29 Sami maður er talinn hafa brotist inn á tveimur stöðum.

REYKJAVÍK

Nýtt hús við Domus Medica

Heilsuverndarstöðin ehf. og Domus Medica hafa sótt um leyfi til að byggja sex hæða hús ásamt þriggja hæða bílakjallara við hlið Domus Medica. Málið er til skoðunar hjá skipulagsfulltrúa.

NEYTENDUR

ÁTVR lætur innkalla rauðvín

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Vífilfell hafa látið innkalla rauðvín af tegundinni Amalaya de Colomé 2005 vegna þess að glerbrot fannst í einni flösku. Þeir sem eiga flösku af þessari tegund eru beðnir um að skila henni í næstu vínbúð og fá endurgreitt.

TAX FREE DAGAR

Dagana 26.-28. október
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa þrjá daga.

Fatnaður á alla fjölskylduna!

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 28. október 2007.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðskiptaráðherra boðar breytingar.

Loksins einhver neytendapólitík

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Nú í vikunni kynnti Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra nýjar áherslur í neytendamálum. Það hefur verið óljóst hvar neytendamál hafa átt lögheimili milli ráðuneyta og þar sem fáir ráðherrar hafa tekið þann málaflokk upp á sinn arm, hafa neytendamálin verið olnbogabarn í fjölskyldu ráðuneyta. Á meðan viðskiptaráðuneytið var enn í staðfestri sambúð með iðnaðarráðuneytinu voru deilur um álver og virkjanir það sem öllu réði. Sú ímynd sem viðskiptaráðuneytið hafði, fyrir utan að vera það lítið ráðuneyti að enginn skildi af hverju það þyrfti heilan ráðherra í núverandi ríkisstjórn, var frekar að auðvelda viðskipti en að vera ráðuneyti neytendamála.

Því skal fagna að einhver ráðherra skuli taka olnbogabarnið upp á arma sína og ætlar að verja neytendur, til dæmis í viðskiptum sínum við banka og lánastofnanir. Hún er velþekkt sú hvimleiða staðreynd að neytendavitund er allt of lítil hér á landi. Ekki bætir úr skák þegar samningsstaða hvers einstaklings gagnvart bankanum sínum er lítil sem engin, þá þarf sérstaklega að verja stöðu þeirra. Starfshópur viðskiptaráðherra á að gera úttekt á lagaumhverfi bankaþjónustunnar til þess að rukka fyrir þjónustu og vonandi leiðir það til einhverra breytinga. Sem neytendur getum við kvartað undan því að vera rukkuð í hvert sinn sem við greiðum fyrir vörur og þjónustu með kortinu okkar. Að snúa viðskiptum okkar eitthvert annað er varla raunhæfur möguleiki á meðan allir bankarnir sameinast um að rukka fyrir sömu þjónustuna.

Annað sem á réttilega að skoða er hvort réttmætt sé að rukka fólk sérstaklega með seðilgjöldum fyrir að fá reikninga senda til sín. Þetta er gjald sem ekki er hægt að semja sig frá, einungis er hægt að lækka þau aðeins með því að velja að fá rafrænan seðil sendan beint í heimabankann og greiða þá eitthvert umsýslugjald í staðinn. Með þessu eru bankarnir að ýta fólki í beingreiðslur, þar sem það missir val yfir því hvort og hvenær reikningar eru borgaðir, auk þess sem fólk hefur kvartað undan því að neytendavitundin og yfirsýnin yfir það hvað er verið að borga í formi höfuðstóls, vaxta og verðbóta minnkar.

Þriðja atriðið sem á að skoða er afnám stimpilgjalda, vörugjalda og uppgreiðslugjalda. Þetta kemur þó væntanlega ekki til fyrr en einhver ró hefur komist á húsnæðismarkaðinn til að auka ekki á þensluna sem þar ríkir og gera vont ástand verra. Uppgreiðslugjöldin hafa komið mörgum neytendum spánskt fyrir sjónir; að þurfa að borga sérstaklega fyrir að fá að borga upp lán fyrr en til stóð. Það gjald ætti að vera hægt að leggja niður hið fyrsta. Þeir sem kynnt sér hafa húsnæðislán þekkja eflaust að boðið er upp á lán án uppgreiðslugjalda, sem bera þá hærri vexti. Viðbrögð lánastofnana verða því væntanlega þau að hækka almenna vexti á húsnæðislánum til að bregðast við því að fá ekki lengur að rukka uppgreiðslugjöld. Niðurstaðan af því yrði því ekki, líkt og með niðurfellingu stimpilgjalda, að auka þenslu á húsnæðismarkaði.

Starfshópur viðskiptaráðherra hefur ekki langan tíma til að vinna sín störf. Honum er ætlað að skila inn skýrslu og jafnvel drögum að lagafrumvarpi fyrir árslok. Því gæti staða neytenda orðin mun skýrari og öflugri á vormánuðum næsta árs.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rétttrúnaðurinn

Sjálfsskipaðir verndarar prentfrelsis og svarnir andstæðingar dauðhreinsunar hvers konar fara stundum þá leið í baráttu sinni að bíta hugtök á háls og sjúga úr þeim alla merkingu. Sem dæmi má nefna „pólítískan rétttrúnað“, eitt áhrifaríkasta lagvopn samræðulistarinnar undanfarin ár. Því er iðulega beitt til að stinga á hol viðhorf í þá átt að taka skuli tillit til ólíkra sjónarmiða og er hentugt að því leyti að því fylgir sjaldnast frekari rökstuðningur.

Fávitahælið

Nú er þeim borinn pólitískur rétttrúnaður á brýn sem þykir í ljósi tíðarandans óþægilegt að lesa bókina Negrastrákarnir fyrir börnin sín. Gott ef þetta fólk aðhyllist ekki bókabrennur. Þeim til háðungar dregur Egill Helgason saman á heimasíðu sinni lista yfir barnabækur sem þarf að banna og er allt smátt talið til. Minna má á að allt til ársins 1977 var rekin í Kópavogi stofnun sem bar heitið Fávitahæli ríkisins en var þá breytt í Kópavogshæli. Ætli þar hafi ekki hinn ægilegi pólitíski rétttrúnaður verið að verki?

Óðfluga dægurfluga

DV sagði frá því á dögunum að öndvegisskáldinu Þórarni Eldjárn hefði hlotnast sá heiður að vera valinn borgarlistamaður, allt þar til Vilhjálmi Vilhjálmssyni snerist hugur og sæmdi Ragga Bjarna nafnbótinni í staðinn. Það var víst Kjartan Magnússon borgarfulltrúi sem hringdi í Þórarin og tilkynnti honum um upphefðina sem ekkert varð úr. Nú er sagt að skáldið rauli fyrir munni sér: „Vert'ekki að hringja svona alltaf í mig / ef þú meinar ekki neitt með því.“

bergsteinn@frettabladid.is

BITBEIN Svandís Svavarsdóttir spyr:

Á að setja reglur um kynlífskaup embættismanna á vegum hins opinbera?

ILLUGI GUNNARSSON

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Ríkisstýrt siðferði er siðleysi

Lög eiga að vera einföld og skýr og kveða á um þau lágmarksskilyrði sem við setjum hvert öðru um hegðan. Lög eru nauðsynleg til þess að mannlegt samfélag fái þrifist en við setjum ekki lög og reglur um alla mannlega hegðan. Við göngumst undir það, að hvert og eitt okkar geti hagað sínu lífi að vild, svo fremi sem lögum sé fylgt. Okkur kann til að mynda að þykja ýmis hegðan ósiðleg eða óheppileg, en við bönnum hana ekki nema ríkir almannahagsmunir séu í húfi. Jafnframt er það svo að það sem einum kann að þykja siðlegt kann öðrum að þykja ósiðlegt. Verkefni löggjafans er því að mínu mati ekki það að hafa vit fyrir fólki eða stýra hugmyndum þess um siðferði. Siðferði tökum við í arf frá gengnum kynslóðum, frá trúarbrögðum og tíðaranda, reynslu okkar sjálfra og samferðamanna okkar. Viðmið samfélagsins og þar með ríkjandi siðferðisviðhorf mótast hjá þjóðinni en ekki hjá fámennum hópi á alþingi eða hjá embættismönnum

Frelsi og ábyrgð

Frelsi fylgir ábyrgð og þessi tvö hugtök verða ekki skilin í sundur. Við berum ábyrgð, hvert og eitt á okkar eigin siðferði um leið og við erum frjáls til að velja og hafna í þeim efnum. Vandinn við siðferði sem er reglubundið og kemur að ofan frá yfirvaldinu felst í því að þar með hefur löggjafinn ákveðið hvað er siðlegt og hvað ekki og um leið er búið að taka ábyrgðina frá fólkinu. Í stað þess að við spyrjum hvert og eitt hvað sé siðlegt og hvað sé rétt og berum ábyrgð á hegðan okkar, þá spyrjum við „hver er reglan, hver eru fyrirmælin“, Þar með felst siðferðið í því að hlýta reglunum og sú hegðan talin siðleg sem rammast innan þeirra. Ríkisstýrt siðferði er besta leiðin til að gera samfélag siðlaust.

Lestir eru ekki glæpir

Við getum öll verið sammála um að vændi er ekki æskileg starfsemi í samfélaginu og flest erum við þeirrar skoðunar að hún sé ósiðleg. Við eigum þó að fara varlega í að dæma í siðferðismálum, steinar eiga það til að brjóta glerhús. Lestir eru ekki glæpir og því er það svo að á meðan til dæmis vændi er ekki ólöglegt hlýtur afstaða okkar til þess að byggja á siðferðislegum grunni. Sá grunnur er okkar allra að byggja, okkar að meta og okkar að bera ábyrgð á.

Við eigum að gera þá kröfu til starfsmanna ríkisins að þeir hlýti í einu og öllu þeim lögum og reglum sem gilda hér á landi og í þeim löndum sem þeir heimsækja starfa sinna vegna. Það er marklaust að ætla að gera einhverjar sérstakar siðferðiskröfur til opinberra starfsmanna umfram þær sem við gerum til annarra þjóðfélagsþegna.

Virðing fyrir manneskjum

Auðvitað væri best ef slíkar reglur væru óþarfar. Að embættismenn á vegum hins opinbera hefðu þá sannfæringu allir sem einn að kaup og sala á líkama kvenna sé niðurlægjandi, bæði fyrir kaupandann og seljandann. Niðurstöður rannsókna á vændi og mansali benda þó til þess að kaupendur vændis séu karlar á öllum aldri og í öllum stéttum. Líklegt verður að teljast að siðareglur á vegum hins opinbera myndu draga úr slíkum viðskiptum.

Órjúfanlegt samhengi

Rannsóknir og reynsla innan kynjafræðinnar leiðir í ljós órjúfanlegt samhengi milli kláms, vændis og annars kynferðislegs ofbeldis. Enginn á að þurfa að taka þátt í kynferðislegum athöfnum gegn vilja sínum. Einstaklingur sem starfar í vændi gegn vilja sínum eða af illri nauðsyn er því beittur kynferðislegu ofbeldi.

Þó að ekki sé hægt að útiloka að einhverjar konur selji sig vegna áhuga fyrir því starfi og hafi af því ánægju, er ljóst að meirihluti þeirra kvenna sem vinna í klámiðnaði og vændi hefur ekki raunverulegt val um annað. Vændi er því samfélagsmein, byggt á misnotkun á bágri stöðu þeirra sem út í það leiðast.

Skýr skilaboð

Allt fram á síðustu misseri hefur viðfangsefni stjórnvalda verið seljendur þess, vændiskonurnar sjálfar. Öll vitum við þó að eftirspurn er forsenda framboðs í viðskiptum og því hafa sérfræðingar á þessu sviði beint sjónum sínum í auknum mæli að viðskiptavinum vændiskvennanna. Eigi að draga úr vændi í heiminum verður að draga úr eftirspurninni með því að færa fókusinn á þá sem raunverulega bera ábyrgð á vændinu.

Þær siðareglur sem hér um ræðir yrðu ekki einvörðungu til þess að koma í veg fyrir kaup embættismanna á kynlífsþjónustu, heldur væru þær skýr skilaboð út í samfélagið um að yfirvöld samþykki ekki kaup og sölu á kvenlíkamanum. Slík skilaboð hafa áhrif á viðhorf og gildi í samfélaginu almennt og gætu orðið öðrum til eftirbreytni.

Baráttunni fylgt eftir

Með undirritun Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin skuldbundið sig til að gera allt sem í hennar valdi stendur til að vinna gegn mansali. Fyrsta skrefið í að standa við þær skuldbindingar er að tryggja að á hennar vegum sé ekki brotið í bága við þær. Í framhaldinu er svo mikilvægt að unnin verði áætlun gegn mansali og henni fylgt eftir.

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið

HEILSÁRSDEKK

	Stærð	Mál	útsöluverð
NordMaster ST	13”	175/70R13	5.990
NordMaster ST-310	14”	175/R6514	6.600
NordMaster ST	14”	185/65R14	6.900
NordMaster ST	15”	195/65R15	7.990
NordMaster ST	15”	205/65R15	8.600
NordMaster ST	15”	205/70R15	8.900
NordMaster ST-310	16”	205/55R16	9.990

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavik | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

JULIA ROBERTS ER FERTUG Í DAG

„Þú veist að þú elskar einhvern í raun og veru þegar þú óskar þess að viðkomandi sé hamingjusamur jafnvel þó að þú sért ekki hluti af hamingju hans.“

Leikkonan Julia Roberts hefur leikið í mörgum rómantískum gamanmyndum og má þar nefna Pretty Woman, Notting Hill og My Best Friend's Wedding.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2005

Zorro frumsýnd á Íslandi

Kvikmyndin The Legend of Zorro var frumsýnd á Íslandi á þessum degi árið 2005, en þar er á ferðinni framhald myndarinnar The Mask of Zorro frá árinu 1998.

Framhaldsmyndin gerist nokkrum árum eftir þá fyrri og hefst þar sem Alejandro (Antonio Banderas) og Elena (Catherine Zeta-Jones) hafa gengið í það heilaga og eignast son. Þegar hætta steðjar að íbúum Kaliforníu stendur Alejandro frammi fyrir því að þurfa að velja á milli fjölskyldulífsins eða bregða sér í hlutverk bjargvættarins Zorro.

Miklar væntingar voru gerðar til myndarinnar enda naut forverinn mikilla vinsælda á sínum tíma og átti meðal annars sinn þátt í að skjóta leikkonunni Zeta-Jones upp á stjörnuhimininn.

Í stuttu máli sagt urðu þær væntingar að engu þar sem aðsóknin á þessa mynd varð mun dræmari en á forverann og dómar langt í frá eins góðir. Vonbrigðin urðu ekki síst mikil fyrir aðalleikara myndarinnar, sem höfðu hlakkað til að endurtaka hlutverk sín, en höfðu ekki erindi sem erfiði meðal annars vegna slaks handrits.

Þótt The Legend of Zorro sé kannski langt í frá að vera alslæm mynd verður hennar sjálfsagt ekki minnst sem hápunkts á ferli neins sem að gerð hennar kom.

MERKISATBURÐIR

1538 Fyrsti háskólinn í Vesturheimi, Háskóli heilags Tómasar frá Aquino, er stofnaður.

1780 Reynistaðabræður leggja af stað norður Kjöl úr Árnessýslu og farast ásamt föruneyti.

1848 Fyrsta járnbrautin á Spáni, milli Barcelona og Mataró, er opnuð.

1848 Dómkirkjan í Reykjavík er vígð eftir endurbyggingu.

1981 Fyrsta aflvél Hrauneyjarfossvirkjunar í Tungnaá er sett af stað.

1985 Mikhaíl Gorbatsjov verður aðalritari Kommúnistaflokks Sovétríkjanna.

1987 Fyrst þátturinn af Á tali hjá Hemma Gunn er sýndur í sjónvarpinu.

AFMÆLI

LEIKARINN JOAQUIN PHOENIX er 33 ára í dag.

TÆKNIMÓGÚLLINN BILL GATES er 52 ára í dag.

Logos hundrað ára

LOGOS lögmannaþjónusta hélt upp á hundrað ára óslitna lögmannsþjónustu síðastliðinn föstudag.

Saga LOGOS teygir sig aftur til ársins 1907 þegar Sveinn Björnsson, sem síðar varð fyrsti forseti Íslands, opnaði fyrstu málflutningsskrifstofu landsins.

LOGOS einbeitir sér að alhliða þjónustu fyrir viðskiptalífið og er stærsta lögmannsstofa á landinu.

Stofan heldur til í Efstaleiti 5 í Reykjavík og er einnig með útibú í London.

ÓSLITIÐ STARF Í HEILA ÖLD Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, átti frumkvæðið að fyrstu málflutningsskrifstofu landsins.

†

Hjartans þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónu Fanneyjar Gunnarsdóttur

kjólameistara, Bólstaðarhlíð 41.

Jón Helgason
Gunnar Helgason
Sigríður Halldórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Salóme H. Magnúsdóttir
Inga Arndís Ólafsdóttir
Þorbjörn Gíslason

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru,

Kristínar Eggertsdóttur,

Búhamri 21 í Vestmannaeyjum.

Enn fremur þökkum við stuðning við hana í veikindum hennar og þá ómetanlegu vináttu sem hún fann fyrir. Guð blessi ykkur öll.

Jósúa Steinar Óskarsson
Steinunn Ásta Jósúadóttir
Ásmundur Kristberg Örnólfsson
Óskar Jósúason
Guðbjörg Guðmannsdóttir
Ragnheiður Ásmundardóttir og Nikulás Ásmundarson.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



NÝJA BIBLÍAN KYNNT FYRIR ÆSKULÝÐNUM Miðborgarpresturinn Þorvaldur Víðisson, sem er einnig formaður stjórnar Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar, stendur fyrir B+ verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SÉRA ÞORVALDUR VÍÐISSON: B+ VERKEFNI ÆSKULÝÐSSAMBANDSINS

Nýja Biblían lesin á viku

Hið íslenska Biblíufélag og Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar standa fyrir verkefninu B+, sem felur það í sér að ungt fólk í kirkjum landsins ætlar að lesa hina nýju útgáfu Biblíunnar í heild sinni næstu vikuna.

Séra Þorvaldur Víðisson, miðborgarprestur og formaður Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar, er í forsvari fyrir verkefnið sem hefst í dag og lýkur 4. nóvember. „Við erum búin að skipta hinni nýju þýðingu upp í 28 hluta og hver hópur tekur að sér einn til þrjá hluta, eftir því hvað reiknað er með að lesa lengi,“ segir Þorvaldur og bætir við að hóparnir geti valið sér að lesa meira ef vilji sé fyrir því.

„Hóparnir sem lesa eru í Dómkirkjunni, á Vopnafirði, í Vestmannaeyjum, á Akureyri, Hvammstanga, í Kópavogi og víðar um landið en einnig er líklegt að KFUM verði með þannig að þetta eru æskulýðsfélög kirkjunnar á ýmsum vettvangi sem taka þátt í þessu verkefni,“ segir Þorvaldur. „Það er hverjum hópi í sjálfsvald sett hvernig útfærslan verður á lestrinum en að öllum líkindum verður það þannig á flestum stöðum að það verður einn að lesa í einu og krakkarnir skiptast á. Það er ekkert sem mælir gegn því að lestur fari fram í kirkju og safnaðarheimili á sama tíma, jafnvel úti á götu eða í verslunarmiðstöðinni eða hvar sem fólk fær inni og hefur áhuga á. Aðalatriðið er að hver hópur tryggi að sá hluti Biblíunnar sem hann tekur að sér verði lesinn.“

Jafnhliða B+ verkefninu stendur til að safna nýjum félögum í Hið íslenska Biblíufélag og tekið verður við skráningu þar um meðan á lestrinum stendur. „Við ætlum að kynna Biblíufélagið í leiðinni en það er elsta starfandi félag á Íslandi, stofnað árið 1815,“ segir Þorvaldur og útskýrir stuttlega markmið félagsins. „Markmiðið er að vinna að aukinni notkun og útbreiðslu Biblíunnar. Félagið er aðili að Sameinuðu Biblíufélögunum sem eru alþjóðasamtök Biblíufélaga, en þau eru 140 að tölu, og það tekur þátt í starfi þess á alþjóðavettvangi,“ segir Þorvaldur. „Það er mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins að halda safnanir til verkefna Biblíufélaga í fátækari löndum heimsins við þýðingar og útbreiðslu Biblíunnar þar. Hún hefur þegar verið þýdd á 2.000 tungumál en talið er að töluð séu um 6.000 tungumál í heiminum í dag. Biblíufélagið vill, með aðstoð félagsmanna sinna og stuðningsaðila, leggja sitt af mörkum til að sem flestir geti notið boðskapar Biblíunnar á sínu eigin tungumáli.“

Þorvaldur segir heilmikinn áhuga á verkefninu meðal æskulýðsfélaganna. „Til dæmis veit ég að á einum stað stendur til að hafa maraþon yfir heila nótt. Þau ætla að mæta í kirkjuna eða safnaðarheimilið að kvöldi og lesa nánast í heilan sólarhring. Á öðrum stað verður lesið strax eftir messu í tvo til þrjá klukkutíma og síðan aftur næstu þrjá daga á eftir í tengslum við helgistundir og tónlist sem verður í gangi í kirkjunni á sama tíma. Þá verða teknar pásur á lestrinum til að flytja tónlist eða annað, þannig að útfærslurnar eru ýmsar,“ segir séra Þorvaldur.

sigridurh@frettabladid.is

Ártíðardagur Hallgríms

Á morgun klukkan 11 verður hátíðarmessa í Hallgrímskirkju í tilefni ártíðardags Hallgríms Péturssonar, en í ár eru 333 ár frá andláti þessa mikilhæfa og bænheita listamanns, sem sérhver Íslendingur þekkir enn svo vel að verkum hans.

Í minningu Hallgríms eru tvö guðshús nefndeftirsálmaskáldinu:Hallgrímskirkja á Skólavörðuholti og Hallgrímskirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.

Í messu morgundagsins þjóna prestar Hallgrímskirkju, þeir Jón Dalbú Hróbjartsson og Birgir Ásgeirsson, og við orgelið verður Björn Steinar Sólbergsson, en Mótettukórinn syngur. Barnastarf fer fram með hefðbundnum hætti undir leiðsögn Magneu Sverrisdóttur djákna.

Að lokinni messu verður boðið upp á kaffi í suðursal kirkjunnar.





Til að góður árangur náist í fjárfestingum á verðbréfamarkaði er nauðsynlegt að fylgjast vel með því sem er að gerast. Slíkt getur þó verið tímafrekt því fjárfestingakostum fjölgar stöðugt. Sífellt fleiri kjósa því að nýta sérþekkingu fagmanna á því sviði. Hjá Eignastýringu Glitnis starfar hópur reyndra sérfræðinga sem leitast við að ávaxta fjármuni viðskiptavina út frá áhættuþoli, arðsemiskröfu, stöðu og horfum á mörkuðum. Hvort sem þér hentar sérhæfð eignastýringarþjónusta eða fjárfesting í einstökum verðbréfum og verðbréfasjóðum kappkosta sérfræðingar bankans að veita þér þjónustu í samræmi við þínar þarfir.

ÁVÖXTUN ◄► FJÁRFESTINGAR-STEFNA ◄► ÁHÆTTUÞOL

ÞINN ÁVINNINGUR

- Fjárfestingarstefna sniðin að þínum þörfum
- Fagfólk stýrir eignum og metur fjárfestingarkosti
- Sérfræðingar greina stöðu og horfur á mörkuðum
- Reglulegir samráðsfundir og persónuleg þjónusta

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.GLITNIR.IS EÐA Í SÍMA 440 4900

GLITNIR

MARY LUZ Hefur upplifað ofsóknir spilltra leyniþjónustumanna í Kólumbíu, sem stóðu yfir í mörg ár. Hún flúði að lokum til Ekvador og komst þaðan til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Á flótta undan leyniþjónustunni

Mary Luz Suárez Ortiz hefur verið á flótta í þrettán ár, allt frá því að maðurinn hennar Daniel var myrtur fyrir að aðstoða fólk við að hlaupast á brott úr FARC-skæruliðasamtökunum. Hún og synir hennar tveir eru nú komin til landsins á vegum Rauða krossins. Flóttakonan sagði *Klemensi Ólafi Þrastarsyni* sögu sína.

Mary Luz Suárez Ortiz er ein af kólumbísku flóttamönnunum sem komu nýlega til landsins á vegum Rauða krossins. Hún kom hingað til að hefja nýtt líf með sonum sínum tveimur, þeim Federico, fjórtán ára, og Bryan, sem er fimm mánaða gamall.

Kólumbía er alræmd fyrir fjörutíu ára borgarastyrjöld, sem hefur blandast ábatasömum kókaínútflutningi og tilheyrandi glæpastarfsemi. Í landinu eru fjölmargir hópar vopnaðra manna.

Stærsti hópurinn er FARC-skæruliðahreyfingin með allt að 20.000 félaga. Hann hefur barist móti stjórnvöldum síðan snemma á sjöunda áratugnum.

Vargöldin í landinu, og peningarnir sem fylgja kókaíninu, hafa næsta holað þjóðfélagið að innan. Lögreglu- og stjórnmálamenn eru margir hverjir á launaskrá hjá kókaínbarónum og margir skæruliðanna líka. Í landinu er ein hæsta tíðni morða í heimi.

Mary Luz hefur verið hundelt af spilltum leyniþjónustumönnum síðan árið 1994, þegar hún var 24 ára gömul og Federico nýfæddur. Hún er ekki há í loftinu en krafturinn, staðfestan og sjálfsvirðingin sjást langar leiðir. Hún var ósköp venjuleg stúlka í háskóla og á leiðinni út í lífið þegar ógæfan dundi yfir hana. Sagan hennar fer hér á eftir.

Ólétta táningsstelpan

„Þetta hófst allt þegar maðurinn minn Daniel var að klára lögfræðina og vann í sjálfboðavinnu á skrifstofu í háskólanum.

Á þessum árum hafði ríkisstjórnin boðið FARC-skæruliðum aðstoð til að láta af hernaði og gerast liðhlaupar. Það getur verið stórhættulegt fyrir þá að hætta, því þú segir ekki bara upp og bless. Liðhlaup þar er litið svipuðum augum og í öðrum herjum. En, semsagt, maðurinn minn hjálpaði nokkrum þeirra, til dæmis við að finna venjulega vinnu.

Einn liðhlaupinn kom með fjórtán ára stelpu með sér. Foreldrar hennar höfðu verið myrtir af skæruliðum og eini ættinginn sem eftir lifði var amma hennar. Maðurinn minn bauð stelpunni að búa hjá okkur, þetta var árið 1994, og hún borgaði fyrir sig með húshjálp. Ég var þá að jafna mig eftir að hafa fætt mitt fyrsta barn.

Stelpan varð fljótt hluti af fjölskyldunni og hjálpaði mér mikið með strákinn minn. Hún var sjálf ólétt og þegar hún tók jóðsóttina fór hún á spítalann með ömmu sinni. Sú gamla hringdi þaðan daginn eftir og sagðist hafa mikilvægar upplýsingar handa Daniel. Hún þurfti að segja honum að faðir barnsins væri hátt settur skæruliðaforingi og að stúlkan hefði búið með honum í meira en eitt ár, áður en hún kom til okkar.“

Heimsókn leyniþjónustunnar

„Sama kvöldið og amman hringdi í okkur komu skyndilega heim til mín nokkrir menn úr DAS [leyniþjónusta Kólumbíu]. Þeir sýndu okkur skilríki þaðan og við sannreyndum það líka á byssunum þeirra, sem voru merktar ríkisstjórninni.

Við vorum átta saman að borða þegar þeir komu inn með látum. Þeir vildu sjá skilríkin okkar og öskruðu „Hver ykkar er Daniel?“ Þeir hæddust að honum og sögðu honum að hann hefði ekki átt að hjálpa fólki sem ætti það ekki skilið. Þeir nefndu óléttu stelpuna.

Síðan skildu þeir okkur að og ýttu mér í annað herbergi og héldu byssu að enninu á mér. Á meðan var maðurinn minn skotinn til bana.

Þeir skutu líka á eina vinkonu okkar sem var gullfalleg fyrirsæta. Þeir ætluðu bara að eigna sér hana, taka hana með í kaupbæti. En hún neitaði að fara með þeim og þeir urðu pirraðir þegar hún streittist á móti og skutu hana í mjöðmina og í fótinn. Greyið var með sílikonpúða í rassinum sem sprakk og lak niður! En hún lifði af. Mennirnir léku sér líka að því að skjóta geirvörtuna af vini okkar, en létu mig, mömmu og litlu systur mína að mestu í friði.“

Mömmu rænt í bakaríinu

„Við gáfum svo skýrslu hjá lögreglunni. Við vorum látin lýsa mönnunum og lögreglan gerði skissur af þeim eftir lýsingunni. Við sögðum öll að þetta hefðu verið menn frá DAS og þegar þeir voru búnir að gera mynd af þeim sem myrti manninn minn urðu þeir voðalega stressaðir og skrítnir. Þeir skipuðu okkur að fara og sögðu að þeir myndu hafa samband við okkur.

Eitt kvöldið í sömu viku fór mamma mín út í bakarí. Þar var henni rænt og hent upp í bíl. Þetta reyndust vera DAS-menn og þeir ætluðu að drepa hana, líklega til að sannfæra mig og okkur um að falla frá kæru. Sem betur fer var lögreglustöð á næsta horni og það var strax lýst eftir henni og bílnum í talstöðvum lögreglunnar. Mamma og DAS-mennirnir heyrðu í talstöð bílsins að verið væri að leita að þeim!

Þegar heyrðist að nákvæmlega þessi bíll með þessum númerum væri eftirlýstur og farþegarnir grunaðir um mannrán, sáu mennirnir að áhættan var of mikil. Þeir létu sér nægja að lemja mömmu og segja henni að láta kyrrt liggja. Síðan var henni fleygt út úr bílnum. Umferðarlögreglumaður kom að henni og keyrði hana heim um nóttina.“

Vernduð af ofurstanum

„Maðurinn sem myrti eiginmann minn var semsagt foringi innan DAS og á launum hjá FARC-skæruliðunum. Þetta var hefndaraðgerð og þeir vildu refsa manninum mínum fyrir að hjálpa óléttu stelpunni að flýja. Ég sá hana reyndar aldrei aftur, þótt ég leitaði að henni öðru hvoru í tvö ár á eftir.

Það vita það allir heima í Kólumbíu að maður á ekki að abbast upp á DAS. Og eina ástæðan fyrir því að leyniþjónustan náði ekki að drepa okkur er sú að valdamikill ofursti, Encizo, sá sem stjórnaði rassíunni þegar Pablo Escobar var tekinn, er skyldur okkur í gegnum manninn minn heitinn. Hann lét okkur hafa lífverði. Encizo ofursti starfaði hjá SIGIN, sem er leyniþjónusta lögreglunnar sjálfrar.

Ég var með tvo menn frá honum fyrir utan gluggann minn allan sólarhringinn í sirka tvö ár eftir morðið á Daniel. Þeir heilsuðu mér á morgnana og buðu góða nótt á kvöldin.“

Reyndi að rannsaka málið sjálf

„Hitt fólkið, sem var í íbúðinni þegar maðurinn minn var drepinn, var nægilega efnað til að geta látið sig hverfa eitthvað til útlanda eða í aðrar borgir. Ég vildi hins vegar standa á rétti mínum og reyna að fá morðingjann dæmdan. Maðurinn minn var jú myrtur!

Kæran lá því inni hjá ákæruvaldinu og á meðan var ég réttdræp af öllum DAS-mönnum landsins, því þeir standa þétt saman og vernda hver annan. Rannsóknin varð að engu í höndum lögreglunnar en ég hélt samt áfram.

Ég fékk mér til dæmis vinnu um hríð sem bílasölukona á stað sem var við hliðina á opinberri skrifstofu sem DAS-menn notuðu mikið. Ég seldi nú einn og einn bíl en ég var þarna í raun og veru til að njósna um leyniþjónustuna!

Ég reyndi að taka ljósmyndir af þeim bílum sem fóru inn um hliðið og auðvitað farþegunum. Svo fór ég með bílnúmerin í tölvu til að reyna að finna hvaða bílar tilheyrðu DAS og hverjir ekki, en það kom lítið út úr því.“

Öruggust utan landamæranna

„DAS fylgist með landamærunum og stjórnar vegabréfaeftirlitinu. Því er ekki hlaupið að því að komast undan þeim og úr landi. Ég gerði mér auðvitað grein fyrir hættunni sem við vorum komin í, ég og sonur minn og við öll. Mig langaði því oft að komast í burtu.

Á þessum tíma reyndi ég líka oft að lifa eðlilegu lífi og stofnaði meðal annars fyrirtæki sem flutti út búsáhöld. Það gekk bara ágætlega en þetta líf gekk ekki alveg upp.

Í fyrsta skipti sem ég flúði Bogotá faldi ég mig í skottinu á bíl vinar míns og við keyrðum um nóttina til Ibagué-borgar. Þar keypti hann fyrir okkur flugmiða til Bólivíu á hans nafni.

Við komumst þangað og héldum kyrru fyrir í íbúð systur minnar. Eftir þrjá mánuði hélt ég að þetta væri nú allt liðið og fór aftur til Bogotá. Þá voru rúðurnar í húsi mömmu brotnar og ég ákvað að láta mig hverfa og fór með strákinn til ömmu minnar í suðurhluta borgarinnar. Seinna þegar ég var hjá systu í Bólivíu birtust útsendarar DAS þar og nefbrutu hana. Mér var því ekki vært hjá neinum skyldmennum mínum. Síðan hef ég verið meira og minna á flótta.

Ég bjó reyndar um stund hjá tengdaforeldrum mínum, sem eru tengdari ofurstanum, og reyndi að láta lítið á mér bera. En ég flutti alltaf reglulega; DAS minnti á sig í hvert skipti sem þeir heyrðu af mér, en náðu þó aldrei til mín, sem betur fer.

Árið 2001 keypti mamma til dæmis litla íbúð í Bogotá. Hún vildi að ég væri skráð fyrir henni líka, ef svo færi að eitthvað kæmi fyrir sig. Og það var eins og við manninn mælt: Eftir að við skiluðum inn gögnunum heimsóttu mömmu illilegir menn. Þeir sögðust vera frá DAS að rannsaka innbrot í bíla fyrir utan og fengu mömmu með sér út. Þar börðu þeir hana sundur og saman. Heilum sjö árum eftir að maðurinn minn var myrtur!

Gerðist að lokum löggiltur flóttamaður

„Svona gekk þetta meira og minna árin á eftir. Ég var orðin svo þreytt á þessu að ég ákvað að lokum að reyna að koma mér eitthvað í burtu og yfirgefa landið. Ég reyndi að flytja til Þýskalands og seinna til Bandaríkjanna, en alltaf fór eitthvað úrskeiðis. Ég dreif mig loks með strákinn minn og fékk aðstoð hjá fólki við að komast yfir til Ekvador.

Við komum til höfuðborgarinnar Quito um miðja nótt. Daginn eftir leitaði ég hælis hjá flóttamannahjálpinni. Þetta var 24. febrúar 2005,“ segir Mary Luz, „ellefu árum eftir að maðurinn minn var skotinn.“

➜ BORGARASTYRJÖLD Í FJÓRA ÁRATUGI

FARC, Fuerzas Armadas Revolucionarias de Colombia eða Vopnaðar byltingarsveitir Kólumbíu voru stofnaðar á sjöunda áratug síðustu aldar. Þær eru elsta virka uppreisnarafl álfunnar.

Félagar í FARC eru allt að 20.000 talsins og margir þeirra voru neyddir eða settir þangað sem börn. Þeir telja sig skæruliða í stríði gegn óréttlátum stjórnvöldum og heimsvaldastefnu Bandaríkjamanna, en ekki hryðjuverkamenn. FARC er áberandi á um fjórðungi landsvæðis Kólumbíu.

DAS, Departamento Administrativo de Seguridad, DAS, eða Öryggisdeild stjórnsýslunnar, var sett á laggirnar árið 1954. Allir starfsmenn hennar teljast leyniþjónustumenn.

DAS verndar stofnanir landsins og ríkisstarfsmenn og sér um útgáfu vegabréfa og útlendingaeftirlit. Umdeildasta hlutverk DAS eru gagnnjósnir og samstarf við Bandaríkjamenn í svokölluðu stríði gegn eiturlyfum. DAS hefur herjað gegn FARC með sjálfstæðum herdeildum, sem lúta ekki lögum.

➜ ÁTTATÍU FÁTÆKIR Á MÓTI EINUM RÍKUM

Kólumbía er álíka stórt land og Frakkland og Spánn til samans. Þar er fleira fólk vegalaust en í nokkru öðru ríki, utan Súdan, samkvæmt tölum frá Alþjóðlegu flóttamannasamtökunum.

Meira en helmingur Kólumbíumanna telst fátækur. Árið 1990 var hlutfallið milli ríkustu og fátækustu manna þannig að 40 bláfátækir voru á móti hverjum ríkum manni. Árið 2000 var hlutfallið 80 á móti 1.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa lengi haft mikil afskipti af Kólumbíu og fjármagnað baráttu ríkisstjórnarinnar gegn skæruliðahópum.

Á tímabili fengu einungis Ísrael og Egyptaland meiri hernaðaraðstoð frá Bandaríkjunum.

Alþjóðlegu flóttamannasamtökin hafa hvatt Bandaríkjamenn til að endurskoða aðgerðir sínar, þannig að minna fé renni til hernaðar og meira til vegalausra.

Stundar þú verðbréfaviðskipti?

Þann 1. nóvember 2007 taka gildi ný lög um verðbréfaviðskipti sem ætlað er að auka neytendavernd fjárfesta

NÝJAR REGLUR UM VERBRÉFAVIÐSKIPTI

- Með nýjum lögum um verðbréfaviðskipti er innleidd í íslenskan rétt tilskipun Evrópusambandsins um markaði fyrir fjármálagerninga (e. Markets in Financial Instruments Directive) eða svokölluð MiFID-tilskipun.

- MiFID-tilskipunin er liður í áætlun Evrópusambandsins sem miðar að því að setja samræmdar reglur um neytendavernd fjárfesta og skapa sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu.

AUKIN NEYTENDAVERND FJÁRFESTA

- Markmið nýrra laga er að auka neytendavernd fjárfesta. Lögð er áhersla á aukið eftirlit, faglega framkvæmd og upplýsingagjöf.

- Eftir breytingarnar fá fjárfestar meiri upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum en hingað til. Markmiðið er að skuldbinda fjármálafyrirtæki til að veita fjárfestum þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar, svo að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar.

- Með nýjum lögum verður fjármálafyrirtækjum skylt að afla upplýsinga hjá fjárfestum til að tryggja að þau geti veitt viðeigandi ráðgjöf og þjónustu.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

- Kynntu þér málið betur hjá þínu fjármálafyrirtæki
- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) www.sff.is/mifid

SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

RISA

ÚRVALSBÍLAMARKAÐUR Í FÍFUNNI

25. - 28. OKTÓBER

BNB - sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Hvað er Úrvalsbíll?
- 12 mánaða viðbótarábyrgð
- Ef hann bilar sjáum við um viðgerð
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Umframábyrgð á bremsuhlutum
- 14 daga skiptiréttur

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 39499 10/07

GLITNIR

* M.v. 100% Bílasamning Glitnis Fjármögnunar til 84 mánaða. Myntkarfa GL3.
Ath. með fjármögnun verður heildargreiðsla hærri en verð bílsins.

www.toyota.is

RISA ÚRVALSBÍLAMARKAÐUR Í FÍFUNNI

SÍÐASTI SÉNS

Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgir hverjum seldum bíl og gilda í eitt ár frá kaupum.

VELDU ÚRVALSBÍLINN ÞINN

ÁÐUR EN EINHVER ANNAR GERIR ÞAÐ!

- Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgja hverjum seldum bíl**
- Allt að 100% fjármögnun í boði Glitnis Fjármögnunar
- Allir bílar á heilsársdekkjum
- 5000 kr. gjafakort í Saga Boutique***
- Starfsfólk Glitnis Fjármögnunar veitir ráðgjöf á staðnum
- Léttar kaffiveitingar

HAFÐU HRAÐANN Á ÞVÍ ÞESSIR BÍLALEIGUBÍLAR STALDRA STUTT VIÐ!

AVENSIS
Verðdæmi: 2.220.000,-
Afborgun pr. mán. 35.320,-*

m.v. sjálfskiptan

RAV4
Verðdæmi: 2.660.000,-
Afborgun pr. mán. 42.292,-*

m.v. sjálfskiptan

OPIÐ:

Sunnudag: 10 - 18

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

** Flugvallarskattar ekki innifaldir.
*** Gjafakort í Saga Boutique fylgir með hverju afgreiddu láni frá Glitni Fjármögnun.

ÚRVALSBÍLL | GÆÐABÍLL

HALLDÓR BJÖRN RUNÓLFSSON SAFNSTJÓRI LISTASAFNS ÍSLANDS Segir Kristján Davíðsson ekki metinn að verðleikum þrátt fyrir mikla hylli lengst af sínum ferli.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vanmetinn meistari sýnir

Í þröngu anddyri Listasafns Íslands við Fríkirkjuveg eru kassar af ýmsum stærðum og gerðum úr ljósum viði, rammnegldir og merktir. Það er verið að pakka niður Ó-náttúrusýningunni sem kláraðist um síðustu helgi. Brátt víkur þessi frumlega innsetning úr anddyrinu og nýir hraukar færast í átt að sölunum. *Páll Baldvin Baldvinsson* ræddi við **Halldór Björn Runólfsson** um yfirlitssýningu á verkum Kristjáns Davíðssonar sem verður opnuð í vikunni.

Þá verður líka sett upp úrval mynda úr gjöf fjölskyldu Markúsar Ívarssonar járnsmiðs sem myndaði á sínum tíma stofninn í Listasafninu, Úrvalið sýnir aðeins lítinn hlut af gjöf Markúsar. Hún deilir húsakynnum með stórri yfirlitssýningu á verkum Kristjáns Davíðssonar frá síðustu sautján árum.

Halldór Björn Runólfsson safnstjóri leiðir okkur til kaffistofu starfsfólks og mun á næstu stundarfjórðungum ræða þessa sýningu og Listasafnið almennt. Hann er búinn að vera í starfi í nokkra mánuði; tók við af Ólafi Kvaran. Sýningarstefna safnsins er nú undir honum komin og þeim fáu starfsmönnum sem hann ræður yfir.

Að vestan og vestur um haf

Kristján varð níræður í sumar. Hann er enn að þrátt fyrir háan aldur og hefur átt lengstan feril þeirra sem brutust úr örbirgð til mennta á stríðsárunum og skópu Íslandi nýja mynd, nýja sjálfsmynd. Kristján er að vestan. Hann var í hópi þeirra sem sóttu menntun vestur til Bandaríkjanna á stríðsárunum þegar forysta í myndsköpun var að hverfa frá Parísarskólanum yfir til New York. Hann fór ekki einn. Til Ameríku sótti vestur um haf fjöldi Íslendinga: tónskáld eins og Jón Þórarinsson, Jórunn Viðar og Magnús Blöndal, rithöfundar á borð við Jónas Árnason og Ólaf Jóhann Sigurðsson, tónlistarmenn, KK og Svavar Gests, aðrir listamenn eins og Guðmundur Jónsson söngvari, Sigríður Ármann dansari. Nýi heimurinn og sá gamli tókust um langan tíma á í íslensku listalífi og átök þessara tveggja heima hafa enn ekki verið könnuð til fulls í íslenskri listasögu.

Stór aðdáendahópur

Nú er það nokkuð einstakt í íslenskri myndlist að haldin sé yfirlitssýning málara sem kominn er yfir nírætt og einungis litið til síðasta tímabilsins á ferli hans: verka sem eru máluð eftir sjötugsaldurinn. En Kristján hefur alltaf verið einstaklega afkastamikill málari og í miklum metum meðal þeirra sem hófu afstraktið til vegs og virðingar hér á landi um miðja síðustu öld. Verk hans voru enda þegar eftir Septem-sýningarnar, sem hann tók þátt í, eftirsótt og er leið að sjöunda áratug síðustu aldar, seldi hann einkar vel. Ný stétt menntafólks og verslunar- og viðskiptamanna tók honum fagnandi: heildsalamálarinn var hann kallaður. Kraftur verka hans, uppbrot á strangformastefnunni sem hafði þá ríkt um hríð í afstraktinu, ef frá er talinn Svavar Guðnason, rímaði við list- og lífssýn þessa stóra hóps sem varð þungamiðjan í íslensku samfélagi á viðreisnarárunum og þaðan í frá. Og þá er líka til þess að líta að ameríski afstrakt-expressjónisminn var orðinn heimsþekktur, daufara var yfir strangflatarmálverkinu í Evrópu og breytingar í aðsigi í myndlist gamla heimsins.

Tuttugu ár eru undir

„Við höldum okkur ekki stíft við þessi sautján ár," segir Halldór. „Inn í blandast eldri verk sem eru til hér í safninu sem gefa örlítið tóninn um það sem áður var komið, og þá sérstaklega þessar skemmtilegu karikatúr-mannamyndir hans. Sumar þeirra verða til fyrr en þó er hann að mála verk sem eru hér á sýningunni alveg frá 1979 til 1999. En þetta er að meginhluta sautján síðustu ár."

Hvernig gengur að skilja feril Kristjáns Davíðssonar þegar við nú í upphafi nýrrar aldar viljum skoða samhengið í ferli hans. Það er nöturleg staðreynd fyrir íslenskt menningarlíf að ef líta á til Kristjáns sérstaklega – þetta er maður sem hefur verið að í meira en fimmtíu ár – þá er ekkert sérrit til um hann, sýningarskrár eru orðnar sjaldgæfar og gefa litla hugmynd um þróun, þó má nefna bók sem Aðalsteinn Ingólfsson og Gallerí Nýhöfn/Mál og menning gáfu út árið 1992. Ef leita á heimilda um verk hans verður að leita í úrklippusöfn og þar er einungis að finna fáskrúðug viðtöl. „Okkur var brugðið þegar við komumst að þessu," segir Halldór, „ en það er ekkert til. Þetta eru blaðagreinar, smáspaltar. Ég reyndi að sannfæra bókaútgáfu á níunda áratugnum að ástæða væri að vinna bók um feril hans en talaði fyrir daufum eyrum. Hann hefur legið lengi óbættur hjá garði."

Ameríska afstraktið

„Kristján fer til Pennsylvaníu og lærir þar og var þá búinn að bíða í mörg ár eftir að komast þar að. Væntanlega út af stríðinu. Það var ekkert hægt að fara til Evrópu – hún var í báli. Hann segist sjálfur síðar ekki hafa orðið uppnuminn af amerískum málurum. Hann segir Pollock fyrir sér bara vera áframhald af evrópsku tradisjóninni. Hann sé í bund og grund evrópskur málari. Þaðan sé þetta allt sprottið. Hann segir að það hafi verið erfitt þegar hann er fyrir vestan að sjá verk þessara manna, eins og Pollock. Þeir voru dreifðir og verkin þeirra sáust ekki mikið. Það er seinna sem þessi hópur verður að þessum stóra straum ameríska expressjónismans.

Hann er alltaf með hugann við Evrópu. Þegar hann fær sjens á að fara þangað veturinn 1949 og 1950 til London og Parísar þá hittir hann mann sem var mikill boðberi þess sem var að gerast í Evrópu, Michel Tapié. Hann hafði mikið dálæti á hrálist – Art Brut – sem er heiti kennt við franska málarann Jean Dubuffet sem hélt því fram að fullkominn primitífismi, sköpunarmáttur utangarðsmanna, geðfatlaðra og sérsinna fólks, væri miklu meira ekta en annar sköpunarkraftur."

Alþjóðleg straumköst

„Michel var bara stuttan tíma boðberi Art Brut, síðan hélt hann fram tachisma, slettulistinni, og óformlegri list – Art Informal. Þessi maður merkilegt nokk var mikill framtíðarspámaður því hann endaði uppi í Torino sem varð seinna hreiður Arte Povera-hreyfingarinnar, nokkurs konar nýlistahreyfingar. Michel hittir Kristján 1949, kaupir af honum verk og býður honum að halda sýningu í galleríi sínu. Hvað olli því að Kristján þekktist ekki það boð má kenna aðstæðum hér á landi. Kristján segir svo frá að það hafi verið óskaplegt slys að hann skyldi ekki þekkjast það boð."

Halldór hikar ekki við að setja verk Kristjáns á þessum tíma í alþjóðlegt samhengi. Íslensk myndlist hefur löngum verið talin menning eyjarskeggja af leikmönnum. Líklegast vegna fyrirferðar sérís-lensks myndefnis. Enn í dag er verið að kaupa dýrum dómum landslagsmálverk svokallaðra eldri meistara hér á landi. Að vísu segja menn í myndabransanum að vel stæðir kaupendur hafi síðustu misserin sýnt vaxandi áhuga á fimmtíu ára gamalli myndlist. Íhaldssemi og varúð einkenna markaðinn. Hvernig þætti mönnum ef enginn keypti bíla eða föt nema þau væru helst fimmtíu ára. Sá kaupendahópur sem fagnaði verkum Kristjáns fyrir mörgum áratugum var annars sinnis: hann kepptist við að kaupa það sem var nýjast – allt þar til SÚM kom til og viðfangefni myndlistar á Íslandi og víðar í vesturálfu hurfu frá óhlutbundna málverkinu þótt Kristján héldi sínum hlut áfram á markaði.

Hið ljóta er líka fagurt

„Það er rétt að hann eignast snemma hóp af kaupendum, en það vill gleymast að hann er óhemju heimspekilega sinnaður. Af þessum fátæklegu gögnum sem hefur tekist að grafa upp má ráða að hann er ekki á eftir Dubuffet að átta sig á mikilvægi frumstæðrar listar. það gerist nokkurn veginn samtímis. Ýmsar yfirlýsingar hans sem eru í flökti við hrálistina gefur Kristján út áður en Dubuffet fer að halda Art Brut fram og er þá oftast vísað til fyrirlesturs sem Dubuffet hélt í Chicago 1951. Kristján segir snemma í viðtali að listamenn sýni fólk með sorgum sínum. Hann tekur sem dæmi konu með brunasár sem geti verið mjög falleg: Það er ekki lýti heldur gerir það fólk stærra og fallegra. Þetta er mjög merkilegt hjá manni í upphafi sjötta áratugarins."

Mikil afköst

Kristján hefur verið afkastamikill málari. Engin heildarskrá er til yfir verk hans; hann tók ekki að skrá verk sín og hvar þau væru niðurkomin fyrr en seint á ferli sínum, ekki frekar en margir aðrir sinnar kynslóðar. Söfnun upplýsinga um verk í einkaeign eftir málara eins og hann er ekki aðeins mikilvæg til að hindra skipulagðar falsanir eins og brögð hafa verið að, heldur er slík skrá nauðsyn til að hægt sé að skanna feril manns á borð við Kristján.

Hvað veldur því að íslensk söfn annast ekki slíka yfirlitsvinnu? „Söfnin eru svo fáliðuð. Listasafn Íslands hefur ekki bolmagn til að setja manneskju í svona vinnu. Við vitum af mörgum verkum. En þegar við fórum af stað fyrir þessa sýningu virtust verkin vera endalaus. Afköstin eru slík. Og það dregur ekkert úr." Halldór segir söfnun gagna um verk Kristjáns standa nokkuð vel og þessi sýning sé innlegg í þá vinnu en það sé borin von að Listasafnið geti staðið að slíkri skráningu án sérstaks liðsinnis, hvað þá útgáfu á heildarskrám um verk málara á borð við Svavar og Kristján.

Peningar, hús, aðsókn

Við erum komnir inn á nýtt svæði: hvað hefur Listasafnið úr miklum fjármunum að spila til listaverkakaupa? „Um sautján milljónum og hækkar upp í tuttugu milljónir á næsta ári. Við getum ekki annað en keypt bara innlend verk. Ef um verulega dýr verk er að ræða get ég leitað kostenda," segir Halldór. Listasafn Íslands er eina safnið í landinu sem má þiggja gjafir sem eru frádráttarbærar til skatts. Það sem Alþingi gat hugsað sér að gera fyrir það mátti ekki gera fyrir önnur söfn. Fáum endurskoðendum eða stórfyrirtækjum virðist þetta ljóst. Safnið hefur notið tilstyrks Samson og er því opið án inngangseyris. Aðsókn að því hefur verið afbragðsgóð síðustu misseri.

Að lokum spyrjum við Halldór hvort hann vilji flytja safnið af Fríkirkjuveginum og hann svarar neitandi: „ Það er svo að við eigum forkaupsrétt frá fornu fari að flestum húseignum hér í kring og ég vil að menn hugsi um að stækka safnið hér frekar en að huga því stað annars staðar. Það á heima hér í gömlu miðborginni." Á hann von á því að það hópist þúsundir að sjá sýningu Kristjáns Davíðssonar sem verður opnuð í næstu viku? „Þetta verður blokkböster."

vinna.is
ATVINNUMIÐLUN

Vinna.is
sími 511 1144 www.vinna.is

SÖLUSVIÐ NÝHERJA Í AUKINNI SÓKN

NÝHERJI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA KRAFTMIKLA OG HEILSTEYPTA EINSTAKLINGA Í FJÖLBREYTT STÖRF INNAN SÖLUSVIÐS. FYRIRTÆKIÐ BÝÐUR UPP Á BREIÐA LÍNU AF VÖRUM, ÞJÓNUSTU OG LAUSNUM FYRIR BÆÐI FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA.

VERSLUNARSTJÓRI VEFVERSLUNAR

STARFIÐ

- Ábyrgð á daglegum rekstri og stýringu vefverslunar
- Tilboðsgerð og frágangur sölupantana
- Hönnun og ábyrgð á verkferlum tengdum vefverslun
- Ábyrgð á viðmóti verslunar, kynningarefni og framsetningu vöru

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í viðskiptum, raungreinum eða félagsvísindum
- Reynsla af þróun veflausna og góð þekking á upplýsingatækni
- Reynsla af rekstri verslunar eða deildar
- Þekking á sölukerfum og verkferlum tengdum verslunarrekstri
- Frumkvæði, útsjónarsemi, frumleg hugsun og sjálfstæð vinnubrögð

VIÐSKIPTASTJÓRI

STARFSLÝSING

- Ábyrgð á ráðgjöf og sölu lausna og vörum til stærri viðskiptavina Nýherja
- Tilboðsgerð og frágangur sölupantana
- Eftirfylgni og samskipti við viðskiptavini

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði
- Góð reynsla af söluráðgjöf
- Þekking og áhugi á upplýsingatækni
- Frumkvæði, fáguð framkoma og sjálfstæð vinnubrögð

SÖLURÁÐGJAFI Á FYRIRTÆKJALAUSNUM

STARFSLÝSING

- Ráðgjöf og sala á lausnum og vörum Nýherja
- Tilboðsgerð og frágangur sölupantana
- Eftirfylgni og samskipti við viðskiptavini

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði æskileg
- Reynsla af söluráðgjöf
- Þekking og áhugi á upplýsingatækni
- Frumkvæði, fáguð framkoma og sjálfstæð vinnubrögð

Áhugasamir sæki um á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is. fyrir 10. nóvember nk.
Nánari upplýsingar veitir Erna Agnarsdóttir hjá Starfsmannaþjónustu Nýherja: erna@nyherji.is.

Hjá Nýherja samsteypunni eru sérþekking, metnaður og þjónustulund starfsmanna forsendur þess að geta skapað viðskiptavinum okkar sérsniðnar og verðmætar lausnir. Með fjárfestingu í þekkingu starfsmanna og starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, samvinnu og sveigjanleika, kappkostum við að skapa frjótt umhverfi fyrir starfsfólk okkar og um leið skapast það forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

Rekstur búsetuúrræðis með félagslegum stuðningi
Samstarfsaðilar óskast

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir samstarfsaðilum til að reka búsetuúrræði með félagslegum stuðningi fyrir allt að 20 einstaklinga. Úrræðið er ætlað einstaklingum sem glíma við margháttaðan félagslegan vanda og eiga að baki margar tilraunir til að hætta áfengis- og vímuefnaneyslu. Um er að ræða sólarhringsúrræði.

Markmið með verkefninu er að veita húsaskjól, félagslegan stuðning og endurhæfingu þannig að hlutaðeigandi einstaklingar geti búið sjálfstætt og tekið virkan þátt í samfélaginu.

Faglegar kröfur:
- Þekking til að veita hlutaðeigandi einstaklingum félagslega heimaþjónustu með virkni og þátttökuhugmyndafræði að leiðarljósi
- Tryggður sé aðgangur að faglegum stuðningi eftir þörfum
- Þekking á fíknvanda

Lögð er áhersla á góða samvinnu við starfsmenn Velferðarsviðs og áfengis- og vímuefnameðferðarstöðvar.

Gerður verður þjónustusamningur vegna verkefnisins til 3ja ára.

Nánari upplýsingar veitir Ellý A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri á Velferðarsviði, í síma 411-9000, netfang: elly.alda.thorsteinsdottir@reykjavik.is
Umsóknir sendist Ellý A. Þorsteinsdóttur, skrifstofustjóra á Velferðarsviði, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, .merkt "Félagslegur stuðningur" fyrir 9. nóvember 2007.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Félagsmálaráðuneytið

Aðstoðarverslunarstjóri

565156
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem selur m.a. útivistarvörur óskar eftir aðstoðarverslunarstjóra.

Starfið felst í afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini auk annarra tilfallandi verkefna.

Leitað er að einstaklingi sem hefur góða almenna tölvuþekkingu, hefur reynslu af stjórnun og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af verslunarstörfum. Opnunartími verslunarinnar er alla virka daga frá 9:00-18:00 og hafa starfsmenn skipt með sér að mæta frá kl. 9:00-17:00 og 10:00-18:00, einnig er opið á laugardögum.

Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is
ATVINNUMIÐLUN

AVIS Budget

ALP ehf sérleyfishafi AVIS / Budget leitar að

VIÐSKIPTASTJÓRA

ALP ehf. umboðsaðili AVIS og BUDGET óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling í starf viðskiptastjóra. Fyrirliggjandi eru krefjandi verkefni. Í boði er spennandi starf fyrir réttan einstakling. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið
- Sala, ráðgjöf og þjónusta
- Þátttaka í sölu- og markaðsáætlunum
- Heimsóknir til viðskiptavina erlendis sem innanlands
- Kynningar á þjónustu og öflun verkefna
- Samskipti við auglýsingastofur
- Ritstjórn vefsíðna
- Samninga- og tilboðsgerð

Hæfniskröfur
- Einstakir söluhæfileikar
- Reynsla af sölu- og markaðsstörfum
- Háskólamenntun æskileg
- Áhugi á sölumennsku
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Hæfni til þess að vinna undir álagi

Umsókn berist til fyrir 5. nóvember 2007
Vilhjálmur Sigurðsson – villi@alp.is

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 591 4000

PIPAR • SÍA • 72122

Öflugur einstaklingur í viðhaldsteymi

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að sinna fjölbreyttum störfum í fyrirtæki þar sem skipulag er út frá verkferlum. Starfið veitir einstaklingi, sem sýnir árangur í starfi, einstakt tækifæri innan ört vaxandi stórfyrirtækis í alþjóðlegu umhverfi.

Verkefnastjóri í viðhaldsstýringu

Ábyrgðarsvið:
- Bæta áreiðanleika og gæði framleiðslunnar með því að áætla og skipuleggja fyrirbyggjandi viðhald og reglulegar ástandsskoðanir véla og tækja.
- Sjá um skráningu og greiningu á tæknigögnum sem gefa skýra mynd af stöðu viðhaldsmála og árangri.
- Sjá um samskipti og samhæfingu viðhaldsteymis og framleiðsluteyma.
- Náið samstarf við notendur búnaðar, viðhaldsteymi, innkaup og birgðahald.

Hæfniskröfur:
- Iðnfræði eða iðnmenntun, t.a.m. vélfræði eða rafmagnsfræði. Önnur iðnmenntun kemur einnig til greina. Tæknifræðimenntun kostur en ekki skilyrði.
- Góð reynsla af viðhaldi véla og tækja.
- Góð tölvukunnátta skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg, bæði í rit- og talmáli.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. janúar 2008. Vinnustaður er á Reyðarfirði.

ÍSLENSKA/SIA.IS ALC 39773 10/07

capacent RÁÐNINGAR

Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2007. Ef þú hefur áhuga á að starfa hjá Alcoa Fjarðaráli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

SVÆÐISSTJÓRI
VÉLAMAÐUR OG BÍLSTJÓRI

Hringrás, áður Endurvinnsla Sindra, stofnað 1950. Hringrás er stærsta og öflugasta fyrirtækið á Íslandi í vinnslu á brotajárni og málmi. Með endurvinnslu stuðlar félagið að betri nýtingu náttúruauðlinda í heiminum. Félagið starfrækir endurvinnslusvæði í Reykjavík, Akureyri, Helguvík og Reyðarfirði. Vinnslusvæði Hringrásar á Reyðarfirði er í hraðri uppbyggingu sem tengist auknum umsvifum iðnfyrirtækja og sveitafélaga á Austurlandi.

Hringrás leitar að svæðisstjóra, vélamanni og bílstjóra fyrir vinnslusvæði félagsins á Reyðarfirði. Viðkomandi starfsmenn fá þjálfun og stuðning frá reyndum starfsmönnum Hringrásar. Góð laun í boði.

Í þessi störf er leitað að mönnum sem hafa:
- Meirapróf og/eða vinnuvélaréttindi
- Þekkingu á málmtegundum kostur
- Gott verkvit, skipulagshæfileika og sjálfstæð vinnubrögð
- Snyrtimennsku, jákvæðni og gott viðmót

Helstu verkefni á vinnslusvæðinu á Reyðarfirði:
- Móttaka, flokkun og vinnsla á hráefni (brotajárni og málmum)
- Umsjón og eftirlit með gámaflutningum og gámabifreið
- Umhirða véla og tækja
- Samskipti við viðskiptavini

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SÉRFRÆÐINGUR Á RAFVEITUSVIÐI

ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.

Orkubú Vestfjarða ohf. er hlutafélag að fullu í eigu íslenska ríkisins. Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda orkunnar. Ennfremur selur Orkubúið orku til viðskiptavina sinna. Höfuðstöðvar Orkubúsins eru á Ísafirði, fjölskyldu og barnvænum kaupstað með úrvals skólum á öllum skólastigum, fullkomið sjúkrahús og góða heilsugæslu. Hjá fyrirtækinu starfa um 60 manns.

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða metnaðarfullan og ábyrgan starfsmann í spennandi framtíðarstarf á rafveitusviði. Í boði er áhugavert starfsumhverfi með krefjandi og fjölbreyttum verkefnum.

Við leitum eftir starfsmanni
- með háskólamenntun á raforkusviði - rafmagnsverkfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur
- með þekkingu á háspennubúnaði og liðavernd
- sem hefur áhuga á að vinna við verkhönnun og áætlanagerð
- sem hefur hæfni til að vinna sjálfstætt og hefur færni í samskiptum

Starfsemi Orkubúsins er skipt í þrjú svið, orkusvið, rafveitusvið og fjármálasvið, og er framkvæmdastjóri yfir hverju sviði. Næsti yfirmaður sérfræðings á rafveitusviði er framkvæmdastjóri rafveitusviðs.

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um ofangreint starf.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Umsjónarmaður samskipta- og stjórnkerfa

Við leitum að öflugum aðila til að halda utan um samskipta- og stjórnkerfi verksmiðjunnar.
Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra tæknisviðs.

Starfssvið
- Umsjón með samskipta- og stjórnkerfum verksmiðjunnar.
- Gerð þróunar- og kostnaðaráætlana.
- Eftirlit með viðhaldi og endurnýjun á kerfum.
- Þátttaka í fjárfestingarverkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Verkfræði / tæknifræði, kerfisfræði eða skyldum greinum.
- Reynsla af PLC og SCADA-kerfum ásamt rekstri tölvukerfa er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi en jafnframt hæfni til að vinna í teymi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Kunnátta í Norðurlandamáli er mikill kostur.

capacent

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. **Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is**

Íslenska járnblendifélagið ehf.
Icelandic Alloys Ltd.

www.hrafnista.is

Sjúkraliðar - félagsliðar starfsfólk í aðhlynningu

Á Hrafnistu í Reykjavík er að opna ný 11 rúma hjúkrunardeild. Spennandi starf framundan.
Starfshlutfall eftir samkomulagi.
Í boði er sveigjanlegur vinnutími.

vilborga@centrum.is

Nánari upplýsingar:
Veitir Magnea í síma 585 9529
og á magnea@hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

ÖRVI

Spennandi starf í Örva

Verkstjóri þjónustunotenda

Laust er starf verkstjóra þjónustunotenda hjá Örva - starfsþjálfun.
Um er að ræða fullt starf með vinnutíma frá kl. 08 - 16.

Starf verkstjóra þjónustunotenda felst annars vegar í að styðja einstaklinga með skerta vinnugetu í starfsprófun og starfsþjálfun og hins vegar í verkstjórn, daglegri umsjón með framleiðslu og samskiptum við viðskiptavini Örva.
Starfsemi Örva er liður í þjónustu við fólk með fötlun sem búsett er á Reykjanesi.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum SFR

Æskilegt er að nýr verkstjóri geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um starfið veita forstöðumaður og starfsráðgjafar Örva í síma 554 3277.

Nánari upplýsingar um starfsemi Örva er hægt að nálgast á http://orvi.hlutverk.is/

Umsóknum um starfið ásamt upplýsingum um fyrri störf og menntun skal skila til Örva, Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur. Umsóknir má senda með tölvupósti á orvi@smfr.is

VILTU VINNA?

OKKUR VANTAR STARFSFÓLK SEM FYRST Í EFTIRTALIN STÖRF

SÖLUMAÐUR Í VERSLUN

Fjölbreytt starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina. Góð þekking á helstu íhlutum og tölvubúnaði skilyrði.

STARFSMAÐUR Á LAGER

Okkur vantar starfsmann á lager til að sinna öllum almennum lagerstörfum, móttöku og frágangi á vörum og útkeyrslu á pöntunum

Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði • Fullum trúnaði heitið

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Tölvutek er einn stærsti dreifingar- og söluaðili á tölvum og tölvubúnaði til einstaklinga og smærri fyrirtækja í dag. Við erum ört vaxandi fyrirtæki með 17 starfsmenn í dag. Tölvutek er dreifingaraðili á Íslandi fyrir Gigabyte, Packard Bell, OCZ og Creative. Tölvutek er viðurkenndur samstarfsaðili Microsoft með fjölda viðurkenninga og gráða frá Microsoft, CompTIA, Trend ofl.

512 50 50 Auglýsingasími



– Mest lesið

Félagsráðgjafar

Hjá fjölskyldudeild Félagsþjónustu Kópavogs eru lausar stöður félagsráðgjafa, bæði í barnaverndarvinnu og félagslegri ráðgjöf.

Hjá Félagsþjónustu Kópavogs er lögð áhersla á að byggja upp starfsánægju og vellíðan starfsmanna í starfi. Leitast er við að sinna símenntun, meðal annars með þátttöku í námskeiðum og annarri fræðslu.

Leitað er að einstaklingum með félagsráðgjafamenntun eða menntun á sviði félags-, uppeldis- eða sálfræði.

Þekking og reynsla í vinnslu meðferðarmála með einstaklinga og fjölskyldur er æskileg en ekki nauðsynleg.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa eða viðkomandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember n.k.

Fjölskyldudeild Félagsþjónustunnar stendur á ákveðnum tímamótum varðandi endurskipulag á innra starfi og uppbyggingu á þjónustu. Deildin hefur á að skipa mjög hæfu starfsfólki sem hefur hug og metnað til að efla faglegt starf og byggja upp samheldan hóp til að takast á við krefjandiverkefni. Okkur vantar fleiri í þennan hóp.
Vilt þú vera með okkur?

Upplýsingar um störfin eru veittar í síma 570-1400.

Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri.

Hægt er að sækja um á www.job .is

Forritun og ferðalög

Viltu vinna að fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum hjá einu stærsta hugbúnaðarhúsi landsins í samstarfi við aðra toppforritara?

Ef þú hefur áhuga á að breyta til, njóta þín til fulls og leggja í víking getum við boðið þér spennandi starf. Marel vill bæta við sig fimm forriturum á kerfishugbúnaðarsvið og einum verkefnisstjóra til að vinna að nýrri kynslóð hugbúnaðar sem er í þróun og verður settur upp í matvælavinnslum um allan heim. Þessi nýi hugbúnaður er skrefi framar öðrum sambærilegum hugbúnaði og ætlar Marel sér forystuhlutverk í þessum ört vaxandi geira.

Um er að ræða sex spennandi störf:

- Þróun á nýjasta kerfishugbúnaði Marel Food Systems, sem er leiðandi hugbúnaður á sínu sviði í heiminum.
- Þróun og aðlögun hugbúnaðar fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini. Hægt er að sinna starfinu í fjarvinnu. Reynsla af viðskiptaforritun er kostur.
- Þróun á nýjasta kerfishugbúnaði Marel Food Systems fyrir kjötkerfi. Stór hluti af starfinu er unninn á starfsstöðvum víða um heim.
- Þróun á nýjasta kerfishugbúnaði Marel Food Systems í Bandaríkjunum. Gert er ráð fyrir 1-2 ára starfsþjálfun á Íslandi.
- Þróun á nýjasta kerfishugbúnaði Marel Food Systems hjá AEW Delford, dótturfyrirtæki Marel Food Systems á Englandi. Gert er ráð fyrir 1-2 ára starfsþjálfun á Íslandi.
- Verkefnastjórnun og umsjón með innleiðingu hugbúnaðarkerfa um allan heim.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Jens Bjarnason, hópstjóri hugbúnaðarráðgjafa, í síma 563-8000 eða jens@marel.is

Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf, www.marel.is, fyrir 9. nóvember. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.

Þú færð að:

- glíma við fjölbreytt og spennandi verkefni
- sýna hvað í þér býr í hvetjandi umhverfi
- vinna með færustu sérfræðingum landsins á sviði hátækniiðnaðar
- vinna í öflugu þróunarumhverfi: Visual Studio, C# og SQL Server
- ferðast um allan heim vegna starfsins

Í staðinn þarft þú að:

- hafa menntun á sviði tölvunar-, verk- eða kerfisfræði
- hafa minnst tveggja ára starfsreynslu í forritun
- hafa reynslu af notkun SQL gagnagrunna, þekking á C# og .NET er kostur

Í boði er:

- góð vinnuaðstaða og mötuneyti
- mikið sjálfstæði í vinnubrögðum
- sveigjanlegur vinnutími
- opið og fjölskylduvænt vinnuumhverfi
- styrkir til símenntunar og íþróttaiðkunar

Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

Forstöðuþroskaþjálfi

Forstöðuþroskaþjálfi óskast í afleysingastöðu til 1. september 2008, á sambýlið Stigahlíð 54, Reykjavík. Starfið veitist frá 1. janúar 2007 eða eftir samkomulagi

- **Í starfssviði felst meða annars:**
  fagleg ábyrgð á þjónustu við íbúa, samskipti við fjölskyldur þeirra, starfsmannahald og rekstrarábyrgð.
- **Menntunar – og hæfniskröfur**
  próf í þroskaþjálfun reynsla af vinnu með fötluðum, hæfni í samskiptum og samstarfi, stjórnunarreynsla, þekking á starfsmannahaldi, þekking og yfirsýn varðandi málefni fatlaðra.

Nánari upplýsingar veita Hróðný Garðarsdóttir, sími 533-1388, hrodny@ssr.is og Guðný Anna Arnþórsdóttir, sími 533-1388, gudnya@ssr.is

Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðherra og Þ.Í.
Skriflegar umsóknir ásamt lífsferilskrá berist fyrir 18. nóvember 2007 til Guðnýjar Önnu Arnþórsdóttur starfsmannastjóra, Síðumúla 39, 108 Reykjavík.
Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofunni og á netinu, www.ssr.is

Auglýsingin gildir í 6 mánuði

Hjá SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun

SVÆÐISSKRIFSTOFA
MÁLEFNA FATLAÐRA Í REYKJAVÍK

Sölumaður

Hefur þú áhuga á útstillingum og hönnun fallegra verslana. Leitum að metnaðarfullum árangursdrifnum starfsmanni til að selja lausnir inn í verslanir svo sem hillur, borð, hengi, gínur og alls konar lausnir til að gera góðar verslanir enn betri.

Þeir kostir sem við leitum helst eftir eru:
- Þjónustuvilji
- Öguð og nákvæm vinnubrögð
- Stundvísi og reglusemi
- Þekking á Navision kostur
- Tungumálakunnátta kostur
- Reykleysi

Í boði er áhugavert starf og góð launakjör.

Allar nánari upplýsingar veitir Jón Bjarni í síma 511 1100. Umsóknir með sem ítarlegustum upplýsingum sendist á netfangið jbg@rymi.is

LANDFORM

LANDFRÆÐINGUR - TÆKNIFRÆÐINGUR
LANDSLAGSARKITEKT - TÆKNITEIKNARI

Vegna ört vaxandi verkefna óskar Landform að ráða til starfa landfræðing, tæknifræðing, landslagsarkitekt og tækniteiknara sem unnið geta í Autocad eða hliðstæðum forritum. Um er að ræða framtíðar störf. Áhugaverð verkefni í vinnslu hjá fyrirtækinu og góð laun fyrir hæfa aðila. Sjá nánar á heimasíðu Landform, www.landform.is Skrifleg umsókn sendist Landform Austurvegi 6, 800 Selfoss fyrir 9. nóvember 2007. Hafa má samband við Odd Hermannsson, allar umsóknir verða merktar trúnaðarmál.

VILTU STARFA HJÁ METNAÐARFULLU FYRIRTÆKI?

Nú leitum við að verkefnastjóra

Vegna aukinna umsvifa viljum við bæta við okkur verkefnastjóra í fullt starf. Í boði er spennandi og krefjandi framtíðarstarf fyrir metnaðarfullan einstakling hjá vaxandi fyrirtæki.

Verkefnastjóri er tengill viðskiptavina við þýðendur Skjals og er ábyrgur fyrir eftirfylgni og umsjón með verkefnum.

Kröfur til umsækjenda
- Þjónustulund ásamt áhuga á og ánægju af mannlegum samskiptum.
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Góður skilningur og ritfærni á ensku og íslensku.
- Metnaður til þess að taka að sér fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Góð tölvukunnátta.
- Geta og vilji til að starfa innan hóps.

Umsóknir
Umsækjendur skulu fylla út umsókn á www.skjal.is/atvinna og láta fylgja með greinargóða ferilskrá. Athugið að ekki er tekið við umsóknum eftir öðrum leiðum.

Allar frekari upplýsingar veitir:
Bogi Örn Emilsson í síma 530 7303 eða í gegnum tölvupóstfangið bogi@skjal.is

SKJAL ÞÝÐINGASTOFA
Skjal þýðingastofa er leiðandi fyrirtæki á íslenskum þýðingamarkaði.
Hjá félaginu starfa sautján manns í fullu starfi og fjölmargir verktakar í hlutastarfi.

VÍS leitar að starfsmanni í skoðanir og mat á eignatjónum

www.vis.is

Starfið felst í þjónustu við viðskiptavini VÍS sem snýr að tjónaskoðun og mati á eigna- og ábyrgðartjónum ásamt því að svara fyrir um bótaskyldu. Um er að ræða mikil samskipti við viðskiptavini og verktaka.

Leitað er eftir starfsmanni með iðnmenntun, tæknimenntun eða mikla reynslu sem nýtist í starfi. Viðkomandi þarf að vera frábær í samskiptum, skipulagður með góða tölvukunnáttu og geta tileinkað sér að vinna samkvæmt gildum VÍS sem eru umhyggja, áreiðanleiki og frumkvæði.

Umsóknir berist á heimasíðu VÍS, www.vis.is.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Jóhannsson (johann@vis.is) í síma 560 5060.

Hjá VÍS starfa um 240 manns á þjónustuskrifstofum félagsins um allt land. Það er stefna VÍS að hafa ávallt á að skipa vel menntuðu starfsfólki með framúrskarandi þekkingu á vátryggingamálum. Félagið leggur áherslu á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita góða þjónustu. Félagið vill fela starfsfólki störf við hæfi þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Vátryggingafélag Íslands
Ármúla 3 108 Reykjavík
Sími 560 5000 **vis.is**

Þar sem tryggingar snúast um fólk

Fíton/SÍA

BÓKARI ÓSKAST

Bókhaldsfulltrúi óskast til starfa til að sjá um bókhald fyrirtækisins. Um er að ræða 60-80% hlutastarf.

Helstu verkefni
- Umsjón bókhalds
- Launavinnsla
- Virðisaukaskattur

Hæfileikar
- Reynsla af bókhaldi
- Nákvæm vinnubrögð
- Viðskiptamenntun

Nánari upplýsingar er að finna á **www.eirberg.is**

Umsóknarfrestur er til 6. nóvember og skal senda umsóknir á netfangið **ahj@eirberg.is**

Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • www.eirberg.is

Vörumerkjastjóri

Ölgerðin óskar eftir að ráða vörumerkjastjóra til starfa. Mjög mikilvægt er að viðkomandi þekki vel til markaðssetningar á neytendamarkaði.

Starfssvið

- Mótun og framkvæmd vörumerkjastefnu
- Markaðs- og birtingaáætlanir
- Samskipti og hugmyndavinna með auglýsingastofu
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Samskipti við viðskiptavini
- Samskipti við erlenda birgja
- Samvinna með sölustjóra og söluteymi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða markaðsmála
- Reynsla af starfi á markaðssviði nauðsynleg
- Áhugi og þekking á markaðsmálum
- Metnaður og framsækni í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna undir álagi
- Góð tölvu- og enskukunnátta

ÖFLUGT FYRIRTÆKI Í FORYSTUHLUTVERKI
Ölgerðin Egill Skallagrímsson er framsækið og leiðandi fyrirtæki á sviði drykkjarvöru. Þann 1. janúar næstkomandi sameinast fyrirtækið Danól sem er ein öflugasta heildsala landsins. Sameinað fyrirtæki verður annað stærsta matvælafyrirtæki landsins með veltu upp á 10 milljarða króna. Fyrirtækið ætlar að vera besta sölu- og markaðsfyrirtækið á sviði mat-, drykkjar- og sérvöru og við leggjum metnað okkar í að sinna hverjum viðskiptavini og birgi eins og hann væri sá eini. Á meðal vörumerkja og birgja hins sameinaða fyrirtækis má nefna Appelsín, Malt, Pepsi, Merrild, Homeblest, Hatting, Findus, Nestlé, Smirnoff, Tuborg, Doritos, L'Oréal, Duni og Grand Marnier. Hjá fyrirtækjunum starfa um 225 manns með víðtæka þekkingu, menntun og reynslu sem sameiginlega hafa skapað metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi.

capacent RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir sigrun.yr.arnadottir@capacent.is og Tómas Oddur Hrafnsson tomas.hrafnsson@capacent.is hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Erlend viðskipti í Fjárstýringu

SPRON óskar eftir að ráða metnaðarfullan starfsmann í uppgjör og eftirlit vegna erlendra viðskipta í Fjárstýringu SPRON. Viðkomandi starfsmaður myndi taka virkan þátt í innleiðingarvinnu á SWIFT-lausnum og öðru sem tengist uppgjöri erlendra viðskipta.

Fjárstýring SPRON sinnir daglegri stýringu lausafjáráhættu, vaxtaáhættu og gjaldeyrisáhættu fyrir samstæðu SPRON auk þess að fjármagna rekstur SPRON innanlands sem utan. Gott starfsumhverfi, sem einkennist af góðum starfsanda, jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu starfsfólks í öllum samskiptum, er keppikefli okkar.

Starfssvið:

- Uppgjör og eftirlit vegna erlendra greiðslna í gegnum SWIFT.
- Utanumhald vegna greiðslna af innlendri og erlendri lántöku hjá SPRON.
- Uppgjör fjármálagerninga (framvirkir samningar, ávöxtunarsamningar o. fl.) sem Fjárstýring SPRON framkvæmir hverju sinni.
- Uppbygging verkferla/vinnubragða í samvinnu við aðra starfsmenn Fjárstýringu SPRON.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla og góð þekking á SWIFT
- Starfsreynsla á sviði erlendra viðskipta
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun
- Góð þekking á upplýsingakerfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og metnaður í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ósvaldur Knudsen, framkvæmdastjóri Fjárstýringar SPRON, og starfsmannaþjónusta SPRON í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 11. nóvember nk. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.

75 ára | spron

Yfirmatreiðslumaður veislueldhúss og mötuneyta Kaupþings

Við óskum eftir að ráða stjórnanda til að stýra mötuneytum höfuðstöðva bankans og matreiðslu fyrir veislur á vegum bankans. Unnið er að mestu leyti á dagtíma á virkum dögum en einnig stöku kvöld og helgar.

Hæfniskröfur

Við óskum eftir matreiðslumeistara sem hefur náð eftirtektarverðum árangri í matreiðslu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af stjórnun er æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Hvannberg á Starfsmannasviði, netfang jonas.hvannberg@kaupthing.com, sími 444 6376.

Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember 2007.

Umsækjendur fylli út umsókn á vefsíðum bankans: www.kaupthing.is og sendi ferilskrá með.

KAUPÞING
Hugsum lengra

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Laus störf á Höfuðborgarstofu

Skrifstofustjóri á skrifstofu Höfuðborgarstofu.

Starfssvið: Umsjón með skrifstofuhaldi Höfuðborgarstofu þ.m.t. móttaka, símsvörun og svör við fyrirspurnum, aðstoð við forstöðumann, undirbúningur og frágangur vegna funda, umsjón með skjalavistun og viðhald vefs.
Starfið krefst:
- Háskólamenntunar og/eða umtalsverðrar reynslu af skrifstofustörfum.
- Góðrar færni í íslensku og tölvuvinnslu - s.s. notkun helstu forrita.
- Þjónustulundar og mikillar færni í samskiptum við ólíka hópa fólks.
- Nákvæmni og góðrar tungumálakunnáttu.

Reynsla af skjalavistunarkerfinu GoPro er æskileg. Áhersla er lögð á metnað, jákvæðni og sveigjanleika.
Næsti yfirmaður er forstöðumaður Höfuðborgarstofu. Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. desember 2007.

Viðburðafulltrúi á Höfuðborgarstofu.

Starfssvið: Fulltrúi á viðburðaskrifstofu vinnur við undirbúning, skipulagningu og framkvæmd þeirra hátíða sem Höfuðborgarstofa stendur að eða kann að taka að sér með þjónustusamningum. Fulltrúi starfar einnig með forstöðumanni að ráðgjöf og aðstoð við aðra skipuleggjendur viðburða í Reykjavík og tekur þátt í alþjóðlegum samskiptum í tengslum við viðburði.
Starfið krefst:
- Háskólamenntunar og a.m.k. 2ja ára starfsreynslu sem nýtist í starfi.
- Mikillar færni í íslensku og ensku, ritvinnslu og helstu forritum.
- Frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum; nákvæmni og afar góðra skipulagshæfileika.
- Mikillar færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleika þar sem vinnutími er oft óreglulegur og/eða langur.

Viðburðafulltrúi þarf að geta verið talsmaður verkefnis í fjölmiðlum og verður því að eiga gott með að koma fram opinberlega. Næsti yfirmaður er forstöðumaður Höfuðborgarstofu. Um er að ræða verkefnaráðningu til eins árs og þarf viðkomandi að geta hafið störf eigi síðar en 1. desember 2007.

Kjör beggja starfa eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist forstöðumanni Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir: sif.gunnarsdottir@reykjavik.is. **Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember 2007.**

Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyra menningarstofnanir Reykjavíkurborgar, Borgarbóksafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Minjasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Menningarmiðstöðin Gerðuberg. Höfuðborgarstofa sinnir ferða- og markaðsmálum og sér um framkvæmd ýmissa stórra hátíða.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

ÍSTAK

VÉLAMENN / VÖRUBÍLSTJÓRAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða vana vélamenn og vörubílstjóra.

Um er að ræða framkvæmdir í Reykjavík og nágrenni og er möguleiki á vaktavinnu.

Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.
Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar **www.istak.is.**

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.
ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

KÍKTU Á CAPACENT.IS

capacent RÁÐNINGAR

GÖTUSMIÐJAN

Götusmiðjan óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöður:

Fagmenntaðan tónlistarkennara í 50% starf. Vinnutími 13.00-17.00
Fagmenntaðan reiðkennara í 50% starf. Vinnutími 13.00-17.00
Meðferðafulltrúa á vaktir með einhverja þekkingu á tónlist eða hestum. 100% starf.

Leitum eftir ábyrgum einstaklingum 25 ára og eldri, sem vilja vinna á skemmtilegum en krefjandi vinnustað, reynsla æskileg af vinnu með unglingum.

Götusmiðjan er staðsett í Grímsnesinu og er sérhæft meðferðaheimili fyrir ungt fólk á aldrinum 15-20 ára sem eiga í vímuefnavanda.

Uppls. í síma 566-6100 milli 09.00 og 17.00 alla virka daga. Einnig má senda fyrirspurnir á mummi@gotusmidjan.is

LAUGAR

Við erum að leita að starfsfólki

…sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavini!

WorldClass® ICELAND

Óskar eftir starfsmönnum í ræstingu í stöðvar okkar í Laugum, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ!
Um er að ræða fullt starf – vaktavinnu og óskað er eftir því að starfsmaður geti byrjað fljótlega.
Umsjón með ráðningu hefur Hólmfríður Ósk Guðbjörnsdóttir holly@worldclass.is

We are looking for people in our cleaning-department in Laugar, Seltjarnarnes and Mosfellsbær.
The job offers only shift-work and it would be great if applicants could start working soon.
For further information please contact Hólmfríður Ósk Guðbjörnsdóttir holly@worldclass.is

Sérfræðingur í gróðurkortagerð

Náttúrufræðistofnun Íslands auglýsir eftir sérfræðingi til starfa við gróðurkortagerð og fjarkönnun. Meginviðfangsefni er vinna við gerð gróður- og vistgerðakorta, skriftir, skýrslugerð og frágang landfræðilegra gagna.

Leitað er að landfræðingi eða líffræðingi sem hefur menntun og reynslu í kortagerð og á gróðurfari landsins. Þekking og reynsla í notkun hugbúnaðar á borð við Microstation, ArcGis, Erdasimagine og landfræðilegra gagnagrunna er æskileg.

Sérfræðingurinn þarf að vera vel á sig kominn og geta dvalið langdvölum að heiman við kortlagningu á vettvangi yfir sumartímann. Æskilegt er að hann geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veita Borgþór Magnússon, forstöðumaður vistfræðideildar (borgthor@ni.is) og Guðmundur Guðjónsson, verkefnastjóri gróðurkortagerðar (gudm@ni.is) Náttúrufræðistofnunar, sími 5 900 500.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmur 3, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík, eða á netfangið ni@ni.is, fyrir 11. nóvember 2007.
Öllum umsóknum verður svarað.

VBS fjárfestingarbanki leitar að fjórum framúrskarandi einstaklingum

VBS fjárfestingarbanki er vaxandi fjármálafyrirtæki sem sinnir verðbréfamiðlun, eignastýringu, framkvæmdafjármögnun og fyrirtækjaráðgjöf, auk lánveitinga til margvíslegra verkefna. VBS er hlutafélag með yfir 100 hluthafa og eiga flestir starfsmenn hlut í bankanum. Lögð er áhersla á hollustu og heilbrigði starfsmanna og er aðstaða í nýjum húsakynnum okkar í samræmi við ítrustu kröfur um vinnuvernd. Starfsmenn bankans eru nú nálægt 40. Við erum kraftmikill og samhentur hópur með mikið frumkvæði, þekkingu á fjölbreyttu sviði og keppum sífellt að góðum árangri bankans og viðskiptavina hans.

Umsjónarmaður viðskiptaviðmóts

sér um þróun á vef bankans og stýrir innleiðingu á viðskiptamannakerfi og skjalakerfi. Við leitum að bókasafns- og upplýsingafræðingi með mikla reynslu af tölvukerfum eða tölvunarfræðingi með mikla samskiptahæfni og áhuga á skipulagi og verkferlum. Viðkomandi einstaklingur þarf að hafa mikla þjónustulund en einnig góða forystuhæfileika.

Starfsmaður í móttöku

sér um að viðskiptavinir fái hlýjar móttökur þegar þeir koma til okkar, greiðir leið þeirra þannig að þeir fái úrlausn sinna erinda, undirbýr fundi, aðstoðar starfsmenn og sinnir símsvörun. Við leitum að einstaklingi með ríka þjónustulund og jákvætt viðhorf, góða enskukunnáttu, góða tölvukunnáttu, samskiptahæfni og frumkvæði.

Sérfræðingur á lánasviði

sér um fjárhagsgreiningu fyrirtækja og verkefna, undirbúning lánaumsókna, vinnslu og frágang lánaskjala ásamt eftirliti og utanumhaldi lánamála. Við leitum að viðskiptafræðingi með reynslu af útlánum í fjármálastofnun eða fjármálastjórnun fyrirtækja. Starfsreynsla í fjármálastjórnun verslunarreksturs eða þjónustufyrirtækis er kostur. Viðkomandi einstaklingur þarf að búa yfir frumkvæði, samskiptahæfni og mikilli þjónustulund.

Starfsmaður á vörslu- og uppgjörssviði

hefur umsjón með uppgjöri eigin viðskipta og einnig með sjóðum rekstrarfélaga VBS. Við leitum að viðskiptafræðingi, helst með reynslu af sambærilegum störfum. Þekking á rekstri verðbréfasjóða er skilyrði, ásamt samskiptahæfni og þjónustulund.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 5. nóvember nk.
Nánari upplýsingar veita Kristín Guðmundsdóttir og Elísabet Sverrisdóttir hjá Hagvangi. Netföng: kristin@hagvangur.is og elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR

Fíton/SÍA

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Sími: 570 1200
Fax: 570 1209

www.vbs.is
vbs@vbs.is

VBS FJÁRFESTINGARBANKI

SKÍÐASVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
óska eftir að ráða í eftirfarandi störf:

Rekstrarfulltrúa í 100% starf

Ábyrgðarsvið rekstrarfulltrúa eru m.a. eftirfarandi:
Ber ábyrgð á rekstri Kóngsins, nýjustu stólalyftunnar í Bláfjöllum.
Er ábyrgur fyrir ýmsum öryggismálum á skíðasvæðunum í Bláfjöllum.
Hefur yfirumsjón með viðhaldi húsakosta á svæðinu.

Starfið er mjög fjölbreytt og því er mikilvægt að viðkomandi sé handlaginn og fljótur að tileinka sér nýja hluti.

Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á rafvirkjun, smíði eða annarri iðn.
Laun eru greidd samkvæmt Kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur.

Starfsmönnum í hlutastörf

Einnig eru í boði ýmis störf sem hentað gætu vel með skóla eða sem aukavinna s.s.:
Miðasala, þrif, lyftuvarsla, húsvarsla og afgreiðsla í skíðaleigu.

Í boði er góður starfsandi í hreinu fjallalofti.
Gerð er krafa um að umsækjendur séu áreiðanlegir, heiðarlegir og duglegir.

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt starfsferilsskrá á Magnús Árnason, framkvæmdastjóra Skíðasvæðanna. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5 101 Reykjavík eða á netfangið magnus@skidasvaedi.is.

Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember 2007.
Ráðið verður í starfið sem allra fyrst.

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is

SKÍÐASVÆÐIN
BLÁFJÖLL - SKÁLAFELL

Þjónustufulltrúi óskast
á þjónustuborð Kringlunnar

Starfssvið
- Almenn afgreiðsla og upplýsingagjöf
- Sala á gjafakortum o.fl.
- Umsjón með Tax-free endurgreiðslum
- Ýmis önnur verkefni

Hæfniskröfur
- Stúdentspróf æskilegt
- Almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Enskukunnátta

Vinnutími er frá 9.30-14.00 aðra vikuna og 14.00-19.00 hina vikuna, auk annars hvers laugardags frá 9.30-18.00.

Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Viðar J. Björnsson tekur á móti umsóknum og veitir nánari upplýsingar í s. 568-9200 og á netfanginu **vidar@kringlan.is**.

Umsóknarfrestur er til og með mánudagsins 5. nóvember.

Kringlan

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Fjölbreytt störf í boði hjá Eimskip

Lítill heimur – hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Asíu og Eyjaálfu.

- 15.000 starfsmenn
- 300 skrifstofur í yfir 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frysti-geymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.

TBWA\REYKJAVÍK \ 9071312

DEILDARSTJÓRI TJÓNADEILDAR

Við leitum að öflugum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni í flutningageiranum.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða lögfræði er æskileg
- Þekking á sjó- og flutningarétti er kostur
- Nákvæmni og frumkvæði
- Þjónustulund og lipurð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Benedikt Ingi Elísson, bie@eimskip.is, sími 5257381.

VEFSTJÓRI

Um er að ræða nýtt, spennandi starf og verður það í höndum viðkomandi að þróa starfið og vefumhverfi fyrirtækisins. Vefstjóri ber ábyrgð á innra og ytra vefumhverfi.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfið
- Reynsla af vefumsjón æskileg
- Góð ritfærni, bæði á íslensku og ensku
- Jákvæðni, hugmyndaauðgi og framtakssemi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Hjálmsdóttir, ehd@eimskip.is, sími 525 7375.

RAFVÉLAVIRKI EÐA RAFVIRKI

Viljum ráða rafvélavirkja eða rafvirkja til framtíðarstarfa á rafmagnsverkstæði Eimskips í Sundahöfn. Unnið er á tvískiptum vöktum alla virka daga frá kl. 07.00 til 01.00.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR
- Sveinspróf í rafvéla- eða rafvirkjun
- Íslenskukunnátta skilyrði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Pálsson, arp@eimskip.is, sími 825 7181.

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 www.eimskip.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

Leikskólafulltrúi

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða í starf leikskólafulltrúa. Í Árborg eru
starfræktir 7 leikskólar. Leikskólarnir eru ólíkir hvað varðar útlit og uppeldisstefnur en áhugi fyrir starfinu og stefnu hvers leikskóla einkennir starfsemi þeirra allra.

Starfssvið og helstu verkefni:
- Yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla
- Veitir stjórnendum og starfsmönnum ráðgjöf um fagleg og rekstrarleg málefni
- Stefnumarkandi aðili um nýjungar í leikskólastarfi sveitarfélagsins
- Umsjón með innritun barna í leikskóla í samvinnu við leikskólastjóra
- Umsjón með dagforeldrum

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun og framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- Hæfni og reynsla í stjórnun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Sjálfstæði og skipulagshæfni
- Jákvæðni og áhugasemi um leikskólastarfsemi

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.

Nánari upplýsingar veitir Heiðdís Gunnarsdóttir, leikskólafulltrúi, í síma 480 1900 eða Borgar Ævar Axelsson, starfsmannastjóri, í síma 480 1900 eða á netfanginu borgar@arborg.is Eins má nálgast upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins **www.arborg.is .**

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Borgars Axelssonar borgar@arborg.is Austurvegi 2, 800 Selfossi, fyrir 11. nóvember 2007 merkt „leikskólafulltrúi".

... prýðir liðsheildina á Hilton Reykjavík Nordica

Hilton Reykjavík Nordica er hluti af stærstu hótelkeðju í heimi. Á hótelinu eru 252 glæsileg herbergi, fjölbreytt veitinga- og ráðstefnuaðstaða ásamt einum besta veitingastað landsins, VOX Restaurant.

Óskum eftir starfsfólki í veitingadeild

- **Morgunverðarþjónar.** 66% starf í vaktavinnu, 15 daga í mánuði, vinnutími frá 7-14. Einungis vant fólk kemur til greina. Gerð er krafa um góða ensku- og íslenskukunnáttu.
- **Þjónanemar.** Þriggja ára nám undir handleiðslu meistara á einu af bestu veitingahúsum Norðurlanda, VOX. Gerð er krafa um snyrtimennsku og stundvísi og áhugi á faginu er mikilvægur. Engin reynsla er nauðsynleg.
- **Kokkanemar.** Fjögurra ára nám undir handleiðslu meistara á einu af bestu veitingahúsum Norðurlanda, VOX. Gerð er krafa um snyrtimennsku og stundvísi og áhugi á faginu er mikilvægur. Engin reynsla er nauðsynleg.
- **Þjónustufólk í fullt starf og hlutastarf.** Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu sem hentar vel með skóla eða annarri vinnu. Reynsla er æskileg.
- **Barþjónar.** Hlutastarf á kvöldin og um helgar og fullt starf á 12 tíma vöktum, 15 daga í mánuði á lobby bar.
- **Aðstoðarfólk í eldhús.** Um er að ræða létt eldhússtörf á 12 tíma vöktum, 15 daga í mánuði.
- **Matreiðslumenn í VOX Bistro.** Unnið er á 12 tíma vöktum, 15 daga í mánuði. Enskukunnátta er skilyrði.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsóknir til veitingastjóra á oo@icehotels.is

Hilton Reykjavik Nordica

ÖRYGGISVÖRÐUR Í VAKTMIÐSTÖÐ

Helstu verkefni öryggisvarða snúa að eftirliti á starfssvæði Eimskips. Þeir svara boðum úr kerfum auk þess að veita aðstoð og sinna ýmsum tilfallandi verkefnum hverju sinni.

HÆFNISKRÖFUR
- Íslenska og einhver þekking í ensku
- Tölvukunnátta
- Heilbrigð sál í hraustum líkama

Vinnutími: Vika í senn, frá kl. 8.00-20.00, og frí vikuna á eftir. Nánari upplýsingar um starfið veitir Agnar Þór Agnarsson, aax@eimskip.is, sími 525 7106.

GÁMAFÆRSLUÞJÓNUSTA

Leitum að duglegum og þjónustuliprum einstaklingum til starfa við gámafærsluþjónustu á hafnarsvæði Eimskips í Reykjavík.

HÆFNISKRÖFUR
- Lyftararéttindi æskileg
- Þjónustulipurð og dugnaður

Nánari upplýsingar veita Végeir, sími 825 7489 eða Gunnar Örn, sími 825 7487.

VÖRUHÓTEL

í boði eru fjölbreytt störf við almenna vöruhúsaþjónustu í Vöruhóteli Eimskips í Reykjavík. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Eimskips www.eimskip.is.
Umsóknarfrestur er til og með 4. nóvember.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

EIMSKIP

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fjölbreytt störf í grunnskólum

Austurbæjarskóli, v/Vitastíg, sími 411-7200
- Skólaliði í 70-100% starf

Borgaskóli, Vættaborgum 9, sími 577-2900
- Umsjónarkennari á miðstigi frá 1. janúar 2008
- Umsjónarkennari á yngsta stigi frá 1. febrúar 2008
- Talmeinafræðingur í hlutastarf
- Forfallakennarar

Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, sími 411-7450
- Dönskukennari á unglingastigi

Fellaskóli, Norðurfelli 17-19, sími 577-3800
- Kennari á yngsta stigi
- Dönskukennari, afleysing vegna fæðingarorlofs

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540-7600
- Umsjónarkennari í 6. bekk, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
- Umsjónarkennari í 8. bekk, kennslugreinar danska og enska, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
- Þroskaþjálfi í 80-100% stöðu, frá 1. janúar 2008
- Skólaliði í mötuneyti í 80-100% starf frá 1. janúar 2008
- Stuðningsfulltrúar í 70% störf frá 1. janúar 2008

Fossvogsskóli, Haðarlandi 26, sími 568-0200
- Umsjónarkennari á miðstigi, vegna forfalla
- Verk- eða listgreinakennari í 50% stöðu

Hólabrekkuskóli, Suðurhólum 10, sími 557-4466
- Sérkennari
- Skólaliði

Ingunnarskóli, Maríubaugi 1, sími 411-7828
- Sérkennari
- Umsjónarkennari í 4.-5. bekk

Klébergsskóli, Kjalarnesi, sími 566-6083
- Umsjónarkennari á miðstigi

Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411-7880
- Umsjónarkennarar á miðstigi
- Danskennari í 50% stöðu
- Dönskukennari í 50% stöðu

Langholtsskóli, Holtavegi 23, sími 553-3188
- Yfirmaður í mötuneyti
- Stuðningsfulltrúi
- Skólaliði
- Kennari á yngsta stigi og miðstigi, afleysing frá 1. janúar 2008 vegna fæðingarorlofs
- Þroskaþjálfi frá 1. janúar 2008

Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24, sími 411-7444
- Stuðningsfulltrúi í 80% starf

Norðlingaskóli, v/Árvað 3, sími 411-7640
- Umsjónarkennari í 3. - 4. bekk frá 1. janúar 2008
- Umsjónarkennari í 5. - 7. bekk frá 1. janúar 2008
- Umsjónarkennari í 8. - 9. bekk frá 1. janúar 2008
- Tónmenntakennari frá 1. janúar 2008

Rimaskóli, Rósarima 11, sími 411-7720
- Kennari á unglingastigi, kennslugreinar íslenska og stærðfræði, 50% staða
- Skólaliðar
- Stuðningsfulltrúi í 75% starf

Víkurskóli, v/Hamravík, sími 545-2700
- Stærðfræðikennari í 8.-10. bekk í 80% stöðu, möguleiki á 100% stöðu, vegna forfalla
- Umsjónarkennari í 2.-3. bekk í 60% stöðu, vegna forfalla

Vogaskóli, v/Ferjuvog, sími 411-7373
- Skólaliði í kaffistofu og mötuneyti í 80-100% starf frá 1. janúar 2008

Ölduselsskóli, Ölduseli 17, sími 557-5522
- Skólaliði, baðvarsla drengja

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Ert þú rétti liðsmaðurinn?

Fjölnir, stærsta íþróttafélag Reykjavíkur, vill bæta við sig liðsmönnum. Reykjavíkurborg hefur ákveðið að leggja félaginu lið með mikilli uppbyggingu íþróttamannvirkja í hverfinu á næstu fjórum árum og við hyggjumst breyta skipulagi okkar til að ná settu marki. Því auglýsum við nú eftirfarandi stjórnunarstörf laus til umsóknar.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárhag félagsins gagnvart stjórn. Hann annast jafnframt framkvæmd stefnu félagsins og sér um ímyndar- og kynningarmál.

Starfslýsing:
- Daglegur rekstur og stjórnun
- Starfsmannamál og ráðningar
- Skýrslugjöf og samskipti við stjórn
- Samningagerð og eftirlit með þeim
- Samræming félagsstarfs
- Samskipti við heildarsamtök og ÍTR
- Rekstur stuðningsmannaklúbbs
- Skipulag stærri viðburða
- Útgáfu- og kynningarmál
- Upplýsingamiðlun og samskipti við deildir

Hæfniskröfur:
- Þekking og reynsla af stjórnun
- Skilningur á fjármálum, rekstri og áætlanagerð
- Leiðtogahæfileikar
- Brennandi áhugi á félagsmálum
- Hæfni í samskiptum og geta til að taka á erfiðum málum
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, kraftur og áræði

Fjármálastjóri

Fjármálastjóri ber ábyrgð á fjármálum félagsins gagnvart framkvæmdastjóra og stjórn. Hann annast jafnframt bókhald félagsins, innheimtu æfingagjalda og hefur umsjón með mannvirkjum félagsins.

Starfslýsing:
- Dagleg fjármálastjórn félagsins
- Umsjón með bókhaldi og reikningagerð
- Innheimta æfingagjalda
- Áætlanagerð aðalsjóðs og deilda
- Fjármögnun og lausafjárstýring
- Umsjón með mannvirkjum félagsins

Hæfniskröfur:
- Þekking og reynsla af fjármálastjórnun
- Góð reynsla af bókhaldi
- Reynsla af áætlanagerð
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í samskiptum

Sviðsstjóri knattspyrnu

Sviðsstjóri ber ábyrgð á starfsemi knattspyrnudeildar og á meistaraflokki karla og kvenna. Hann sér um framkvæmd stefnu í knattspyrnumálum í samvinnu við stjórn deildarinnar og meistaraflokksráð og vinnur að markmiðum um þjónustu við iðkendur, gæði þjálf-unar og fjölgun iðkenda. Fjöldi iðkenda í dag er um 800.

Starfslýsing:
- Eftirfylgni uppeldis- og afreksstefnu
- Samskipti við iðkendur og foreldra
- Ráðning þjálfara og eftirlit með þjálfun
- Iðkendaskráning
- Skipulag móta og viðburða
- Gerð samninga við leikmenn
- Samstarf við fjármálastjóra um fjármál, mannvirki og búnað
- Samskipti við KSÍ
- Viðhald heimasíðu

Hæfniskröfur:
- Þekking og reynsla af stjórnun
- Skilningur á rekstri og áætlanagerð
- Leiðtogahæfileikar
- Brennandi áhugi á félagsmálum
- Hæfni í samskiptum og geta til að taka á erfiðum málum
- Frumkvæði, kraftur og áræði

Sviðsstjóri einstaklingsgreina

Sviðsstjóri ber ábyrgð á starfsemi deilda í fimleikum, frjálsum íþróttum, karate, taekwondo, skák, sundi og tennis. Hann sér jafnframt um framkvæmd stefnu deildanna í samvinnu við stjórnir þeirra og vinnur að markmiðum um þjónustu við iðkendur, gæði þjálfunar og fjölgun iðkenda. Fjöldi iðkenda er í dag um 1000.

Starfslýsing:
- Eftirfylgni uppeldis- og afreksstefnu
- Samskipti við iðkendur og foreldra
- Ráðning þjálfara og eftirlit með þjálfun
- Iðkendaskráning
- Skipulag móta og viðburða
- Samstarf við fjármálastjóra um fjármál, mannvirki og búnað
- Samskipti við KSÍ
- Viðhald heimasíðu

Hæfniskröfur:
- Þekking og reynsla af stjórnun
- Skilningur á rekstri og áætlanagerð
- Leiðtogahæfileikar
- Brennandi áhugi á félagsmálum
- Hæfni í samskiptum og geta til að taka á erfiðum málum
- Frumkvæði, kraftur og áræði

Nánari upplýsingar um störfin veita Ragnar Þórir Guðgeirsson, formaður Fjölnis, í síma 899-4210 / ragnar@argyron.is og Ingibjörg Óðinsdóttir, stjórnarmaður í Fjölni, í síma 860-5949. Umsóknarfrestur er til mánudagsins 5. nóvember 2007. Áhugasamir eru beðnir að senda umsókn með mynd í netfang Ragnars. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

RAFVIRKJAR!
Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa
Gunnar s: 587 8890
eða tölvupóstur á:
gunnar@rafstjorn.is
RAFSTJÓRN ehf.
Virkni iðnfræstikerfa er okkar lag!
www.rafstjorn.is

B&L umsjónarmann rekstrarleigu nýrra bíla

Starfsmaður í söludeild B&L

Starfssvið
Umsjón með innkaupum á rekstrarleigubílum
Umsjón með endurnýjun samninga
Ráðgjöf til viðskiptavina um fjármögnun bifreiða

Hæfniskröfur
Góða þekkingu á bifreiðarviðskiptum er kostur
Ríka þjónustulund
Lipurð í mannlegum samskiptum
Söluhæfileika
Stundvísi
Skipulögð vinnubrögð

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið **bjarnib@bl.is.**
Umsóknir þurfa að berast fyrir **05. nóvember nk**.
Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.

HYUNDAI | RENAULT | BMW | LAND ROVER

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi auglýsir eftir

Forstöðumanni Fjöliðjunnar vinnu og hæfingarstaðar fyrir fólk með fötlun á Akranesi og í Borgarnesi.

Svæðisskrifstofa Vesturlands auglýsir eftir einstaklingi með menntun eða reynslu á sviði uppeldis, félagsvísinda eða viðskipta og stjórnunar í starf forstöðumanns Fjöliðjunnar.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða samstarfs og samskiptahæfileika og virði aðra á jafnréttisgrundvelli.

Hlutverk forstöðumannsins er að stjórna og þróa áfram þjónustu við fólk með fötlun. Því er gott að væntanlegur forstöðumaður hafi innsýn í málefni fatlaðra.

Forstöðumaðurinn þarf að stýra rekstri vinnu og hæfingarstaðar, þess vegna er mikilvægt að hann hafi þekkingu á rekstri og á atvinnulífinu. Forstöðumaðurinn þarf að vinna í tengslum opinbera aðila og atvinnulífið og vinna að öflun nýrra verkefna fyrir vinnustaðinn. Forstöðumaðurinn er þátttakandi í þverfaglegri þjónustu Svæðisskrifstofunnar.

Um er að ræða fullt starf.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember n.k.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Þorgrímsson framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu Vesturlands í síma 4331700 netfang: magnus@sfvesturland.is. Laun skv. gildandi kjara- og stofnanasamningum BHM/SFR og svæðisskrifstofa.

Skriflegar umsóknir sendist til Svæðisskrifstofu Vesturlands Bjarnarbraut 8 - 310 Borgarnes

ÍSFELL

Starfsfólk á lager

Ísfell ehf. rekur alhliða veiðarfæraþjónustu með útgerðar-, rekstrar- og björgunarvörur ásamt rekstri netaverkstæða. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.isfell.is

Vöruhúsið að Óseyrarbraut 28 í Hafnarfirði

Óskum eftir starfsfólki til vinnu við almenna lagervinnu.
- Lyftarapróf æskilegt.
- Vinnutími kl. 8-17 mán.-fös.

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 9.nóvember næstkomandi.

Umsóknir óskast sendar á netfangið steini@isfell.is eða hafa samband við Hólmstein Björnsson framkvæmdarstjóra í s. 5 200 500.

Það er svo gaman að vera saman!

Einkarekni leikskólinn Korpukot óskar eftir skemmtilegu starfsfólki sem býr yfir færni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði. Við leitum að:

- *Leikskólakennurum*
- *Íþróttakennurum*
- *Þroskaþjálfa*
- *Myndlistarkennara*
- *Tónlistarkennara*
- *Leiðbeinendum*

Áhugasamir vinsamlegast hafi samband í síma

577 1900

Korpukot

Fossaleyni 12, Grafarvogi • 112 Reykjavík
Sími 577 1900 • skrifstofa@korpukot.is

VILTU BESTA STARF Í HEIMI?

Frístundaheimili ÍTR óska eftir frístundaráðgjöfum/ leiðbeinendum í stuðning við fötluð börn

Við leitum að skipulögðu, röggsömu, hugmyndaríku, skapandi og skemmtilegu fólki sem er áhugasamt um að vinna með fötluðum börnum á almennum frístundaheimilum ÍTR og frístundaheimili við Öskjuhlíðarskóla.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
Hægt er að sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is, eða hafa samband við starfsmannaþjónustu ÍTR í síma 411 5000.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar má fá á frístundamiðstöðvum í hverfum borgarinnar:
Tónabæ vegna Öskjuhlíðarskóla s. 411 5400
Gufunesbæ í Grafarvogi og Kjalarnesi s. 520 2300
Árseli í Árbæ og Grafarholti s. 567 1740
Miðbergi í Breiðholti s. 411 5750
Tónabæ í Austurbæ s. 411 5400
Miðborg og Hlíðar s. 411 5560
Frostaskjóli í Vesturbæ s. 411 5700

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is

Kaupthing Bank IT seeks SAP and .NET specialists

As its business expands, Kaupthing Bank is seeking to hire specialists in SAP and .NET in its IT division. We endeavour to appoint people who can work independently, show initiative, have a good command of English, possess excellent communications skills and demonstrate the ability to work in a team.

Responsibilities

Act as a specialist within the bank for a specific SAP and .Net area, participate in the full life cycle of project work all the way from early drafts until delivery into production. Kaupthing Bank is looking to establish a team of experts within the bank's current and future SAP environment.

The bank is especially keen on people interested in working in one or more of the following areas:
- SAP BP (Business Partner)
- SAP CML (Customer Mortgage Loans)
- SAP PI (Process Integration)
- SAP BCA (Bank Customer Accounts)
- SAP CMS (Collateral Management System)
- SAP ABAP (Programming)

Education and required skills
- University education in engineering, computer studies or business studies
- Experience of work related to the financial sector
- Experience of advisory services and the banking sector

Applicants can apply on the bank's website, www.kaupthing.is. The closing date for applications is 5 November.
For further information please contact Íris Guðrún Ragnarsdóttir in Human Resources, telephone 444-6377, e-mail iris.ragnarsdottir@kaupthing.com and Per Christian Christ ensen Head of Software Development, telephone 444-7212, e-mail per.c.christensen@kaupthing.com.

We can offer
- International working environment
- Vibrant, dynamic and cutting edge work place
- Interesting and challenging tasks
- Ongoing education and job development
- Flexible working hours
- Good salary corresponding to education and experience
- Career prospects
- The chance to participate in the development of an ambitious company

KAUPPING
Hugsum lengra

KÓPAVOGSBÆR

„Ljóðstafur Jóns úr Vör"
Ljóðasamkeppni

Lista og menningarráð Kópavogs efnir til árlegrar ljóðasamkeppni undir heitinu „Ljóðstafur Jóns úr Vör".

Veitt verða vegleg verðlaun og mun verðlaunaskáldið fá til varðveislu í eitt ár göngustaf sem á verður festur skjöldur með nafni þess.

3ja manna dómnefnd mun velja úr ljóðum sem berast.

Öllum skáldum er velkomið að senda ljóð í keppnina. Þau mega ekki hafa birst áður. Ljóðum skal skilað með dulnefni og skal nafn, heimili og sími skáldsins fylgja með í lokuðu umslagi auðkennt með sama dulnefni. Aðeins má senda eitt ljóð í hverju umslagi og þess vænst að ljóðunum sé skilað á pappírsstærðinni A-4 eða A-5.

Skilafrestur er til **9. desember 2007** og utanáskriftin er:

„Ljóðstafur Jóns úr Vör"
Tómstunda- og menningarsvið Kópavogs
b.t. Sigurbjargar H. Hauksdóttur,
Fannborg 2, 200 Kópavogur

Afhending verðlaunanna fer fram á afmælisdegi Jóns úr Vör mánudaginn 21. janúar 2008.
Þátttöku ljóð má sækja á ofangreint heimilisfang fyrir 1. febrúar; eftir það verður þeim eytt.

Vörustjóri

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru tuttugu og ein á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri.

Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

www.husa.is

Húsasmiðjan óskar eftir að ráða öflugan vörustjóra í timbri og öðrum byggingarvörum.

Helstu verkefni
- Innkaupastjórnun og vöruþróun
- Birgðastýring og verðútreikningar
- Samskipti og samningagerð við erlenda birgja
- Áætlanagerð

Hæfniskröfur
- Viðskiptafræðimenntun á sviði vörustjórnunar og/eða verk- eða tæknifræðimenntun
- Aðili með mikla reynslu af innkaupum og vörustjórnun kemur einnig til greina
- Færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta
- Önnur tungumálakunnátta er kostur

Viðkomandi starfsmaður þarf að vera skipulagður, geta unnið sjálfstætt og með fleirum. Þá þarf starfsmaðurinn að hafa frumkvæði sem nýtist við mótun starfsins.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 5. nóvember nk.

Upplýsingar veitir Björn H. Reynisson hjá Hagvangi. Netfang: bjorn@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

STARFSMAÐUR Í SAL

Starfssvið:
- Almenn móttaka á vörum
- Pökkun á vörum
- Upphengingar á vörum
- Aðstoðarmaður málara
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
- Nauðsynlegt er að viðkomandi geti lesið íslensku
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Metnaður til að ná árangri

Í boði eru:
Samkeppnishæf laun - Góður starfsandi - Góð vinnuaðstaða - Traustur vinnuveitandi

Vinnutími er frá kl. 8:00-18:00 mánudaga til fimmtudga og 8:00-16:00 föstudaga.
Um framtíðarstarf er að ræða.

Pólýhúðun er í eigu Formaco ehf. og upplýsingar um störfin veitir Svava Þorsteinsdóttir starfsmannastjóri Formaco.
Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrár á svava@formaco.is. Umsóknarfrestur er til 7. nóvember 2007

Pólýhúðun er nútíma lökkunarfyrirtæki búið nýjustu tækni til duftlökkunar á málmhlutum. Starfsemin hefur verið í eigin húsnæði að Smiðjuvegi 1, Kópavogi síðan 1998 og hafa umsvifin aukist á ári hverju. Íhverjum mánuði eru húðaðir þúsundir fermetra af hinum ýmsu verkefnum allt frá nöglum og skrúfum upp í heilu hringstigana. Fjölbreytni er eitt af kjörorðum okkar enda er ekkert verkefni svo smátt eða stórt að við tökum ekki á því.

Smiðjuvegi 1, 200 Kópavogur | Sími 544 5700 | Fax 544 5701 | Tölvupóstur poly@polyhudun.is

FROSTmark EHF

Óskum eftir

rafvirkja, vélfræðingi, vélstjóra, vélvirkja.

Starfssviðið felst í almennri þjónustu á kæli- og frystikerfum, uppsetningum kerfa og smíði kerfa.

Nánari upplýsingar gefur Guðlaugur Pálsson í síma 893-9421.
Hægt er að senda inn starfsumsóknir á póstfang gulli@frostmark.is.

Frostmark ehf. er fyrirtæki á sviði kæli- og frystitækni

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Grunnskólar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Kennsla á miðstigi

Hraunvallaskóli (664 5874 agusta@hraunvallaskoli.is)
Forfallakennari
Leikskólakennari/deildarstjóri
Leikskólakennarar/annað uppeldismenntað starfsfólk (sigrunk@hraunvallaskoli.is)

Hvaleyrarskóli (helgi@hvaleyrarskoli.is)
Starfsmaður í frístundaheimili (50% e.hádegi)

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Skólaliði við fjölnám sem sinnir gæslu, aðstoð í eldhúsi og skrifstofu

Setbergsskóli (664 5880 gudosk@setbergsskoli.is)
Kennari í sérdeild f. einhverf börn
Skólaliði í íþróttahús
Skólaliða í almenn störf

Víðistaðaskóli (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
Stuðningsfulltrúi
Starfsmaður í íþróttahús (80%)
Starfsmenn í íþróttahús, hlutastörf á dagvinnutíma hentar vel eldri borgurum

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
Almenn kennsla
Smíðakennsla – val í 10. bekk – stundak.
Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Álfasteinn(555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Matreiðslumeistari/matráður
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Síðdegisstöður

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hraunvallaskóli (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Deildarstjóri
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Norðurberg (555 3484/664 5851 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Stekkjarás (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara, þroskaþjálfa og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Matreiðslumeistari/matráður frá áramótum
Aðstoð í eldhús fyrir hádegi
Skilastöður

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóra
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR
VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum veitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **sima 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

LANDSPÍTALI

Sjúkraliðar

óskast í vaktavinnu á gigtar- og almenna lyflækningadeild í Fossvogi. Starfshlutfall og vinnutími er samkomulag. Starfið er fjölbreytt og gefandi. Í tengslum við legudeildina er rekin dagdeild fyrir einstaklinga með gigtarsjúkdóma. Einstaklingshæfð aðlögun með reyndum sjúkraliða.

Áhugasamir sjúkraliðar eru velkomnir í heimsókn til að kynna sér starfið.

Umsóknir berist fyrir 12. nóv. 2007 til Þóru I. Árnadóttur, deildarstjóra og veitir hún upplýsingar í síma 543 6700, netfang toraarn@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður.

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

AUGLÝSINGASTJÓRI

Menntaskólablaðið Verðandi vill bæta við nýjum starfsmanni í auglýsingasöfnun, sem jafnframt yrði auglýsingastjóri. Stefnan er sett á fleiri útgáfuverkefni tengd sama markhópi í framtíðinni.

Leitað er eftir einstaklingi sem er ungur, metnaðargjarn, með áhuga á fjölmiðlum og vill sjá árangur af sínum störfum. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, heiðarlegur og með mikla samskiptahæfileika.

Reynsla af auglýsingasöfnun er skilyrði.

Laun eru samkomulagsatriði og allt opið í þeim efnum. Um er að ræða einstakt tækifæri fyrir hæfileikaríkan frumkvöðul.

Menntaskólablaðið Verðandi hefur komið reglulega út í rúmt ár.

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur í síma 615 0606 og á grs@verdandi.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Vörustjórnun

MARORKA

Marorka er hátæknifyrirtæki sem þróar, framleiðir og markaðssetur orkustjórnunarkerfi fyrir skip. Stefna fyrirtækisins er að vera í fararbroddi á alþjóðamarkaði í orkurannsóknum og orkustjórnun, nýsköpun og ráðgjöf á sínu sviði.

www.marorka.is

Marorka óskar eftir verk- eða tölvunarfræðingi til starfa við vörustjórnun. Vörustjórnun fellur undir Rannsóknar- og vöruþróunarsvið fyrirtækisins þar sem fyrir starfar öflugur hópur sérfræðinga.

Starfssvið
- Vörustjórnun
- Áætlanagerð
- Þróun og stöðlun á vörum
- Umsjón með rannsóknarverkefnum
- Umsjón með sölu- og kynningarefni

Hæfniskröfur
- Menntun á sviði verk- eða tölvunarfræði
- Greiningar- og skipulagshæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu
- Þekking á forritun og SQL fyrirspurnarmálinu æskileg
- Þekking á skipageiranum er kostur

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 7. nóvember nk.

Upplýsingar veita Elísabet S. Arndal og Inga S. Arnardóttir.
Netföng: elisabetsa@hagvangur.is og inga@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

TÁLKNAFJARÐARHREPPUR

Tálknafjörður

Tálknafjörður er um 300 manna byggðarlag á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem blómlegt mannlíf, framúrskarandi þjónusta og mikil náttúrufegurð eru einkennandi. Í bænum er öll íþróttaaðstaða til fyrirmyndar, 25 m útisundlaug, íþróttahús og tækjasalur. Gríðarleg náttúrufegurð er á sunnanverðum Vestfjörðum og er hið stórfenglega Látrabjarg rétt við túnfót Tálknafjarðar. Veðurblíður eru miklar með mildum vetrum og heitum sumrum.

Sjá nánar á **www.talknafjordur.is**

AÐSTOÐARMAÐUR SVEITARSTJÓRA

Tálknafjarðarhreppur auglýsir starf aðstoðarmanns sveitarstjóra laust til umsóknar. Um fjölbreytt starf er að ræða sem reynir á nákvæmni og góða samskiptahæfileika.

Starfssvið
- Bókhald og afstemmingar
- Skil á uppgjöri til endurskoðanda
- Innheimta
- Móttaka og svörun fyrirspurna
- Önnur fjölbreytt verkefni

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. viðskiptamenntun eða góð reynsla af sambærilegum störfum
- Góð tölvukunnátta
- Samskipta- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga er æskileg

GRUNNSKÓLAKENNARAR

Kennarar óskast til starfa í Grunnskóla Tálknafjarðar. Um er að ræða almenna bekkjar- og umsjónarkennslu.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 12. nóvember nk.

Upplýsingar um störfin veita Inga S. Arnardóttir og Elísabet Sverrisdóttir.
Netföng: inga@hagvangur.is og elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

INNRI ENDURSKOÐUN GLITNIS

Við leitum að öflugu fólki í störf sérfræðinga. Í boði eru fjölbreytt viðfangsefni í alþjóðlegu umhverfi.

Innri endurskoðun Glitnis banka hf. hefur yfirumsjón með innri endurskoðun hjá Glitni og dótturfélögum. Forstöðumaður er ráðinn af stjórn bankans og er starfsemin óháð öðrum rekstrareiningum hans. Hlutverk deildarinnar er að leggja mat á virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnunarhátta, auk þess að vera stjórnendum til ráðgjafar.

SÉRFRÆÐINGUR Í INNRI ENDURSKOÐUN

Helstu verkefni

- Innri endurskoðun á bankanum og dótturfélögum
- Athugun á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnunaraðferða
- Eftirfylgni með lögum og reglum
- Samskipti við innlend og erlend dótturfélög
- Skýrslugerð á íslensku og ensku

Hæfniskröfur

- Samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða raunvísinda
- Reynsla af innri endurskoðun og/eða þekking á bankastarfsemi er kostur
- Góð Excel- og tölfræðikunnátta
- Faggilding í innri endurskoðun, Certified Internal Auditor, CIA, er kostur

SÉRFRÆÐINGUR Í TÖLVUENDURSKOÐUN OG UPPLÝSINGAÖRYGGI

Helstu verkefni

- Innri endurskoðun á bankanum og dótturfélögum með sérstaka áherslu á upplýsingaöryggi
- Athugun á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnunaraðferða
- Eftirfylgni með lögum og reglum
- Samskipti við innlend og erlend dótturfélög
- Skýrslugerð á íslensku og ensku

Hæfniskröfur

- Samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af innri endurskoðun og/eða þekking á bankastarfsemi er kostur
- Góð Excel- og tölfræðikunnátta og færni í notkun fyrirspurnartóla (SQL)
- Þekking á áhættumati og áhættustýringu kostur
- Faggilding í tölvuendurskoðun, Certified Information Systems Auditor, CISA, er kostur

Nánari upplýsingar veitir Ágúst Hrafnkelsson, forstöðumaður innri endurskoðunar, sími 440 4713, netfang agust.hrafnkelsson@glitnir.is.

Tengiliður á mannauðssviði er Elísabet Hilmarsdóttir sími 440 4163, netfang elisabet.hilmarsdottir@glitnir.is. Umsóknir óskast fylltar út á www.glitnir.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 4. nóvember nk.

GLITNIR

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF
Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

Leikskólakennarar!
Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningum Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga

Arnarsmári: 564 5380
• Leikskólakennarar
Álfatún: 564 6266
• Leikskólastjóri – afleysing
• Leikskólakennarar
Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 4350
• Leikskólakennarar
Dalur: 554 5740
• Leikskólakennari
Efstihjalli: 554 6150
• Leikskólakennarar
Fífusalir: 570 4200
• Deildarstjóri
• Leikskólakennarar
Furugrund: 554 1124
• Sérkennari/leikskólakennari
Grænatún: 554 6580
• Leikskólakennari
• Starfsmaður vegna stuðnings 80-100%
Kópahvoll: 554 0120
• Leikskólakennari 100%
Marbakki: 564 1112
• Leikskólakennari
Núpur: 554 7020
• Leikskólakennarar
Rjúpnahæð: 570 4240
• Leikskólakennarar
• Ræsting 50%
Smárahvammur: 564 4300
• Starfsmaður á deild
Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789
• Leikskólakennarar
• Starfsmaður í sérkennslu/þroskaþjálfi

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir mótuðum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttekur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Umsækjendum gefst kostur á að fylgja umsókn / skráningu eftir með því að panta viðtal hjá ráðgjafa
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Reykjavik Excursions
KYNNISFERDIR

Afgreiðslumaður

Kynnisferðir ehf. óska eftir að ráða starfsmann til ferðaafgreiðslu í BSÍ. Góð íslenskukunnátta er skilyrði, auk eins annars tungumáls (ensku).

Aðrar kröfur:
- Góð tölvukunnátta
- Falleg framkoma og þjónustulund
- Þekking á landi og þjóð

Um er að ræða vaktavinnu.

Umsóknir sendist til Kynnisferða ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogi, eða til sigridur@re.is. Öllum umsóknum er svarað og farið er með þær allar sem trúnaðarmál.

Það er ekki eitthvað sem þarf að hafa til að vera stöðuvörður. Til þess þarf fyrst og fremst hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á að stöðureglur í borginni séu virtar.

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir jákvæðum og hraustum konum og körlum til starfa í hlutastarf eða fullt starf sem fyrst. Fjölbreytt starf með mikilli útiveru í miðbæ Reykjavíkur.

Starfslýsing stöðuvarðar
- Eftirlit með bifreiðastöðum og notkun gjaldskyldra bílastæða utanhúss
- Ritun umsagna vegna álagðra gjalda
- Mikil samskipti við viðskiptavini og samstarfsmenn

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Hæfniskröfur
- Ökuréttindi áskilin
- Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund, jákvæðni og áræðni
- Stundvísi, reglusemi og almennt hreysti
- Skriffærni á íslensku
- Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli

Umsóknarfrestur til 11. nóvember
Umsóknarfrestur er til 11. nóvember nk. og skal senda umsóknir til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur merkt „Stöðuvörður“, Hverfisgötu 14, 101 Rvk eða á albert.heimisson@reykjavik.is. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð í afgreiðslu okkar. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411 3400.

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Öryggisvörður - afleysingar

Félagsmiðstöðin við Vitatorg, Lindargötu 59 óskar eftir að ráða öryggisvörð í afleysingar.

Helstu verkefni:
Afleysingar fyrir fastráðna öryggisverði í vetrar-og sumarleyfum.
Starfið felst ma. í því að hafa öryggiseftirlit með íbúum og húsakynnum en á staðnum eru 94 íbúðir og félagsmiðstöð.

Vinnutími:
Um er að ræða vaktavinnu, 8 klst. kvöld- og næturvaktir virka daga og 12 klst. vaktir um helgar og helgidaga.

Hæfniskröfur:
Lipurð í mannlegum samskiptum.
Samviskusemi og sveigjanleiki.
Reglusemi og stundvísi.
Hreint sakavottorð.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Nánari upplýsingar veitir Edda Hjaltested forstöðumaður í síma 411 9540, netfang: edda.a.hjaltested@reykjavik.is

Umsóknareyðublöð liggja frammi á staðnum
Umsóknum skal skila í félagsmiðstöðina við Vitatorg, Lindartorg 59 fyrir 6. nóvember nk.


TÆKNIFRÆÐINGUR
VERKFRÆÐINGUR

Óskum eftir að ráða
rafmagnstæknifræðing
eða rafmagnsverkfræðing.
Fjölbreytt verkefni framundan.

Um er að ræða framtíðarstarf, sem hentar jafnt starfsmanni með mikla reynslu og þeim sem eru að ljúka námi

Frekari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband í tölvupósti vista@vista.is
Umsóknum skal skilað til vista@vista.is fyrir 5. nóvember nk.

VISTA VERKFRÆÐISTOFA
Höfðabakki 9c 110 Reykjavík www.vista.is

Verkfræðistofan Vista vinnur að fjölbreyttum verkefnum á sviði sjálfvirkni, mælikerfa og sjálfvirkra upplýsingakerfa. Stofan er í fremstu röð varðandi hugbúnaðargerð fyrir viðvörunar- og eftirlitskerfi sem eru í notkun hér á landi og víða um heim

SECURITY GUARD

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard in the Security Section. The closing date for this postion is November 11, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancies@state.gov

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Lögfræðingar

Félagsmálaráðuneytið auglýsir eftir tveimur lögfræðingum til starfa á skrifstofu jafnréttis- og vinnumála.
Lögfræðingarnir munu starfa að verkefnum á sviði vinnuréttar, vinnuverndar, jafnréttismála auk almennrar stjórnsýslu, svo sem við gerð frumvarpa og reglugerða, gerð úrskurða, lögfræðilega ráðgjöf og skýrslugerðir. Enn fremur er um að ræða erlend samskipti á grundvelli fjölþjóðasamninga á framangreindum sviðum en samskipti innan stjórnsýslunnar við önnur ráðuneyti og stofnanir sem og samráð við hagsmunasamtök eru jafnframt viðamikill þáttur í starfinu.

Starfssvið:

- gerð úrskurða
- gerð lagafrumvarpa og reglugerða
- skýrslugerðir
- innlend samskipti innan stjórnsýslunnar og við hagsmunasamtök
- erlend samskipti á grundvelli fjölþjóðasamninga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- embættis- eða meistaraprófi í lögfræði
- gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- góð tungumálakunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli
- færni í mannlegum samskiptum
- sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- góð almenn tölvukunnátta

Í boði eru áhugaverð og fjölbreytt störf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Vakin er athygli á því að starfið stendur opið jafnt konum og körlum. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Miðað er við að ráðið verði í stöðurnar 1. janúar 2008 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um störfin veita Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri jafnréttis- og vinnumálaskrifstofu í síma 545-8100 eða netfang: ragnhildur.arnljotsdottir hjá fel.stjr.is eða hanna.sigridur.gunnsteinsdottir hjá fel.stjr.is

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast félagsmálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eigi síðar en 12. nóvember nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. október 2007.

GRINDAVÍK

Grunnskólinn í Grindavík

kennari óskast

Vegna forfalla vantar nú þegar kennara á yngsta stig.
Upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í símum 420-1150, 660-7319 og 660-7320.
Netfang gulli@grindavik.is.

Skólastjóri

Atferlisþjálfa

vantar í skemmtilegt verkefni

Starfsfólk óskast til að taka þátt í tilraunaverkefni tengdu atferlismótun einhverfra barna. Við bjóðum upp á samstarf og handleiðslu frá erlendum sérfræðingum sem eru leiðandi í atferlisgreiningu og meðferð einhverfra í Bandaríkjunum, með möguleika á þjálfunar- og vinnuferðum erlendis. Frumkvæði, hugmyndaríki og sjálfstæði í vinnu er mjög mikilvægt sem og áhugi á málefnum einhverfra og þessari tegund meðferðarleiðar, þar sem um er að ræða mjög sérhæfða meðferð. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband við Berglindi í síma 696-2802 eða á netfangið berglindb@gmail.com

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn
- Ræsting

Félagsþjónusta Kópavogs:
- Félagsráðgjafi v/barnaverndarvinnu
- Félagsráðgjafi - félagsleg ráðgjöf
- Félagsliði í kvöldþjónustu
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur
- Starfsmaður óskast við þjónustuíbúðakjarna

Roðasalir - sambýli og dagþjálfun
- Sjúkraliði
- Starfsmaður til aðhlynningar
- Matráður

Íþróttamiðstöðin Versalir:
- Baðvarsla kvenna

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:
- Stuðningsfulltrúi 50 – 75%

Hjallaskóli:
- Kennari í leikrænni tjáningu
- Umsjónarkennari á miðstig
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stundakennari í albönsku
- Stuðningsfulltrúi 60%

Hörðuvallaskóli:
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stundakennari í íþróttum 6 st. á viku

Kársnesskóli:
- Forfallakennari
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.

Salaskóli:
- Starfsfólk í Dægradvöl, hlutastarf

Smáraskóli:
- Stuðningsfulltrúar
- Starfsmaður í Dægradvöl

Snælandsskóli:
- Kórstjóri í allt að 50% starf
- Þroskaþjálfi/stuðningsfulltrúi
- Sérkennari 100% starf

Vatnsendaskóli:
- Skólaliði 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50% e. hád.
- Matráður kennara 60%

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is

Vörustjóri

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru tuttugu og ein á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri.

Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

www.husa.is

Húsasmiðjan óskar eftir að ráða öflugan vörustjóra í timbri og öðrum byggingarvörum.

Helstu verkefni
- Innkaupastjórnun og vöruþróun
- Birgðastýring og verðútreikningar
- Samskipti og samningagerð við erlenda birgja
- Áætlanagerð

Hæfniskröfur
- Viðskiptafræðimenntun á sviði vörustjórnunar og/eða verk- eða tæknifræðimenntun
- Aðili með mikla reynslu af innkaupum og vörustjórnun kemur einnig til greina
- Færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta
- Önnur tungumálakunnátta er kostur

Viðkomandi starfsmaður þarf að vera skipulagður, geta unnið sjálfstætt og með fleirum. Þá þarf starfsmaðurinn að hafa frumkvæði sem nýtist við mótun starfsins.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 5. nóvember nk.

Upplýsingar veitir Björn H. Reynisson hjá Hagvangi. Netfang: bjorn@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

SÉRFRÆÐINGAR

Í HÝSINGAR- OG REKSTRARÞJÓNUSTU ATHUGIÐ!

UMSJÁ ER HÝSINGAR- OG REKSTRARÞJÓNUSTUDEILD NÝHERJA SEM VEITIR FYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM FYRSTA FLOKKS TÖLVUREKSTRARÞJÓNUSTU OG RÁÐGJÖF VIÐ HÖNNUN OG SKIPULAGNINGU HÝSTRA TÖLVUKERFA. HAGKVÆMUR REKSTUR OG HÁTT ÞJÓNUSTUSTIG EINKENNIR ÞJÓNUSTUNA.

Vegna aukinna verkefna leitum við að sérfræðingum í rekstrarþjónustu Umsjár bæði í Reykjavík og á Austurlandi

STARFIÐ
- Daglegur rekstur og viðhald á miðlægum upplýsingakerfum viðskiptavina
- Fjölbreytt tækniþjónusta við viðskiptavini rekstrarþjónustu
- Innleiðingar á nýjum kerfum og viðskiptavinum
- Ráðgjöf við viðskiptavini á sviði alrekstrarþjónustu

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR
- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á helstu notendakerfum
- Reynsla af uppsetningu og þjónustu Microsoft-kerfa
- Þjónustulund, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

Áhugasamir sæki um á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is, fyrir 10. nóvember nk.
Nánari upplýsingar veitir Erna Agnarsdóttir hjá Starfsmannaþjónustu Nýherja: erna@nyherji.is.

Hjá Nýherja samsteypunni eru sérþekking, metnaður og þjónustulund starfsmanna forsendur þess að geta skapað viðskiptavinum okkar sérsniðnar og verðmætar lausnir. Með fjárfestingu í þekkingu starfsmanna og starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, samvinnu og sveigjanleika, kappkostum við að skapa frjótt umhverfi fyrir starfsfólk okkar og um leið skapast það forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

LANDFORM

LANDFRÆÐINGUR - TÆKNIFRÆÐINGUR
LANDSLAGSARKITEKT - TÆKNITEIKNARI

Vegna ört vaxandi verkefna óskar Landform að ráða til starfa landfræðing, tæknifræðing, landslagsarkitekt og tækniteiknara sem unnið geta í Autocad eða hliðstæðum forritum. Um er að ræða framtíðar störf. Áhugaverð verkefni í vinnslu hjá fyrirtækinu og góð laun fyrir hæfa aðila. Sjá nánar á heimasíðu Landform, www.landform.is Skrifleg umsókn sendist Landform Austurvegi 6, 800 Selfoss fyrir 9. nóvember 2007. Hafa má samband við Odd Hermannsson, allar umsóknir verða merktar trúnaðarmál.

STYRKIR

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Styrkir til gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustunni árið 2007

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið auglýsir styrki vegna gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustunni árið 2007 í samræmi við stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum til ársins 2010.

Í styrkumsókn skal m.a. koma fram markmið verkefnis, framkvæmdaáætlun og hvernig unnt væri að nýta niðurstöður til að bæta þjónustuna. Sótt skal um í nafni einstakra stofnana og/eða starfseininga.

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt á umsóknavef Stjórnarráðsins. Sækja þarf um aðgang að umsóknavefnum á vefslóðinni **http://umsoknir.stjr.is.**

Aðgangur er gefinn á kennitölu umsækjanda (athugið, ekki á kennitölu stofnunar) og verður lykilorð sent til viðkomandi á netfang sem hann gefur upp við nýskráningu.

Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember 2007.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Björnsdóttir, deildarstjóri, í síma 545 8700 og í tölvupósti á postur@htr.stjr.is.
Einnig eru upplýsingar á vefsíðu ráðuneytisins **heilbrigdisraduneyti.is.**

Reykjavíkurborg Framkvæmdasvið

VEGAGERÐIN

Hallsvegur, Úlfarsfellsvegur og gatnamót við Vesturlandsveg

Drög að tillögu að matsáætlun

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar og Vegagerðin kynna drög að matsáætlun, þar sem gerð er grein fyrir:

- Fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Umhverfisþáttum sem fjallað verður um í frummatsskýrslu.
- Umfjöllunarefni frummatsskýrslu og rannsóknum sem áætlað er að ráðast í vegna mats á umhverfisáhrifum.

Drögin eru aðgengileg á heimasíðu Framkvæmdasviðs, www.reykjavik.is/fs og Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is.

Hægt er að senda ábendingar og athugasemdir um drögin á netfangið sverrirb@vso.is.

Frestur til að senda inn ábendingar er til 12. nóvember n.k.

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar
Vegagerðin

TILKYNNINGAR

FRÆÐSLUSKRIFSTOFA RAFIÐNAÐARINS

Sveinspróf í rafiðngreinum

Sveinspróf í rafiðngreinum fara fram í febrúar 2008.
Umsóknarfrestur er til 1. des. 2007.
Nemar í skóla hafi samband við deildarstjóra í viðkomandi skóla.
Upplýsingar og umsóknareyðublöð liggja frammi hjá:

Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík, Sími 580 5252.

Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöðin á heimasíðu Fræðsluskrifstofunnar, veffang **http://www.rafis.is/fsr**
Ath. Greiða þarf leyfisgjald fyrir sveinsbréf kr. 5.000,- við innritun.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins
28. október 2007

www.akureyri.is Akureyri

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða í eftirtalin störf:

Verkefnastjóri skipulagsmála
Arkitekt, skipulagsfræðingur, eða sambærileg menntun
• hefur umsjón með gerð aðal- og deiliskipulags bæjarins ásamt kynningu og gildistöku þeirra

Starfsmaður byggingareftirlits
Tækni-, bygginga- eða iðnfræðingur, eða sambærileg menntun. Einnig kæmi til greina að ráða smið eða múrara með meistararéttindi.
• hefur með höndum byggingareftirlit ásamt umsjón með framkvæmd úttekta og yfirferð sérteikninga og annarra hönnunargagna

Við leitum að fólki með:
• góða skipulagshæfileika og frumkvæði
• jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum
• góða almenna tölvukunnáttu

Nánari upplýsingar um ofangreind störf veitir Pétur Bolli Jóhannesson, skipulagsstjóri, í síma 460 1142, netfang: pbj@akureyri.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Tekið verður tillit til samþykkta bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í störfin.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is/auglysingar/atvinnuumsokn/auglyst-starf

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2007

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

HVERNIG VERÐUR MAÐUR... LYFJATÆKNIR?

Lögverndað starfsheiti

Lyfjatæknar starfa aðallega við afgreiðslu í apótekum eða lyfjaverslunum. Þeir starfa einnig í lyfjabúrum sjúkrahúsa, heildsölu, lyfjaverksmiðjum og opinberum stofnunum. Lyfjatæknar eru lyfjafræðingum til aðstoðar og vinna ýmis verk undir þeirra leiðsögn, svo sem við blöndun lyfja og afgreiðslu lyfja samkvæmt lyfseðli. Starfsheiti lyfjatækna er lögverndað af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Námið
Lyfjatæknanámsbraut er í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Námið tekur að meðaltali fjögur og hálft ár og er um 162 einingar. Því má skipta niður í almennt nám sem tekur um eitt og hálft ár (3 annir) og þriggja ára sérnám (6 annir). Þar af er 14 vikna starfsþjálfun í lyfjaverslun. Fyrstu þrjár annirnar eru kallaðar aðfararnám og því verður að ljúka að mestu leyti áður en nemandi getur hafið nám í séraföngum lyfjatæknabrautar. Að loknu námi og starfsþjálfun útskrifast nemendur og fá sérstaka löggildingu frá heilbrigðisráðherra. Þeir mega þá kalla sig lyfjatækna.

Helstu námsgreinar
Í aðfararnáminu eru kenndar almennar greinar á borð við íslensku, tjáningu, ensku, dönsku, sálarfræði, efnafræði, líffærafræði, lífeðlisfræði og stærðfræði. Að aðfararnámi loknu taka sérgreinar við; svo sem afgreiðslutækni, almenn lyfjafræði, hjúkrunarvörur og sjúkragögn, lyfhrifafræði, lyfjahvarfafræði, lyfjagerð og sjúkdómafræði.
Sérgreinar er einungis hægt að læra á lyfjatæknibraut Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Inntökuskilyrði
Umsækjendur þurfa að hafa lokið grunnskólaprófi. Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut geta farið beint í nám í sérgreinum lyfjatæknibrautar. Mögulegt er að bæta við lyfjatækninámið og ljúka stúdentsprófi á starfsmenntabraut. *- hs*

Karlar verðmeiri

KÖRLUM BOÐIN HÆRRI LAUN EN KONUM

Bæði konur og karlar telja karlmenn verðmeiri á vinnumarkaði. Þetta kemur fram í niðurstöðu rannsóknar sem Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, kynnti á ráðstefnu sem haldin var í tilefni af kvennafrídeginum þann 24. október síðastliðinn. Niðurstöðurnar gefa til kynna að kynið eitt geti kostað konur á milli 10 til 12% af launum. Í rannsókninni voru þátttakendur, sem voru af báðum kynjum og á öllum aldri, beðnir um að setja sig í spor starfsmannastjóra og meðal annars bjóða umsækjendum laun. Allir fengu sömu umsóknina en nafn umsækjandans var ýmist karlmanns- eða kvenmannsnafn. Þátttakendur buðu körlum hærri upphæðir og ráðlögðu þeim að þiggja hærri laun. Ráðstefnugestum þóttu niðurstöðurnar mikil vonbrigði.

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLABORG

Suzuki XL-7 Plus/Touring/LTD, árg.2004, ek. 80 þ., ssk., álfelgur, tilboð 1990 þ. áhv.1290 þ. 29 þ. á mán.

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

100 bílar

M.Benz ML350, árg. 2007, ek. 24 þús. km. Verð 6.150 þús. kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! Japanskir, Amerískir, Evrópskir bílar á útsölu. T.d. Dodge Caliber eða Ford F150 frá 1990þús! Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Volvo V50 04/05 1,8 ek. 36þ. Innb. barnasæti, aft. krókur o.m.fl. V 2.290 þ. S 856-7128

Nissan Patrol Elegance '05, 35" breyttur, á breiðum dekkjum. Ek. aðeins rúml. 37 þ. Svart leður, einn með öllu. Nánari uppl. í s. 899 4595.

Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Frábær bíll!!!

Mazda 6 10/06 ekinn 15 000 km. Sjálfskiptur, 17" álfelgur, filmur í rúðum, vindskeið ofl. Frábær bíll. Verð 2.390 þús. Upplýsingar í s. 659 4567.

Tilboð, Tilboð!!!

Ford Explorer XLT árg. '07. Ek. 41 þús. Leður, 20" króm felgur low profile. Áhv. 3.1 m. Tilboð 3.490 þ. Flottur bíll! Uppl. í s. 867 4004.

Infiniti fx 45 árg. '04, lítið keyrður. Hægt að láta bílalán fylgja. Einn m. bókstaflega öllu. Verð 4990 þ. æri til í hippa uppí. Uppl. í s. 699 1105.

Pajero árg. '99, díesel, ssk., leður í sætum, topplúga, 7 sæta, dr. krókur, filmur, ABS, CD. Bíll í topp ástandi. Uppl. hjá Tómasi s. 691 8720.

Suzuki Vitara 1998 Mjög gott eintak. Verðhugmynd 550.000. Upplýsingar í síma 698 3311.

Chevy Van. '95. Ek. 130 þ. mílur. Ssk Vél 6.5l dísel. Verð tilboð. S. 896 2788 & 421 2788.

Dodge Ram 2500 Laramie árg 2008 6,7 Diesel Einn með öllu.S: 898-2811 www.plusgallery.is

Ítalskur sportbíll, Maserati 225 árg.'85 Ek. 50 þ. km 2 túrb + intercooler. 200+ hö. 10 diska Cd. Leður. Verð 1.5 m. Uppl. í s. 895 9979

Til sölu Grand Cherokee árg. '99. Mjög vel viðhaldinn og heillegur konubíll. Sumar og vetrardekk, DVD spilari ofl. Lækkað V. 850 þ. kr. S. 660 4490.

TOYOTA LAND CRUISER 120 GX DISEL ÁRGERÐ 2006

33" dekk og álfelgur, nýskráður, 07.2006 , sjálfskiptur , 8 manna , rafmagn í öllu, cruisecontrol, abs, cd spilari, hit í sætum , fjarlæsing, dráttarkrókur, þakbogar, stigbretti , ofl. Ekinn aðeins 27 þ. KM , einn eigandi , verð. 5.2 millj. Enginn skipti , glæsilegt og mjög vel með farið eintak! uppl. í s. 663 2430. Frágangur löggilts bílasala fylgir.

3.990 ÞÚS! NÝR 2007 DODGE DURANGO LIMITED HEMI 5.7

8 manna - Bakkskynari - ABS - Armpúði - 20" Álfelgur - Fjarlæsingar - Hiti í sætum - Hraðastillir - Höfuðpúðar á öllum sætum -Kastarar - Leður - Litað gler aftan - Loftkæling - Minni í sætum - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður, pedalar og speglar - Spólvörn - Stöðugleikakerfi - Veltistýri - Þakbogar - Með háu og lágu drifi - 6 diska geislaspilari - MP3 spilari - Vandað hljóðkerfi - Hliðar líknarbelgir. Góð geymsluhólf. Rafm. opnun á afturhlera, Ofl., Km mælir, Tveggja ára Evrópsk verksmiðjuábyrgð. Þjónustaður af Ræsi hf. Glæsilegur alvöru lúxussjeppi á aðeins kr. 3.990.000.- stgr. Upplýsingar í síma 663 2430.

Galant árg. '92 4x4 2.0 Nýbúið að skipta um tímareim og olíusíu. Drifskaftsupphenga fylgir. Sk. '08, ek. 236 þ. Þarfnast smá lagf. á bretti. Kraftpúst. Tilboð óskast. S. 697 6238.

Alvöru útsala!

Til sölu Renault Megané Scenec, árg. '00, ek. 146 þús., ssk. Er í mjög góðu lagi. Ásett Verð 890 þús. Fæst á 390 þús. Uppl. í s. 898 8835.

0-250 þús.

Til sölu Peugeot 306, ek. aðeins 79 þús km, sk. '08, verðh. 290 þús. Uppl í s 694 3309.

Toyota Carina 2.0, árg. '97. Ek. 130 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Þokkalegur bíll, fæst á 165 þús. Uppl. í s. 898 0249.

Til sölu Volvo 850, árg. '94, ssk., sk. '08. Góður bíll, gott útlit. Verð 150 þús. Uppl. í s. 860 3574.

75 þús stgr. Subaru Legacy 90' 1800 sjsk, nánari upplýsingar í s:8965719

Til sölu Dodge Stratus, árg. '97. Verð 150 þús. Uppl. í s. 862 4415.

Mazda MX3. Nýsprautaður rauður þarfnast smá lagfæringar. 80 þús eða Tilboð. Ólafur sími 692 1714.

250-499 þús.

Ford Explorer XLT árg. 1996 til sölu. Mjög gott eintak á sérstaklega góðu verði. Verð 320.000. Uppl. s. 863 8848.

Opel Vectra 1.6 árg. '98 4 dyra ek. 121 þ. V. 349 þ. S. 865 7261.

500-999 þús.

Tilboð! 100% lán Dodge Stratus 2002, ek. 50.000, sjálfsk,cd. Verð 950.000. (Listaverð 1.290.000) Uppl. í síma 690-2540

Benz E220 1994. Ekinn AÐEINS 80.000 KM Toppeintak.Skoðaður 08. Verð 850.000 S.8960452

Subaru Impreza Wagon '00, sk.'08, ssk, ek. 99.000, vetrar og sumardekk. Tilboð 580.000. S. 8664147

1-2 milljónir

Jaguar XJ8L 1999 , ekinn 93 þ. mílur. Verð 1.850Þ . Möguleg skipti á ódýrari. Uppl. síma 856 7113.

2 milljónir +

M.Bens 07. C230 2,5 V6. ek28þ. leður,luga, full abyrgð. 4,3mkr. s:856-7481

Bestu kaupin - kraftur og gæði. Nissan Titan 2004 hlaðinn aukabúnaði. Leður, DVD, frábært hljóðkerfi og margt fleira. Lítið ekinn, v/s-dekk. Uppl. 690 7000. Gott verð fyrir glæsilegan bíl.

Mercedes Benz E200 Kompressor Avantgarde Facelift. árg. 2007 Svartur. Einn með öllu. Ekinn 38.000 km sem nýr. Fæst með yfirtöku láns 4,7 mill. greiðslub. 72 þús./mán. Uppl. í síma 860 0160.

Bílar óskast

Er með 1.500.000 kr. stgr. fyrir góðan sjsk. Land Cruiser jeppa. Uppl. í s. 894 1412.

Jeppar

Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hö, 7,5L/100km. Einnig 2006/2007 tilboðsbílar. Frá 3.500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Cadillac Escalade árg 2002 345 hö ekinn 120000 kr einn með öllu eyðsla á langkeyrslu 15 l innanbæjar 18-20 l litur Perluhvítur upl í síma 8937687

Land Cruiser 120 árg. 2006 Svartur ek. 31 þ., ssk., 5 manna, krókur, filmur, þverbogar, vindskeið m/ljósi, húdd- og gluggahlífar, cd magasín, hraðastillir, loftkæling o.m.fl. Áhvílandi ca. 1200 þ. Verð tilboð. Uppl. í s. 860 4853.

L-200 Instyle dísil, sjálfsk. 2.5 með öllu. S: 856-7710

Pallbílar

Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2008/2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Sendibílar

M.Canter 14rúmm. kassabíll, með tonn lyftu. Óskoð. Tilboð óskast. S. 822 3124.

Húsbílar

HYMER TRAMP GT. húsbíll árg 2006 skráður 03-07 ekinn 13000 km þetta er glæsilegur húsbíll með bakkmyndavél,markísu og fl.fl. Einn með öllu. Upplýsingar í síma 692 9435.

Bátar

Til sölu línuspil, blökk, álhurð í karmi (ónotuð), og 200 plastkúlur. S. 8947214

Hjólbarðar

Lítið notuð Radial nagladekk til sölu. 185/65/15. Verð 15 þús. Uppl. í s. 696 9776.

Varahlutir

Vélar ehf.
Vatnagarðar 16
Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. S. 568 6625. www.velarehf.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Til sölu 1stk iPhone og 1stk iPod Nano 8gb. Uppl. í s. 847 5595.

Tvær stórar kristalljósakrónur. Einnig Canon myndavél með hágæða linsu og Sony vídeóupptökuvél, lítið notuð. S. 553 3214 & 697 5997 Eftir kl. 14.00

Hljóðfæri

Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Tölvur

20% afsláttur

Klipptu út auglýsinguna og fáðu 20% afslátt (gildir til 15.nóv 2007) af viðgerðaþjónustu BMS-Tölvulausna. Sími 565 7080, Suðurlandsbraut 8

Vélar og verkfæri

Til sölu hefilbekkur, samco keðjubor, ný 20mm keðja og tvær 90cm hvítar innihurðir með karmi og gereftum. S. 856 4550.

Til bygginga

Til sölu sakkamót (dokar) 1545 kr. m2 m/vsk. Uppl. á ulfurinn.is og í s. 847 3798.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Garðyrkja

Tökum að okkur ýmsa Jarðvegsvinnu
Tökum að okkur ýmsa jarðvegsvinnu, td. Hellulagningar, sökklar, dremlagnir ofl. ofl. Fljót og örugg þjónusta.
Upplýsingar gefur Ingólfur í síma 868 2204 & Óskar í síma 898 9027.

Gröfuþjónusta, hellulagnir, þökulagnir, drenlagnir, jarðvegsskipti og öll almenn lóðavinna. Skjót og góð þjónusta. Vönduð vinnubrögð. SS- hellulagnir. S. 691 8907 & 690 2742.

Málarar

Sandspörtlun og málun
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar Málarameistari.

Þarftu að láta mála?
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Búslóðaflutningar
Og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Uppl. í s. 661 1977 & 659 1047.

Húsaviðhald

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

Húsaviðhald
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu og flísalögnum.
Upplýsingar í síma 695 4661.

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

TRÉGAUR ehf.
Vegna færslu á verkefni.Getum bætt við smíðaverkum inni s. 898 6248

Flísalagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl.í s. 894 0031.

Vanur smiður getur tekið að sér ýmis verk, vönduð vinnubrögð. S. 892 3205.

Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

Spádómar

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 12 á hádegi til 12 á miðnætti. Lára spámiðill. Visa/Euro.

Alspá 445 5000
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Rafvirkjun

Önnur þjónusta

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Viltu léttast hratt og örugglega?
www.diet.is — www.diet.is Margrét s. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Langar þig til þess að ná tökum á þyngdinni, líta ótrúlega vel út, losna úr sófanum og hafa næga orku til þess að fara í ræktina? Flottari kroppur og heilbrigðari lífsstíll. Hafðu samband. Árangur með Herbalife. Gerður 865-4052 / Hanna 892-4284

LR-Henning kúrinn! Sá árangursríki. Allir geta náð árangri! S. 869 1924.

LR veitir ráðgjöf um LR- vörurunar, hvernig þú gerist söluaðili. Anna Snyrtifræðingur 699 7379.

LR Henningskúrinn, Frábær árangur! Uppl. í s. 869 3846.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

GEFÐU ÞÉR TÆKIFÆRI. Orka og vellíðan. Leiðsögn. Öryggi. Fullur trúnaður. www.SmartHerbalife.is Sími 894 6009.

Snyrting

GIGI 100% lífrænt hunangsvax. Mest selda vaxið Naglaskóli og heildverslun Icelandicbeauty

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Silfurleir skartgripagerð
Námskeið í skartgripagerð, tálgun, steinavinnslu, útskurði ofl. Skráning og uppl. s. 555 1212 Handverkshúsið Bolholti 4 - handverkshusid.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Nýlegur svefnsófi til sölu. V. 15 þ. S. 564 3331 og 895 8934.

Dýrahald

Dýrabær
50% afsláttur af nagbeinum. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is

Til sölu íslenski hundurinn, 5 yndislegir 8 vikna hvolpar í boði. 1 rakki 4 tíkur. Ættbók HRFÍ. Uppl. í síma 848 0847.

Til sölu 3 yndislegar Chihuahua tíkur til afh 1. nóv. Verða bólusettar, örmerktar og heilsufarsskoðaðar. Með ættbók frá Íshundum. Uppl í síma 824-2864.

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu
okkar: www.dalsmynni.is
Sími 566 8417
www.dalsmynni.is

Til sölu 10 vikna German Pointer hvolpar. Gæða veiði og heimilis hundar. Elin simi 696 4419.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Byssur

Rjúpa
Veiðimenn! Vekjum athygli á heimasíðu skotvís. www.skotvis.is Skotveiðifélag Íslands

VINNUVÉLAR TIL SÖLU

SUMARHÚS / LÓÐIR

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Íbúð til leigu á svæði 111. Laus 1/11/2007.
Til leigu falleg rúmgóð 2 herb. Íbúð. Einungis regusamir og reyklausir koma til greina. Meðmæli óskast. Langtímaleig fyrir réttaaðila. Leiga 110 þús. Per mán. 2 mán. fyrirframm.l Uppl. gefur Bjarni í síma 849 8131.

Til leigu hús á Spáni, stutt í golf og ströndina. Gott verð www.spanarhus.com og 695 1239, geymið auglýsinguna.

Ný endubætt 50 fm íbúð til sölu að Efstasundi 85. Glæsileg eign á góðum stað. Komið og skoðið. Uppl. hjá Gunnari í s. 861 5777.

Stórt herbergi til leigu frá 1 Nóvember. Einungis fyrir reyklausa og reglusama. S. 898 8690 sunnudag milli 12-18.

80fm, 2ja herb. björt og falleg íbúð til leigu á neðri hæð í einbýlishúsi í Seljahverfi. Verð 110 þús á mán með hita + rafmagni. Laus strax. Nánari uppl. í s. 694 2526.

Kjallara herbergi til leigu við Miklubraut. Laust strax. Uppl. í s. 861 4732

Húsnæði óskast

Rólegur reglusamur maður óskar eftir góðri íbúð. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl í síma:8638773

Studio íbúð eða herbergi með aðgang að eldhúsi óskast til leigu fyrir þýskan iðnaðarmann. Leigutími til 14. des 2007. Reglusamur fjölskyldumaður. Sigurður, s. 820 3799 eða starf@heimsnet.is

Atvinnuhúsnæði

Verslunarhúsnæði til leigu í Árbæ, ca 87-175 fm. Upplýsingar í síma : 4878000

Til leigu í skamman tíma lager eða geymsluhúsnæði í Kóp. Ca. 100 fm Uppl. í s. 899 6341

Óska eftir atvinnuhúsnæði ca 80-120 m2. Sími 8651914 Mail valgardurv@simnet.is

Lagerhúsnæði til leigu 800 m2, brettarekkar fyrir ca 250 Europalla, leigutími amk 1 ár, höfuðborgarsvæði. Útiplass fyrir gáma. Uppl. 661 3131.

Geymsluhúsnæði

Til leigu vinnuskúr stærrigerð, m/w.c. eldhúsi og rafmagni. S. 896 2788 & 421 2788.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Gisting

Langtíma gisting Long term rental Gistihús/Guesthouse Flóki Inn Sími:552 1155, netf:info@innsoficeland.is, www.innsoficeland.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Ísbar/Booztbar, Borgartúni og Kringlunni.
Óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf: dagvinna - fullt starf, Dagvinna - hlutastarf, hlutastörf á kvöldin og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

Mömmur ath!
Óskum eftir að ráða glaðlegan starfskraft á Nings Stórhöfða. vinnutími frá 11-16 virka daga, en meiri vinna í boði ef viðkomandi vill. Vinsamlegast hringið í 822 8870 eða sækið um á nings.is

Kornið óskar eftir starfsfólki í Lækjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.

Keiluhöllin í Öskjuhlíð
Óskar eftir starfsmanni í símasvörun milli kl. 10-17 virka daga. Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is

Opnum nýja Cintamani verslun í ÍÐU húsinu. Óskum eftir áreiðanlegu starfsfólki til almennra sölustarfa með ríka þjónustulund. Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti og sýna sjálfstæði í störfum. Umsóknir sendist á arndis@ida.is

Morgunverður - Smurbrauð
Hótel Óðinsvé óskar eftir starfsmanni til starfa við morgunverð og smurbrauðsgerð. Unnið er mán. - Fös. frá kl. 06:30 ca. 70% starf. Einnig vantar í aukavinnu um helgar. Upplýsingar gefur Jónína í s. 511 6200.

Bókhaldari
óskum eftir að ráða abópkhaldara í 50% stöðu, þarf að hafa þekkingu á útskriftum á reikningum og launaútreikningum einnig reynslu af Dk og Tok bókfærslukerfum. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 863 5950 Ingibergur og á ingibergurs@gmail.com

Bílstjóri
óskum eftir að ráða bílstjóra í útkeyrslu á matvælum, vinnutími 7-15. Stundvísi og áræðanleiki skilyrði. Uppl. gefur ari í s. 695 7968 og eldhus@heittogkalt.is

Uppsetningar & þjónusta
Starfsmaður óskast í uppsetningar og þjónustu á sjálfvirkum hurðum og lyftum. Handlægni skilyrði og iðnmenntun kostur.
Umsóknir sendist á bjarni@ri-verslun.is
Rí VERSLUN

Fullt starf eða auka vinna
Viljum bæta við þjónustufólki í fullt starf og auka vinnu. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is & Uppl. í s. 893 2323.

Vélamaður
Vanann gröfumann með vinnuvélaréttindi vantar á 17 tonna hjólavél þarf helst að vera með meirapróf, frír matur í hádeginu. Uppl í S. 822 2660 og 822 2661.

Erum að leita að bílstjórum.
Pósthúsið leitar að duglegum og kraftmiklum bílstjóra til starfa á nóttinni.
Um er að ræða akstur á dreifingarefni á stór höfuðborgasvæðinu.
Vinnutími er frá miðnætti til átta á morgnana.
Getum einnig bætt við okkur bílstjórum í lausamennsku fram að jólum.
Hægt er að senda umsóknir og fyrirspurnir á umsoknir@posthusid.is

Cafe Conditori Copenhagen
Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf strax og í hlutastarf á kaffihús okkar. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð. Nánari upplýsingar veitir Silvía í síma 699 8827.

Snyrtifræðingur óskast!
Óskast í hlutastarf, verður að vera duglegur, metnaðarfullur og geta unnið sjálfstætt. Góð laun í boði! Umsóknir sendist á englakroppar@englakroppar.is eða í s. 663 3053. Englakroppar heilsustúdíó/snyrtistofa S. 587 3750.

Viltu vinna með skólanum við tölvur/bókahald.Þarf að vera 20+ tala og skrifa ísl.vinnutími samkomulag. Uppl.í síma 564-5255 Gerða

Bóka- og ritfangaverslun miðsvæðis í Kópavogi óskar eftir starfskrafti í hlutastarf til frambúðar. mava@simnet.is

Byggingafyrirtæki óskar eftir smiðum og verkamönnum vönum flekauppslætti og mönnum vönum járnabindingum. Uppl. í s. 856 5555.

Potturinn og Pannan
Veitingarhúsið potturinn og pannan óskar eftir starfsmanni í sal í fullt starf. Reynsla æskileg en ekki nauðsynleg. Hægt er að senda umsóknir á potturinn@potturinn.is eða koma á staðinn. Nánari uppl gefa Þórir og Margrét í s 551 1690.

Vantar stóran hóp fólks til að þrífa verslun frá 5-7 nóvember frá 16-21. Uppl. á www.hendur.is

Tek að mér uppsetningu stýrikerfa, uppsetningu hugbúnaðar og gef ráð varðandi tölvuvírusa. Mikil reynsla, mikil þekking og vönduð vinnubrögð. Uppl. á www.hendur.is

Söluturn
Söluturnarnir Víkivaki Barónsstíg leitar að fólki í afgreiðslu á 12 tíma vaktir aðra hvora helgi. Uppl. veitir Högni í s. 896 1933.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmanna-þjónusta s. 661 7000.

Kona á besta aldri óskar eftir dagvinnu í mötuneyti eða á veitingastað. Hef góða reynslu. Uppl. í s. 866 1418 og 588 0039.

TILKYNNINGAR

Fundir

Átt þú í erfiðleikum með fíkniefni?
Það er til lausn! NA fundir öll mánudagskvöld kl. 21.00 í Hinu Húsinu (gengið inn Austurstrætismegin) Eingöngu fyrir fíkla. S. 661 2915.

Ýmislegt

80-90% útsala. Engihjalla 8, 1. hæð. Kl. 15-20 alla daga! Uppl. í s. 861 4082.

SÝNINGAR

TIL SÖLU

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stór-markaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

ÍVAR GUÐMUNDS
alla virka daga kl. 9

Í BÍTIÐ
alla virka daga kl. 7

VALDÍS GUNNARS
sunnudaga kl. 9

KVÖLDSÖGUR
fimmtudagskvöld kl. 22

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
alla virka daga kl. 16

SIMMI OG JÓI
laugardaga kl. 9

MÚSÍK OG SPORT
laugardaga kl. 16

ENN Á TALI
sunnudaga kl. 16

RÚNAR RÓBERTS
alla virka daga kl. 13

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

ATLAS international

Spánn, Kýpur, Grikkland og Tyrkland

– Atlas fylgir þér alla leið –

- Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
- Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
- Allar húseignir á eignarlóðum
- Verð á Spáni frá 97.000 €
- Verð í Tyrklandi frá 42.000 €
- Mörg hundruð eignir um að velja
- Nýjar og notaðar eignir
- Aðstoð við rekstur
- Tryggingar
- Húsgögn
- Leiguþjónusta
- 71.000 viðskiptavinir
- 30 ára reynsla

3000 € gjafabréf fylgir öllum eignum keyptum á Spáni

Vilt þú eignast sumarhús erlendis?

Viltu fara í skoðunarferð?

Við bjóðum skoðunarferð til Spánar á 15.500.-!

Vorum að fá glænýja bæklinga 2007/2008

Hafðu samband og fáðu bæklinga senda heim!

Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga – Sími: 586 2880 – Gsm: 696 1960

www.atlasiceland.com – sales@atlasiceland.com

Frum

Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignasali
RE/MAX Lind
ÞARFTU AÐ SELJA ?
NÝ ÞJÓNUSTA FYRIR SELJENDUR
WWW.EIGNALEIT.IS

Glæsilegar íbúðir á góðu verði!
www.nesbyggd.is
Frum
Nesbyggð
Nesbyggð ehf | Stapahraun 5 | 260 Reykjanesbær
Sími 421 2700 | Fax: 421 2765
www.nesbyggd.is

VIÐARÁS 31

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 14 - 15

Frum

Til sölu og sýnis gullfallegt parhús við Viðarás. Húsið er tvílyft með innb. bílskúr, samtals 188,2 fm. Á efri hæð eru 2 saml. stofur, gott eldhús með mjög góðri innrétt., snyrting, gangur og ytri forstofa. Bílsk. á efri hæð og innangengt í hann. Á neðri hæð 3 svefnh., baðh., sjónv.hol og þv.herb./geymsla. Úr stofu er gengið út á svalir og af neðri hæð er gengið út í garð. **Mikið útsýni. Vönduð falleg eign.**

fasteignasalan GARÐUR
S. 562 1200 862 3311
Skipholti 5

Kári Fanndal Guðbrandsson,
Sigrún Sigurpálsdóttir,
lögg. fasteignasali.

TRAUST ÞJÓNUSTA Í ÁRATUGI

STÓRBORG fasteignasala

Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300

HÖRÐUKÓR - 203 KÓPAVOGUR

Frum

Glæsilegar 93,7 til 199,2 fm, 4ra til 7 herbergja íbúðir í nýju þrettán hæða lyftuhúsi með bílageymsluhúsi á frábærum stað í nýju hverfi í Kópavogi. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna nema baðherbergi og þvottahús eru flísalögð. Innréttingar frá HTH (hnota, eik, hvíttuð eik). Ísskápur og uppþvottavél fylgja. Hér er allt til staðar fyrir fjölskylduna og í göngufæri, svo sem; tveir leikskólar, grunnskóli, fjölnota íþróttahús, knattspyrnuvöllur og verslanir. Í náinni framtíð er gert ráð fyrir heilsugæslu í nágrenninu ásamt framhaldsskóla auk bókasafns. Nánari upplýsingar inná **www.hordukor.is**

HLÍÐARHJALLI - 200 KÓPAVOGUR

Snyrtileg og mjög rúmgóð 128,0 fm, 3ja herbergja íbúð á annarri hæð ásamt bílskúr á eftirsóttum stað í Kópavoginum. Íbúðin skiptist í hol, eldhús með búri innaf, stofu, borðstofu, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Á gólfum er linolium dúkur og parket. Svalir eru flísalagðar og glæsilegu útsýni.

FJÁRFESTAR NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!

Erum með til sölu glæsilegt og nýinnréttað hótel á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða eign sem er nýlega innréttuð og öll í leigu. Húsið er í topp ástandi og selst með öllum búnaði, innréttingum, húsgögnum og tækjum. Morgunverðarsalur.
Mjög góðar leigutekjur eru af eigninni. Gott verð ef samið er strax. Góð áhvílandi lán fylgja. Sjón er sögu ríkari.

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Borgartún 29
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasalar

Sogavegur 122 – Einbýli – 54 fm bílskúr
OPIÐ HÚS á milli kl. 15:00 og 17:00

Frum

Mjög fallegt og sjarmerandi einbýli á einni hæð með stórum bílskúr á þessum eftirsótta stað. Fjögur svefnherbergi, Nýlegt glæsilegt eldhús með sérsmíðaðri eikarinnréttingu, granít á borði og gólfum. Tvö baðherbergi. Falleg stór sólstofa með flísum og rennihurð út á sólpall sem er með heitum potti. **Verð 56 millj.**

Rakel og Gylfi taka vel á móti gestum. Teikningar á staðnum.

HÚSAVÍK – GOTT ORÐSPOR – TRAUST VIÐSKIPTI

LUNDUR FASTEIGNASALA

SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK
Karl Gunnarsson löggiltur fasteignasali

BERGSTAÐASTRÆTI – ÞAKHÆÐ

Frum

FRÁBÆRT ÚTSÝNI NÁLÆGT MIÐBÆ. BJÖRT OG RÚMGÓÐ 5 HERBERGJA ÞAKHÆÐ Í LITLU OG VEL VIÐ HÖLDNU FJÖLBÝLI Í ÞINGHOLTUM.

Íbúðin skiptist í; bjart hol með fatahengi, 2 samliggjandi stofur með gifslistum og rennihurð á milli, gott samkvæmiseldhús með uppgerðri eldri innréttingu, 3 svefnherbergi með skápum og baðherbergi með innréttingu og kari. Á gólfum eru flísar og dúkar. Hurðir eru vandaðar og gerefti um alla glugga. Stofur eru með gluggum á þrjá vegu og útgengi úr þeim er á 36 fm þaksvalir að vestanverðu með möguleika á sólskála-yfirbyggingu að hluta. Útsýni af svölum og úr stofum, og reyndar úr öllum vistarverum, er frábært. Nýtt tvöfalt gler er í flestum gluggum og rafmagn var endurnýjað fyrir 11 árum. Geymsluloft er yfir nær allri íbúðinni. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús, einnig 12 fm vinnuherbergi með sögulegri innréttingu, stórum glugga að húsagarðinum og fullri lofthæð. Þar innaf er um 18 fm geymsla og við hliðina lítil geymsla undir stiga. Sameign er snyrtileg (nýtt rafmagn og nýmáluð), þak endurnýjað fyrir 3 árum og stigagangur dúklagður. Þinglýstur eignaskiptasamningur liggur fyrir. Einstök útsýnisíbúð rétt við Miðbæinn. **Verð 53,9 millj.**

Til leigu - Hörðukór

3ja herb. 97 fermetra íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi með yfirbyggðum flísalögðum svölum.

Tvö mjög rúmgóð svefnherbergi með góðum fataskápum og plastparketi á gólfum. Hol og stofa eru einnig með plastparketi. Rúmgott og bjart eldhús með góðri innréttingu. Útgengt er úr stofu á yfirbyggðar svalir. Baðherbergi er flísalagt og með góðri innréttingu. Þvottahús og geymsla eru í íbúð. Einhver húsgögn geta fylgt. Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara. Hjóla og vagnageymsla eru í sameign. Húsvörður annast allt daglegt viðhald. Mynddyrasími ásamt stæði í bílskýli í bílakjallara.

Leiga pr. mánuð er 125.000 með hússjóði. Rafmagn og hiti er ekki innifalið. Einn mánuður fyrirfram ásamt bankaábyrgð. Áhugasamir hafi samband við Auði í gsm 693-2965

FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands
Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. faseignasali
Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is

Vinsæll veitingarekstur
í næsta nágrenni Reykjavíkur

Frum

Til sölu veitingarekstur, vel tækjum búinn. Mikil föst viðskipti. Frábær staðsetning. Meðeigandi kæmi vel til greina og vinna á staðnum. Góð afkoma og er vaxandi.

Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar að Síðumúla 35 og í síma 517 3500.

EIGNAMIÐLUN
Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

BORGARNES – HAGSTÆTT VERÐ

Frum

2.039,6 fm atvinnuhúsnæði sem skiptist í 1.006,8 fm kjallara og hæð sem er u.þ.b. 1.032,8 fm. Kjallarinn er með innkeyrsluhurð í norðurhluta hússins. Hæðin skiptist í þrjú bil með innkeyrsluhurðum og skrifstofuhúsnæði í hluta rýmana. (auðvelt að sameina rýmin) Húsið stendur á áberandi stað við Vesturlandsveginn og hentar sérlega vel fyrir t.d. iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki. Mjög hagstætt verð. Nánari upplýsingar veitir Geir Sigurðsson fasteignasali í síma 588-9090.

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN
Sími 512 3600
www.logheimili.is
Jónas Örn Jónasson Lögmaður og lögg. fasteignasali
Skipholti 15 • 105 Reykjavík • www.logheimili.is

Opið hús í dag sunnudag frá kl. 16:00-16:30

Langholtsvegur 100 - Reykjavík

Frum

OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL 16.00 - 16.30

Falleg fimm herb. 127,6 fm hæð með sérinngangi í tvíbýli við Langholtsveg. Eignin hefur verið töluvert endurnýjuð að innan og er virkilega falleg og vel skipulögð. Þrjú til fjögur svefnherbergi. Stór lóð með möguleika á bílskúr (samkv. teikn.). Sér innkeyrsla fyrir þessa íbúð.

Nánari upplýsingar gefur Sigurður í síma 616 8880

LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!

Klettur fasteignasala
Skeifunni 11

Sigurður Hjaltested löggiltur fasteignasali

ÆSUFELL 6 ÍBÚÐ 0106
OPIÐ HÚS MILLI 16:30 - 17:30

Frum

Um er að ræða snyrtilega 3ja herbergja 96 fm íbúð á 2 hæð, að sögn eiganda er húsið nýlega tekið í gegn að utan og búið er að skipta um gler og gluggakarma í íbúðinni. Komið inn í forstofu með plastparket á gólfi og góðum fataskápum. Eldhúsið er opið inn í stofu með plastparket á gólfi með hvítri innréttingu gott búr er innaf eldhúsi. Stofa og borðstofan eru björt og rúmgóð með plastparketi á gólfi, útgengt er út á svalir frá stofu.Hjónaherbergið er rúmgott með fataskápum á heilum vegg og dúk á gólfi. Barnaherbergið er með fataskápum og dúk á gólfi. Baðherbergið er nýlega tekið í gegn og er flísalagt í hólf og gólf með sturtu klefa og fallegri innréttingu, tengi er fyrir þvottavél á baðherberginu. Sér geymsla í sameign. Sameiginlegt þvottar og þurrkherbergi. **ÁSETT VERÐ 18,8 M.**

ÓLAFUR TEKUR Á MÓTI FÓLKI

EIGNAMIÐLUN
Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

LAUGAVEGUR – VERSLUNAR OG ÍBÚÐARH.

Frum

Nýendurnýjað verslunar- og veitingahúsnæði á þremur hæðum ásamt byggingarrétt og bílastæðum á baklóð. Jarðhæðin er skráð sem verslunarhúsnæði, en 2. og 3. hæð eru skráðar sem íbúðarhúsnæði. Í dag er húsnæðið nýtt sem verslun á 1. og 2. hæð, og á 3. hæð er kaffihús. Húsnæðið hefur verið mikið endurnýjað m.a gler og gluggar, hiti settur í gólf, allar innréttingar og snyrtingar og fl. Skipt var um front á húsinu og settir stórir gluggar sem ná niður í gólf á allar þrjár hæðirnar sem snúa út að Laugavegi.
Verð 84 millj. 7025.

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Haðarstígur 18
Parhús í Þingholtunum
Opið hús í dag frá kl. 16-17

Frum

Mikið endurnýjað 140 fm parhús í Þingholtunum. Á aðalhæð eru forstofa, gesta snyrting, eldhús með ljósri viðarinnréttingu, björt stofa með útgengi á lóð. Uppi eru sjónvarpshol, tvö herbergi og nýlega endurnýjað baðherbergi og í kjallara eru eitt herbergi og baðherbergi auk þvottahúss/geymslu. **Eign sem hefur nánast öll verið endurnýjuð að innan sem utan síðustu 10 árin. Fallegur bakgarður með timburverönd, skjólveggjum og lýsingu. Verð 46,5 millj.**

Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 16-17.

Verið velkomin

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Melgerði 16
Glæsilegt einbýlishús
Opið hús í dag frá kl. 14-17

Glæsilegt 113 fm tvílyft einbýlishús með fallegum bakgarði auk 32 fm bílskúrs. Marmaralögð stofa og borðstofa með útgangi í sólstofu, vandað eldhús, 4 herbergi og baðherbergi og gesta w.c., bæði flísalögð í gólf og veggi. Vestursvalir út af efri hæð. Glæsilegur garður með mikilli hellulögn og skjólveggjum.
Góð eign sem mikið er búið að endurnýja. Verð 57 millj.

Frum

Eignin verður til sýnis í dag, frá kl. 14-17. Verið velkomin.

Flókagata 66
Mikið endurnýjuð 4ra herb. útsýnisíbúð
Opið hús í dag frá kl. 14-16

Glæsileg og mikið endurnýjuð 4ra herb. útsýnisíbúð í risi með tvennum svölum á þessum eftirsótta stað. Samliggjandi rúmgóðar stofur með útsýni að Perlunni og til sjávar, opið alrými, uppgerðar hvítar innréttingar í eldhúsi, 2 herbergi og flísalagt baðherbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Suðursvalir út af stofum og til vesturs út af eldhúsi. Geymsluris, manngengt að hluta yfir allri íbúðinni.
Verð 30,0 millj.

Eignin verður til sýnis í dag, frá kl. 14-16 Verið velkomin.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

ATVINNA – SÖLUFULLTRÚI

Viltu vinna sjálfstætt á skemmtilegum vinnustað?
Leitum að metnaðarfullum sölufulltrúum til starfa hjá **RE/MAX Bæ.**
Erum staðsett á einum besta stað í höfuðborginni, Malarhöfða 2

Frum

Upplýsingar veitir Sylvía í símum 512 3400 og 820 8081 eða sylvia@remax.is

RE/MAX Bær

Malarhöfða 2, 110 Reykjavík

www.remax.is • Allar REMAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

Klettur fasteignasala
Skeifunni 11
Sími 534 5400

Guðmundur Kristjánsson
sölustjóri
gudmundur@klettur.is

Sigurður Hjaltested
löggiltur fasteignasali
sigurdur@klettur.is

Svavar Geir Svavarsson
löggiltur fasteignasali
svavar@klettur.is

Valborg Sigrún Jónsdóttir
löggiltur fasteignasali
valborg@klettur.is

Örn Helgason,
sölumaður atvinnuhúsa
orn@klettur.is

Einar Viðarsson
sölumaður
einar@klettur.is

Valþór Ólason
sölumaður
valthor@klettur.is

Svavar H. Svavarsson
sölumaður
svavarhrafn@klettur.is

Frum

OPIÐ HÚS MILLI 15:00 – 17:00
HÖRÐUKÓR 3 – EINSTAKAR EIGNIR

Hörðukór 3 er einstaklega vel staðsett fjölbýlishús, lyftuhús á 13 hæðum, ásamt kjallara og bílageymsluhúsi. Tvær lyftur eru í húsinu, fjórar íbúðir eru á hverri hæð. Öllum íbúðum er skilað með fallegum innréttingum, flísalagt er á baði og þvottahúsi, önnur gólfefni fylgja ekki, AEG ískápur og uppþvottavél fylgja í eldhúsi, stórglæsilegt útsýni, stutt í alla þjónustu í næsta nágrenni, stutt í fallegar gönguleiðir, barnvænt hverfi.

Glæsilegar sýningaríbúðir í húsinu með húsgögnum frá EGG, vinsamlegast hafið samband við sölumenn Kletts og við komum á staðinn og sýnum þér. Allar frekari upplýsingar um þessa eign er hægt að fá á www.klettur.is eða www.hordukor.is eða hjá sölumönnum í síma 534-5400

Verðdæmi:

- ✔ þriggja herbergja 93,7 fm íbúð á jarðhæð verð 23,900,000
- ✔ fjögurra herbergja 116,2 fm íbúð á 1. Hæð verð 28,990,000
- ✔ fjögurra herbergja 116,6 fm íbúð á 11. Hæð verð 35,290,000 með stæði í bílageymslu
- ✔ fjögurra herbergja 127,1 fm íbúð á 9. Hæð verð 37,790,000 með stæði í bílageymslu
- ✔ Skoðið nýja vefinn okkar www.nybyggt.is allar upplýsingar um þessa eign og aðrar nýbyggingar sem eru í sölu hjá okkur er að finna þar.

www.klettur.is / sími 534 5400 **www.klettur.is** / sími 534 5400 **www.klettur.is** / sími 534 5400 **www.klettur.is**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stór-markaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Draumahús 530 1800

Núpalind 8 - 201 Kóp

Opið hús í dag kl. 15:00-16:00

Frum

31.900.000 Laus við kaupsamning
Falleg 109 fm. 4ra herb endaíbúð á 5. hæð í álkl. viðhaldsl. lyftuh, auk geymslu og stæðis í bílageymsl, samtals 128,1 fm. Staðsetnig er í hjarta Kópavogs, skólar, verslanir og þjónusta í göngufæri. Hagstæð yfirtakanleg lán. Íbúðin er laus við kaupsamning.
Kristjana tekur á móti gestum milli 15:00-16:00 bjalla 501.
Frekari upplýsingar Helgi Birkir 530-1817.

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

RE/MAX

EIGNASTÝRING S: 534 4040
Síðumúli 27, 108 R • www.remax.is • eignastyring@remax.is

Frum

Keilufell 43 - 111 Reykjavík
Opið hús í dag milli kl. 14 og 15

Fimm herbergja einbýlishús 175,6 fm auk bílskúrs (skráð bílskýli) á hornlóð á rólegum stað. ***Neðri hæð:*** Forstofa með skáp. Gestasnyrting með sturtu. Hol/miðrými, geymsla undir stiga. Svefnherbergi. Þvottahús með hillum og útgengi út í garð. Stofa og borðstofa. Eldhús með viðarinnréttingu. Timburstigi milli hæða. ***Efri hæð:*** Hol/miðrými með skáp.Tvö svefnherb. Baðherb. með baðkari. Hjónaherbergi með skáp. Rúmgott svefnherb., útgengi á svalir. Geymsluris. Húsið var byggt 1973 og hefur mikið verið endurnýjað. Fallegur garður kringum húsið.
Brunabótamat 20.650.000. Verð 40.9 millj.

Erlendur Davíðsson, löggiltur fasteignasali.

OPIN HÚS Í DAG KL. 16-18

DAGGARVELLIR 6B, 0202 HAFNARFIRÐI

LYNGDALUR 2 VOGUM

Frum

Nýleg og falleg 92,2 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð á góðum stað. Þrjú rúmgóð svefnherb. Sérinngangur inn af svölum. Suðvestursvalir. Eikarinnréttingar og parket. Stutt í leikskóla, skóla og aðra þjónustu.
Verð 24,2 millj.
Björk tekur á móti gestum sími 860 6005

Sérlega fallegt 139,1 fm parhús ásamt 31,4 fm fullbúnum bílskúr, samtals 170,5 fm á frábærum stað í jaðri byggðar. Fjögur svefnherb. Vandaðar innréttingar. Hátt til lofts. Hiti í gólfum.
Verð 32,9 millj.
Harpa og Gestur taka á móti gestum, sími 866 9359

ÁS FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 - Hafnarfirði
Sími 520 2600 - Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18
Kári Halldórsson, lögg. fasteignasali

512 5050 Auglýsingasími

– Mest lesið

HÚSAKAUP

Guðrún Árnadóttir lögg. fasteignasali

– sími 530 1500 – heimasíða www.husakaup.is –

OPIN HÚS Í DAG

Hraunbrún 14 milli klukkan 14:00 og 14:45

- ✔ Hafnarfjörður
- ✔ 227 fermetrar
- ✔ 7 herbergi þar af 5 svefnh.
- ✔ vel með farið
- ✔ frábær staðsetning
- ✔ gróin lóð
- ✔ verð 46,9 milljónir

Albert sölumaður, sími 617 1818, verður á staðnum.

Garðaflöt 1 milli klukkan 15:00 og 15:45

- ✔ Flatirnar
- ✔ 185 fermetrar
- ✔ 5 herbergi
- ✔ mikið uppgert hús
- ✔ miðsvæðis
- ✔ falleg lóð með timburverönd
- ✔ verð 54,9 milljónir

Albert sölumaður, sími 617 1818, verður á staðnum.

Funalind 7 milli klukkan 14:00 og 14:45

Frum

- ✔ Lindarhverfið
- ✔ 105 fermetra
- ✔ 4ra herbergja
- ✔ björt og rúmgóð
- ✔ efsta hæð í lyftuhúsi
- ✔ frágangur til fyrirmyndar
- ✔ verð 29,9 milljónir

Björgvin sölumaður, sími 617 1811, verður á staðnum

Berjarimi 28 milli klukkan 15:00 og 15:45

- ✔ Grafarvogur
- ✔ 85 fermetrar
- ✔ 3ja herbergja
- ✔ sér inngangur
- ✔ efsta hæð og í enda
- ✔ stæði í bílageymslu
- ✔ verð 23,9 milljónir

Björgvin sölumaður, sími 617 1811, verður á staðnum

Rauðás 12 milli klukkan 16:00 og 16:30

- ✔ Selás
- ✔ 104 fermetrar
- ✔ 3ja herbergja
- ✔ laus strax
- ✔ vel með farin
- ✔ rúmgóð íbúð
- ✔ verð 23,9 milljónir

Björgvin sölumaður, sími 617 1811, verður á staðnum

Opið hús í dag frá kl. 16:00 til 17:00
Drekavellir 26- Íbúð 103.

Til sýnis í dag sérlega falleg og vel skipulögð íbúð á jarðhæð í nýlegu, viðhaldsléttu fjölbýli. Parket og flísar á gólfum. Ljós eikarinnrétting í eldhúsi. Tvö rúmgóð svefnherbergi m/fataskápum. Um 30 fm afgirt verönd út frá stofu. Sér stæði í bílageymslu. Stutt í skóla og leikskóla. **Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. Verð 23,5 millj.**

Iðunn s sími 691 4332 sýnir íbúðina í dag frá kl.16 til 17.

Opið hús í dag frá kl. 13:00 til 17:00
Rauðamýri 15 - Mosfellsbæ

Til sýnis í dag fallegt 163,3 fm raðhús á einni hæð m/innbyggðum bílskúr. Húsið er tilbúið til afhendingar og verður afhent fullbúið að utan með frágenginni lóð og tilbúið til innréttinga að innan – fullmálað. Á efri palli er bílskúr, geymsla, þvottahús, forstofa, eldhús og borðstofa. Á neðri palli er stofa, sjónvarpshol, tvö stór svefnherbergi og baðherbergi. Gólfhiti er í öllu húsinu. Öllum frágangi utanhúss er lokið. Búið að helluleggja, tyrfa og setja upp sólpall. Verð 38,9.

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur í síma 846 4804 og Ingólfur í síma 864 5995

Opið hús í dag frá kl. 14:00 til 15:00
Hraunteigur 23 - Íbúð 101

Frum

Til sýnis í dag glæsileg og mikið endurnýjuð 107fm. 3-4ra herb miðhæð í virðulegu og fallegu húsi á eftirsóttum stað. Íbúðin var öll tekin í gegn fyrir ca. 2 árum. Nýtt mahony parket á gólfum sem og nýjar hurðar og skápar. Nýlegt gler í allri íbúðinni. Garður í fullri rækt með miklum gróðri, trjám, runnum og grasflötum. Húsið er steinað að utan og aðkoman virðuleg. Frábær staðsetning í göngufæri við Laugardaglinn. Möguleiki er að yfirtaka hagstæð lán að upphæð c.a 20,5 millj. Verð 32,9 millj.

Daði Rúnar sími 698 5044 sölumaður Höfða sýnir íbúðina í dag á milli kl. 14 og 15.

Opið hús í dag frá kl. 16:00 til 17:00
Hlíðarbraut 2 Hafnarfirði

Til sýnis í dag sérlega 2 hæðum, auk rúmlega 20 fm ósamþykkts kjallara. Húsið hefur verið endurnýjað að miklu leyti á síðustu 6 árum, m.a. lagnir, gler og gluggar. Húsið er skráð sem tvær íbúðir. Fyrsta hæð skiptist í forstofu, 2 stofur, eldhús og salerni. Önnur hæð skiptist í 2 svefnh., baðh., tölvuhorn og geymsluloft. Í kjalla er svefnherbergi, baðherbergi, þvottahúsi og geymsla. Nýleg verönd m/heitum potti. **Verð 39,9 millj.**

Daði Rúnar sími 698 5044 sölumaður Höfða sýnir húsið í dag á milli kl. 16 og 17.

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

---

heimili FASTEIGNASALA
Sími 530 6500

Opið hús í dag frá kl.16:00 til 17:00
Ánaland 2, 108 Reykjavík

Frum

Fallegt 263,4 fm 2ja hæða parhús/einbýli með innb. bílskúr á besta stað vestan megin í Fossvoginum. Neðri hæð: Bílskúr, forstofa, stofa, borðst., sólst., eldhús, herb. og baðherb. Efri hæð: Þrjú herbergi, sjónvarpshol, baðherbergi, þvottahús og geymsluloft. Parket og flísar á gólfum. Arinn og verönd. Góð aðkoma. Skjólgóður garður í góðri rækt. Hiti í plani og stéttum. **Verð 79,9 millj.**

Gústaf í síma 895 7205 og Guðrún í síma 895 3990 taka á móti öllum áhugasömum.

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Neðstaleiti 3
Falleg 5 herb. íbúð á tveimur hæðum
Opið hús í dag frá kl. 14-16

Falleg 168 fm 5 herb. íbúð á tveimur hæðum (1. hæð og kj.) ásamt sér stæði í lokaðri bílageymslu miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin skiptist m.a. í forstofu/hol, rúmgott eldhús með nýlegi innréttingu og vönduðum tækjum, bjarta stofu, sjónvarpshol, 4 herbergi auk herbergis í kjallara og flísalagt baðherbergi. Tvennar svalir, út af stofu og sjónvarpsholi. Sér geymsla í kjallara. **Stutt í alla þjónustu. Verð 43,9 millj.**

Frum

Eignin verður til sýnis í dag, frá kl. 14-16. Íbúð merkt 0101. Verið velkomin.

Sörlaskjól 94
Glæsileg neðri sérhæð með útsýni til sjávar
Opið hús í dag frá kl. 15-16

Glæsileg 109 fm neðri sérhæð í góðu steinsteyptu þríbýlishúsi ásamt 25 fm bílskúr á þessum eftirsótta stað í vesturbæ Reykjavíkur. Hæðin er mikið endurnýjuð á vandaðan og smekklegan hátt m.a. gólfefni, innréttingar og innihurðir og skiptist m.a. í tvær rúmgóðar stofur, tvö herbergi og vandað eldhús. Svalir til suðvesturs. **Fallegt útsýni til sjávar. Laus til afh. við kaupsamning. Verð 49,0 millj.**

Eignin verður til sýnis í dag, frá kl. 15-16 Verið velkomin.

FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands
Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. faseignasali
Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is

Einstakt tækifæri
Snyrtistofa og Heilsustudíó

Frum

Til sölu af sérstökum ástæðum, gott fyrirtæki með snyrtistofu og heilsustúdió í skemmtilegu húsnæði með örugga leigu. **Einstakt tækifæri. Frábært verð eða 5,8 millj.**

Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar að Síðumúla 35 og síma 517 3500.

FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands
Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. faseignasali
Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is

Einstakt tækifæri

Frum

Þekkt hárstofa til sölu með góða aðstöðu og búnað. Er í góðu húsnæði. Tilvalið fyrir tvo aðila. **Mjög gott verð.**

Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar að Síðumúla 35 og síma 517 3500.

FASTEIGNASALAN GIMLI 570 4800
Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

OPIN HÚS Í EFTIRTÖLDUM EIGNUM Í DAG SUNNUDAG

LAUGARTEIGUR 3 NEÐRI SÉRHÆÐ

Frum

Vorum að fá í einkasölu 140 fm neðri sérhæð í fjórbýli á þessum eftirsótta stað. Tvö stór herbergi og tvær stórar og bjartar stofur. Góðar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Samkvæmt srá FMR er 30 fm bílskúr á lóðinni en hann er óbyggður. Eign sem hefur fengið gott viðhald. **Verð 37,5 millj.**

Margrét og Einar sýna eignina í dag sunnudag frá kl. 14 - 15

GLÓSALIR 7 ÍBÚÐ 0801

Sýnum í dag glæsilega 122 fm 4ra herbergja íbúð á 8.hæð (efstu) ásamt stæði í bílageymslu á frábærum stað í Salahverfinu. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu. Þvottahús innan íbúðar. Stórar stofur með útg. út á suður svalir með frábæru útsýni til suðurs, austurs og vesturs. **Nánari upplýsingar á GIMLI. Verð 33,9 millj.**

Eignin verður til sýnis í dag sunnudag frá kl. l4 - 15

RAUÐARÁRSTÍGUR 31

Í NÆSTA NÁGRENNI

- Skólar og leikskólar
- miðbærinn
- Kjarvalsstaðir
- Sundhöll reykjavíkur
- verslanir og þjónusta

- EINSTÖK STAÐSETNING
- SÉR INNGANGUR Í HVERJA ÍBÚÐ
- GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR, NÚTÍMALEG HÖNNUN
- VANDAÐAR INNRÉTTINGAR
- MYND-DYRASÍMI OG LYFTA
- GÓLFHITI OG AUKIN HLJÓÐEINANGRUN
- INNFELLD LÝSING, AUKIN LOFTHÆÐ
- SÉR BÍLASTÆÐI FYLGJA HVERRI ÍBÚÐ

HÝÐI EHF.

Petra Dís Magnúsdóttir
Sölufulltrúi
898 9347
petra@vidskiptahusid.is

Jón Sigfús Sigurjónsson
Hdl. & Lögg. fasteignasali
893 3009
jon@vidskiptahusid.is

Viðskiptahúsið
MIÐLUN · RÁÐGJÖF · FJÁRMÖGNUN

Félag Fasteignasala

Arnarneshæð

Söluskrifstofa í Hofakri 1

Komdu við á söluskrifstofu okkar, Hofakri 1 í Garðabæ og kynntu þér kosti Arnarneshæðar. Nánari upplýsingar í síma 617 1800, Jón Gretar.

Nýjar íbúðir

Glæsileg sýningaríbúð að Hofakri 1, fullbúin húsgögnum frá EGG.

HÚSAKAUP

Sími 530 1500 | Suðurlandsbraut 52 | Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali | www.arnarnes.is

Verkefni á vegum hanza

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Austurbrún 23, 104 Reykjavík.
OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 14:30 – 15:30

Einstaklega falleg og mikið endurnýjuð 78,8 fm 3ja herb. risíbúð í fallegu húsi. Eignin skiptist í rúmgóða stofu og borðstofu með parketi á gólfi. Eldhús með endurnýjaðri innrétt. og tækjum. Eldhús er opið við borðstofu að hluta. Glæsilegt endurnýjað baðh. með baðkari með sturtuaðstöðu, flott innréttíng, t.f. þv.vél, flísar á gólfi og veggjum að hluta. 2 góð herb. með parketi á gólfi og lítið fataherb. **V-29,2 millj.** (5129)

Sölumaður verður á staðnum.

Veghús 5, 112 Reykjavík.
OPIÐ HÚS Í DAG M ILLI KL. 16-17



Mjög falleg íbúð á jarðhæð með sérgarði og verönd. Glæsileg 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sérgarði sem er alveg afgrirtur með skjólvegg, timburverönd að hluta. Forstofa með skápum, flísar á gólfi. Þvottahús og geymsla með hillum. Eldhús með hvítum innréttingum, flísar á gólfi, gengt þaðan út í garðinn. Stofa og borðstofa eru parketlagðar. Baðherbergi með baðkari m/sturtuaðst., gluggi, flísar á gólfi. Tvö svefnherbergi, dúkur á gólfum. Sam.hjóla og vagnageymsla. **V.- 22,5 millj.** (5103)

Sölumaður verður á staðnum.

Lómsalir 14, 201 Kópavogur.
OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 16-17

Frum

Mjög falleg 92,5fm 3 herb. íbúð á 3 hæð með fallegu útsýni, stæði í bílageymslu. Eignin skiptist í: Forstofu með skápum, hol, fallegt eldhús, parketlagða stofu og borðstofu með útgangi út á suður svalir með glæsilegu útsýni, 2 herb. með parketi á gólfi, baðh.með baðkari og steyptri sturtu, og geymslu í kj. Parket og flísar á gólfi. **V-27.3 millj.** (5137)

Sölumaður verður á staðnum.

Stórholt

Glæsileg efri hæð og ris, ásamt bílskúr á þessum frábæra stað. Eignin skiptist í: Forstofu, eldhús, stofu, borðstofu/herbergi, baðh. og herb. Í risi er eitt stórt rými sem nýtt er sem herbergi. Bílsk. er með rafmagni, hita, vatni og sj.hurðaropnara. Íbúðin er mjög mikið endurnýjuð. Parket og flísar á gólfi. **V-29,3 millj.** (5133)

Þorláksgeisli, Grafarholt

Mjög rúmgóð 127fm 5 herb.endaíbúð á efstu hæð í nýju lyftu húsi með stæði í lokaðri bílageymslu. Eignin skiptist í: Forstofu, stofu, borðstofu, 3 herbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús og geymsla. Í kjallara er sérgeymsla og sérbílastæði. Stórar flísalagðar svalir. Mjög rúmgóð og vel skipulögð. Endaíbúð. **V-30,5 millj.** (5095)

Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.

AKKURAT FASTEIGNASALA

Opið hús í dag kl. 15-16

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 15-16
HRAUNBÆR 144 - íbúð 301- 110 RVK.

Sérlega falleg 124,1 fm 5 herb. endaíbúð á 3. hæð/efstu. Allt sér innan íbúðar! Fallegt eldhús með borðkrók. Rúmg. stofa og borðstofa. Sv.herb.gangur með 4 svefnh. og baðh. Parket á gólfum og nýl. flísar á holi og eldhúsi. Þv.hús og geymsla innan íbúðar. Góðar grillsvalir í suðvestur! Húsið í góðu standi að utan. VERÐ: 25,9 mill.

Nánari upplýsingar gefur Ásdís hjá Akkurat sími 898 3474

Bókaðu skoðun!

GNOÐARVOGUR - 104 RVK.

Mjög falleg og góð 111,7 fm hæð (efstu hæð) í litlu góðu fjórbýli á þessum rólega stað. Nýlega uppgert baðherbergi, glæsileg sólstofa. Möguleiki á 4 svefnherbergjum. **VERÐ 31,5 millj.**

Nánari upplýsingar gefur Ingvar Ragnarsson lögg.fast sími 822 7300

Bókaðu skoðun!

Frum

ÞRASTARHÖFÐI - 270 MOSF.

2 Raðhús! Glæsilegt endaraðhús í „funkis" stíl með innbyggðum bílskúr. Á jarðhæðinni eru stórir gluggar ú maghony og einnig útihurðir inni er gert ráð fyrir stofu, eldhúsi,einu herbergi og snyrtingu auk bílskúrsins tveir inngangar eru á hæðina. Á efri hæðinni er gert ráð fyrir sjónvarpsherbergi, hjónaherbergi, barnaherbergi og geymslu auk geymslu, þvottahúss og baðherbergis. **VERÐ 45,6 - 46,7 millj.**

Nánari upplýsingar gefur Bjarni hjá Akkurat sími 896 3875

Bókaðu skoðun!

BURKNAVELLIR - 221 HAFNARFJÖRÐUR

Falleg 3ja herbergja 87,6 fm íbúð á 4.hæð (efstu) í lyftuhúsi með miklu útsýni. Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Vandaðar innréttingar og gólfefni.

VERÐ 24.3 millj.

Nánari upplýsingar gefur Þóra Þrastardóttir lögg.fast. sími 822 2225

Bókaðu skoðun!

LYNGHAGI - 107 RVK.
FRÁBÆR STAÐSETNING!

Sérlega falleg 84,6m2 3ja herb. jarðhæð/kjallaraíbúð með sérinngang Forstofa með flísum. Hol m/tölvuaðstöðu. Björt stofa og borðstofa. Rúmgott svefnh.m/ fataskáp. Barnah.með fataherbergi/geymslu innaf. Gott eldhús með borðkrók. Snyrtilegt baðherb. með sturtu. Sameiginlegt þvottahús og sérgeymsla **VERÐ 24.9 millj.**

Nánari upplýsingar gefur Ásdís hjá Akkurat sími 898 3474

Akkurat FASTEIGNASALA STÓRHÖFÐA 27 Sími 594 5000

Halla Unnur Helgadóttir lögg. fast. 824 5051
Viggó Sigursteinsson lögg. fast. 824 5066
Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
ELÍAS HARALDSSON
LÖGG. FASTEIGNASALAR

Opið hús milli kl. 15 og 16 í dag.
Kópalind 1 m/bílskúr - Kóp.

Mjög falleg og björt 116,2 fm íbúð á 2. hæð auk 24,9 fm bílskúrs á þessum vinsæla stað í Lindahverfi Kópavogs. Íbúðin er öll parketlögð með fallegum samstæðum innréttingum, bjartri stofu með útgengi út á suður svalir með fallegu útsýni og þvottahúsi innan íbúðar. Baðherbergi er flísalagt með baðkari, sturtuklefa og innréttingu. Bílskúr er með farst. hurðaopnara, rafmagni, heitu og köldu vatni. **Verð 36,3 millj.**

Tómas og Helena taka vel á móti gestum milli kl. 15 og 16 í dag. Bjalla merkt #201. Teikningar á staðnum.

Opið hús í dag milli kl. 15 og 16
Írabakki 24 - Tvennar svalir

Frum

Nýtt á sölu. Falleg og vel skipulögð 78,6 fm íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Eldhús með nýlegum innréttingum og eyju, sem er opið við bjarta stofu með útgangi út á vestur svalir. Tvö svefnherbergi og er annað með útgangi út á stórar austur svalir. Eigninni fylgir ca 16 fm geymsla með glugga sem er nýtt sem herbergi í dag með aðgangi að wc og sturtu. **Verð 18,9 millj.**

Sigrún tekur vel á móti gestum milli kl. 15 og 16. Bjalla merkt Sigrún og Hörður. Teikningar á staðnum.

Opið hús í dag milli kl. 15 og 16
Bjartahlíð 3 efri hæð - Mos.

Nýkomin á sölu rúmgóð og björt 93,8 fm 4ra herb. íbúð á efri hæð með sér inngangi. Flísalögð forstofa, 3 svefnherb., parket á stofu, borðstofu og eldhúsi sem eru í opnu rými, baðherb. m/flísum, baðkeri og innr., geymsla/þvottahús innan íbúðar. Stórt háaloft, sér útigeymsla með rafmagnir. Húsið er klætt að utan og lítur vel út. Skemmtilegur og vinsæll staður í Mosfellsbæ. **Verð 25,9 millj.**

Sigríður tekur vel á móti gestum milli kl. 15 og 16. Teikningar á staðnum.

HÚSAVÍK – GOTT ORÐSPOR – TRAUST VIÐSKIPTI

Auglýsingasími 512 5050

– Mest lesið

Viðskiptahúsið

MIÐLUN • RÁÐGJÖF • FJÁRMÖGNUN

Tjarnarvellir - 220 Hafnarfjörður

Glæsilegt nýtt verslunar- og skrifstofuhúsnhæði í byggingu við Tjarnarvelli. Á jarðhæð er mjög gott verslunarrými, rúmir 2.100 fm, og síðan eru 3 skrifstofuhæðir rúmir 600 fm hver. Húsið er vel staðsett og næg bílastæði eru við húsið.

Upplýsingar veita sölufulltrúar okkar,
Haraldur í síma 690 3665 eða Þórhallur í síma 899 6520

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL.13:00 - 14:00

Álaþing 14 - 203 Kópavogur

Erum með í einkasölu tveggja hæða parhús. Möguleiki er á séríbúð á neðri hæð. Húsið sem er rúmlega fokhelt er á mjög eftirsóttum stað í Kóp. Fasteignin er 255,2 fm þar af er 55,2 fm innbyggður bílskúr. Stórbrotið útsýni til suðurs yfir Elliðaárvatn. **Verð 65 millj.**

Upplýsingar veitir
Jón Svan sölufulltrúi
í síma 891 8803

OPIÐ HÚS

Skrauthólar 3 - 116 Reykjavík

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 15:00 - 16:00

Erum með í einkasölu fallegt einbýli á 1,6 ha. eignarlóð við rætur Esjunnar. Eignin skiptist í 3 svefnh., 2 stofur auk borðstofu, 2 baðherb., vinnuherb., eldhús og geymslu. Flestar innréttingar og gólfefni eru ný. Útsýnið er stórkostlegt. Tilvalið fyrir hestafólk. **Verð 53,9 millj.**

Upplýsingar veitir Jón Svan sölufulltrúi
í síma 891 8803

OPIÐ HÚS

Heiðargerði 28 - 190 Vogar

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17:00 - 18:00

Erum með í einkasölu fallegt einbýli í Vogum á Vatnsleysuströnd. Eignin skiptist í 2 svefnherbergi, stofu auk borðstofu, eldhús, baðherb., þvottahús, geymslu, sólstofu og bílskúr innréttaðan sem vinnustofu. Garðurinn er í algjörum sérflokki. **Verð 31,8 millj. * Lækkað verð**

Upplýsingar veitir Jón Svan sölufulltrúi
í síma 891 8803

OPIÐ HÚS

Sjafnargata 11 - 101 Reykjavík

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14:45 - 15:15

Fallegt 275 fm einbýlishús á horni Sjafnargötu og Mímisvegar. Eignin skiptist í 3 hæðir og frístandandi bílskúr sem er 24,4 fm að stærð. Alls eru 10 herbergi í húsinu þar af eru 3 í kjallara með lofthæð ca 180 cm. Eldhús og 2 baðherbergi. Þetta er góð eign á eftirsóttum stað með mikla möguleika.

Upplýsingar veitir Petra sölufulltrúi
í síma 898 9347

OPIÐ HÚS

Súðarvogur 26 - 104 Reykjavík

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14:00 - 14:30

Mjög gott 240 fm atvinnuhúsnæði á 2 hæðum, hvor hæð 120 fm. Neðri hæðin skiptist í sal með innkeyrsludyrum og flísalagt baðh. Efri hæðin skiptist í sal, geymslu og flísalagt baðh. Hægt að búa í húsn. Glæsilegt útsýni.

Upplýsingar veitir Petra sölufulltrúi
í síma 898 9347

Heiðargerði - 190 Vogar

Vorum að fá í einkasölu fallegt 130,9 fm einbýlishús með bílskúr og 900 fm eignarlóð í Vogum á Vatnsleysuströnd. Eignin skiptist í 4 svefnherbergi, stofu og borðstofu, eldhús, geymslu og þvottahús. Húsið var byggt 1961 og er í mjög skemmtilegum stíl. Ýmislegt sem þarf að lagfæra. Verð 26,9 millj.

Upplýsingar veitir Jón Svan sölufulltrúi í síma 891 8803

Pálmholt - Þingeyjarsveit

Jörðin Pálmholt í Reykjadal er afar vel í sveit sett, stutt í alla þjónustu. Mikil náttúrufegurð. Skógrækt, veiðihlunnindi og hitaveita.

Upplýsingar veitir Jóhanna sölufulltrúi
í símí 868 4112

Fiskislóð - 101 Reykjavík

Til leigu er 300 fm skrifstofuhúsn. við Fiskislóð. Um er að ræða gott atvinnuhús á 2. hæð með góðum síma- og tölvulögnum. Næg bílastæði. Verð 450 þús. á mánuði.

Upplýsingar veitir Jón Svan sölufulltrúi
í síma 891 8803

Hótel Fjörður - 730 Reyðarfjörður

20 herb. hótel sem er 755,7 fm að stærð. Búið er að samþykkja teikn. fyrir stækkun á upp í 32 herb. Mjög vel hefur gengið með rekstur hótelsins. Álver Alcoa hefur haft jákvæð áhrif á nýtingu herbergja.

Upplýsingar veitir Jón Svan sölufulltrúi
í síma 891 8803

Hótel Valaskjálf - 700 Egilsstaðir

39 herb. hótel, 1.253 fm að stærð ásamt Félagsheimilinu Valaskjálf sem er 1.160 fm. Nýl. endurbætur hafa verið gerðar á hótelbyggingunni að utan og innan. Verið er að hanna sportbar á efri hæð félagsheimilisins sem getur nýst sem fundarsalur o.fl.

Upplýsingar veitir Jón Svan sölufulltrúi
í síma 891 8803

— EIGNIR ERLENDIS —

Pilar de la Horadada, Riomar – Spánn

Erum með í einkasölu vandað raðhús á tveimur hæðum með þaksvölum og innbyggðum bílskúr. Ný fullbúin eign með öllum húsgögnum og raftækjum. Húsinu fylgir aðild að góðum sundlaugargarði ofl. Viðskiptahúsið er með kynnisferðir til Costa Blanca sniðnar að þörfum hvers og eins.

Upplýsingar veita sölumenn í síma 566 8800

Orihuela Costa, Novogolf - Spánn

Erum með í einkasölu nýja og glæsilega 3 herbergja íbúð í Novogolf. íbúðin skiptist í 2 svefnherbergi hvort með sér baðherbergi, eldhús, stofu og þaksvölum með útsýni í allar áttir. Íbúðin afhendist fullbúin öllum húsgögnum og raftækjum. Viðskiptahúsið er með kynnisferðir til Costa Blanca sniðnar að þörfum hvers og eins.

Upplýsingar veita sölumenn í síma 566 8800

Alicante, Arenales Playa – Spánn

Erum með í einkasölu nýja íbúð með 2 svefnherbergjum, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og svalir. Íbúðin er 10 mínútur frá flugvellinum í Alicante. Sameiginlegur sundlaugargarður, tennisvöllur og leikvöllur fylgir íbúðinni. Eignin afhendist fullbúin öllum húsgögnum og raftækjum og er á tilboði. Viðskiptahúsið er með kynnisferðir til Costa Blanca sniðnar að þörfum hvers og eins.

Upplýsingar veita sölumenn í síma 566 8800

Skipalón 4 - 8 – Hafnarfirði

Glæsilegar íbúðir fyrir 50 ára og eldri

Byggingaraðili:

FJARÐARMÓT EHF
BYGGINGAVERKTAKAR

Söluaðilar:

ÁS FASTEIGNASALA

Sími 520 2600
www.as.is

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Sími 520 7500
www.hraunhamar.is

Um er að ræða 40 íbúðir, 2ja, 3ja og 4ra herbergja og fylgir þeim öllum stæði í upphitaðri bílageymslu. Húsið er sérlega vel staðsett með óhindrað útsýni yfir Hafnarfjörð, hafnarsvæðið, að Esjunni og víðar. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna en þó verða baðherbergi og þvottahús flísalögð. Lóð verður fullfrágengin samkvæmt lóðarteikningu.

- Arinn og 2 stæði í bílgeymslu með stærstu íbúðunum
- Tvennar svalir í stærri íbúðum, út úr eldhúsi og stofu
- Frábært útsýni
- Tvö baðherbergi í stærri íbúðum, annað inn af hjónaherbergi
- Innréttingar í hæsta gæðaflokki frá Agli Árnasyni
- Heimilistæki frá Rönning uppþvottavél og ísskápur fylgja
- Hreinlætistæki frá Tengi
- Flísar frá Álfaborg
- Granít á borðum og sólbekkjum
- Stórar stofur
- Innangengt úr bílgeymslu í 3 lyftur
- Golfvöllur í göngufæri
- Afhending er áætluð í Mars/Apríl 2008
- Þvottastæði í bílgeymslu
- Hefðbundin sameign ásamt afnotarétt á 55 fm samkomusal

Löggiltir fasteignasalar Magnús Emilsson og Kári Halldórsson

Frum

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

UNITED DVD Spilari
Slim Line Design

3998 kr.

UNITED DVD SLIM LINE SPILAR: DVD - MP3 - KODAK PICTURE CD - CD - CD-R - CD-RW

2000 STK. Í BOÐI - FÁST Í ÖLLUM VERSLUNUM BÓNUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUDAGA 12.00 TIL 18.00

Forsala til 19. nóvember

Sólarperlur

Fyrstu 1.500 sætin með 10.000 kr. afslætti á mann.

Þrír af heitustu áfangastöðunum sumarið 2008

Heimsferðir bjóða nú sólarþyrstum Íslendingum þrjá af heitustu áfangastöðunum fyrir sumarfríið 2008. Forsala, sem stendur til 19. nóvember, er hafin á ferðum til þriggja vinsælla áfangastaða, Costa del Sol, Rhodos og Fuerteventura, á hreint frábærum kjörum. Kynntu þér fyrstu sólarperlur næsta sumars í bæklingi okkar eða á www.heimsferdir.is og bókaðu strax og tryggðu þér þar með lægsta verðið og bestu gistinguna, á þeim tíma sem þér hentar best!



Tryggðu þér það besta strax – á frábærum kjörum!

Beint morgunflug með íslensku flugfélagi í allt sumar. Betri þjónusta og betri flugtímar – fyrir þig!

Vinsælasti sólarstaður Evrópu – beint morgunflug

Frá 26.995 kr.*

Costa del Sol

Frábært verð

Frá 26.995

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Fargjald A.

Frá 49.995

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Castle Beach í viku, 22. og 29. maí, 19. og 26. júní, 28. ágúst og allar brottfarir í sept.

Rhodos

Frábært verð
Frá 49.995
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v.2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Kassandra í viku, 24. eða 31. maí eða 23. ágúst.

Frábært verð – allt innifalið
Frá 59.295
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku með „allt innifalið“, 24. eða 31. maí eða 23. ágúst. Forum Beach.

Fuerteventura

Frábært verð
Frá 39.995
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Maxorata Beach í viku, 27. maí, 1. júlí eða 26. ágúst.

Frá 59.990 – allt innifalið
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. gistingu í tvíbýli á Barcelo Jandia Mar með „allt innifalið“ í viku, 27. maí, 1. júlí eða 26. ágúst.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Ferðaskrifstofa

Heimsferðir

105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri • Sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

ENNEMM / SÍA / NM30448

STUÐ MILLI STRÍÐA Það er erfitt að eldast

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR VARÐ GÖMUL, Í SMÁSTUND

Fyrir helgina fékk ég nokkur sérstök símtöl á stuttum tíma. Dagurinn byrjaði á því að ég var vakin eldsnemma af vini mínum. Það sem beðið hafði verið eftir í níu mánuði var loksins að verða að veruleika. Tólf tímum eftir fyrri hringinguna kom svo sú seinni, frá stoltu foreldri lítils drengs. Stuttu síðar hringdi svo vinkona sem var að koma úr verslunarferð í Ikea. Það vantaði nefnilega svo hillur og kommóðu inn í nýju íbúðina hennar, eða þeirra réttara sagt.

Eftir þessi símtöl leið mér eins og ég væri að verða gömul – án þess að hafa nokkurn tíma verið spurð leyfis. Þetta var alls ekki í fyrsta skipti sem ég fæ þessa tilfinningu. Hún kemur yfir mig með reglulegu millibili, yfirleitt við einhverjar svona fréttir eða þegar ég rekst á gamla skólafélaga sem eru giftir, eiga börn, íbúðir, bíla og alls kyns skuldir.

Það er alltaf að sannast aftur og aftur að tíminn líður hratt. Hann líður og svo rennur það allt í einu upp fyrir manni að maður er fullorðinn. Fyrsta skiptið sem ég gerði mér almennilega grein fyrir þessu var þegar vinirnir voru farnir að opna afmælisgjafir og fá straujárn – og segja að þá hafi einmitt vantað svoleiðis! Annað skiptið var þegar allir voru komnir í háalvarlegt nám og svo farnir að vinna hjá bönkum, sem kennarar, hjá flugfélögum og fjölmiðlum. Mér finnst svo stutt síðan straujárnið hefði í besta falli verið gefið í gríni og fólk hafði sumarvinnu – í garðyrkju, barnapössun eða sjoppu.

En að lokum kom síðasta símtalið og bjargaði mér. Það var vinkona sem býr í Abu Dhabi. Hún var nokkuð ölvuð og í partíi með fólki frá öllum heimshornum. Hún sagðist aldrei ætla að koma heim, lífið væri bara of skemmtilegt svona. Ég rankaði við mér og mundi að ég er ekkert sú eina sem er ekki á hraðri leið í barneignir og annað hrikalega fullorðins.

Jú, ég er kannski orðin fullorðin, en það að vera gamall er bara hugarástand.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Kvikmyndun Brekkukotsannáls

Annað stofuspjall vetrarins fer fram á Gljúfrasteini í dag kl. 16. Verk mánaðarins að þessu sinni er Brekkukotsannáll og verður rætt um kvikmyndun og vinnslu sjónvarpsmyndarútgáfu sögunnar. Sveinn Einarsson leikstjóri og Björn G. Björnsson og Jón Þórisson leikmyndahönnuðir rifja upp ævintýrið um gerð kvikmyndarinnar.

Árið 1972 var ráðist í að kvikmynda Brekkukotsannál sem kom út á bók 1957. Það var sjónvarpsstöðin NDR í Hamborg sem hafði frumkvæði að því að kvikmynda söguna í samvinnu við allar sjónvarpsstöðvar Norðurlandanna.

Var þetta stærsta kvikmynd sem ráðist hafði verið í hér á landi og fengu ýmsir af okkar fremstu listamönnum dýrmæta skólun í kvikmyndagerð með þátttöku í verkinu. Myndin var sýnd í tveimur hlutum í ríkissjónvarpinu á sínum tíma og var síðar sýnd í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og víðar en hefur ekki verið gefin út fyrir almenning. Að venju er aðgangur að stofuspjallinu ókeypis og allir velkomnir. - vþ

HALLDÓR LAXNESS Margar af sögum hans hafa verið kvikmyndaðar.

NÝJAR BÆKUR

Út er komin ljóðabókin **Hlaupár** eftir Þór Stefánsson. Í bókinni eru 366 hækur, jafnmargar og dagarnir í hlaupárinu. Það er því tilvalið fyrir lesendur að fara með eina hæku út í hvern dag næsta árið. Bókinni er skipt í fjóra kafla eftir árstíðunum. Hlaupár er sjöunda frumsamda ljóðabók Þórs sem hefur einnig sent frá sér sjö bækur með þýddum ljóðum, nú síðast sýnisbækur íslenskra skálda á frönsku og Québec-skálda á íslensku. Sigurður Þórir sér um útlit bókarinnar og teiknar myndir í hana. Þeir félagar hafa áður átt farsælt samstarf því að þetta er þriðja bók Þórs sem Sigurður Þórir myndskreytir en hann hefur séð um útlit og kápumynd fleiri bóka skáldsins. Hlaupár er 137 blaðsíður og ljóðaforlagið DEUS gefur bókina út.

Mátunarklefinn og aðrar myndir er lítil bók með teikningum og orðmyndum eftir þá félaga Einar Örn Benediktsson og Braga Ólafsson og er sú fyrsta sem þeir gefa út saman þótt samstarf þeirra eigi sér langan aðdraganda: Í Purrk Pillnikk og svo hefur Einar lagt til teikningar á forsíður bóka Braga. Í kverinu eru teikningar en standa ekki í sambandi við ljóð Braga en þeim er ætlað að auka spennu milli formanna. Smekkleysa gefur út.

Önnur smábók í ritröð Smekkleysu er **Sjónvillur** eftir Óskar Árna Óskarsson. Þetta eru smámyndir teiknaðar með samtölum fólks, „einhverskonar skekkjur eða truflanir" segir í fréttatilkynningu sem Óskari einum er fært að setja saman. Minnir kverið á Ráð við hversdagslegum uppákomum sem kom út í fyrra í sömu ritröð. Smárit Smekkleysu eru nú orðin fimm og fást í öllum betri bókaverslunum.

Út er komin hjá Bjarti ljóðabókin **Söngur steinasafnarans** eftir Sjón. Sjón er ljóðskáld og höfundur skáldsagna sem hóf feril sinn með ljóðabókinni Sýnir 1978. Hann var lengi í fararbroddi þeirra skálda sem kenndu sig við súrrealisma í Medúsu-hópnum. Eftir hann liggur fjöldi ljóðabóka, sex skáldsögur, leikverk, söngtextar, líbrettó, kvikmyndahandrit. Hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir söngtexta og hlaut verðlaun Norðurlandaráðs 2005.

Óskar bankar á dyrnar

Þrátt fyrir að enn séu fjórir mánuðir þar til Óskarsverðlaunin verða afhent eru spekingar þegar farnir að velta fyrir sér hvaða leikarar séu líklegastir til að hreppa þessi æðstu verðlaun kvikmyndaiðnaðarins.

Stjörnur á borð við Cate Blanchett, Brad Pitt, George Clooney, Tommy Lee Jones og Casey Affleck hafa allar verið nefndar til sögunnar sem hugsanlegir Óskarskandídatar en vitaskuld eru margir til kallaðir en aðeins örfáir útvaldir.

Blanchett sem Bob Dylan

Cate Blanchett var nýverið valin besta leikkonan á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir túlkun sína á Bob Dylan í myndinni I´m Not There og þykir því koma vel til greina þegar Óskarinn er annars vegar. Einnig gæti hún hlotið tilnefningu fyrir frammistöðu sína sem Elísabet Englandsdrottning í The Golden Age. Blanchett lék drottninguna síðast í Elizabeth árið 1998 og fékk einmitt Óskarstilnefningu að launum.

Tvöfaldir möguleikar

Bæði Casey Affleck og Tommy Lee Jones gætu einnig komið til greina fyrir tvö hlutverk hvor. Sumum gagnrýnendum þykir Casey skyggja á Brad Pitt í vestranum Jesse James þrátt fyrir að Pitt hafi fengið Gyllta ljónið í Feneyjum fyrir hlutverk sitt. Í Gone Baby Gone sýnir Casey einnig öflugan leik undir handleiðslu eldri bróður síns Ben.

Tommy Lee Jones leikur syrgjandi föður í Íraksstríðsdramanu In the Valley of Elah auk þess sem hann þykir standa vel fyrir sínu sem lögreglustjóri í trylli Cohen-bræðra, No Country for Old Men.

Fimmtánda tilnefning Streep?

Auk Blanchett eru bæði Julie Christie og Meryl Streep sagðar koma vel til greina sem bestu leikkonurnar. Christie stendur sig með prýði sem Alzheimer-sjúklingur í Away From Her og hin margverðlaunaða Streep gæti hlotið sína fimmtándu tilnefningu fyrir hlutverk sitt í Lions for Lambs.

Samkvæmt heimasíðu BBC sýnir hin franska Marion Cotillard jafnframt stórleik sem Edith Piaf í La Vie en Rose.

Crowe og Clooney líklegir

Á meðal fleiri stjarna sem þykja líklegar til afreka eru Denzel Washington og Russel Crowe fyrir hlutverk sín í American Gangster, George Clooney fyrir Michael Clayton, Sean Penn sem leikstjóri Into the Wild, og þau Tom Hanks, Julia Roberts og Philip Seymour Hoffman sem öll leika í hinni dramatísku Charlie Wilson´s War.

CATE BLANCHETT Blanchett tekur á móti Óskarnum fyrir aukahlutverk sitt í The Aviator árið 2005. Hún þykir sigurstrangleg fyrir næstu hátíð.

Nægur tími enn

Þrátt fyrir þessa upptalningu á mikið vatn eftir að renna til sjávar þar til rauða dreglinum verður rúllað út við Kodak-leikhúsið í Hollywood. Fleiri stórar og dýrar myndir eiga eftir að koma fram í dagsljósið, þar á meðal The Golden Compass, og miðað við reynsluna eiga minni spámenn einnig eftir að láta vel að sér kveða þegar kemur að stóru stundinni.

TOMMY LEE JONES Hinn gamalreyndi Tommy Lee Jones leikur syrgjandi föður í In the Valley of Elah.

CASEY AFFLECK Yngri bróðir Bens Affleck stendur sig vel í Jesse James og Gone Baby Gone.

MERYL STREEP Gæti fengið sína fimmtándu Óskarstilnefningu.

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Smárabíó merktar með rauðu.

DARK IS RISING	kl. 1.30 - 3.45 - 5.50 -8- 10.15	
THE HEARTBREAK KID	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
THE HEARTBREAK KID LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
RESIDENT EVIL 3	kl. 8 - 10.10	16
GOOD LUCK CHUCK	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14
SUPERBAD	kl. 3 - 5.30	12
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 1.30 - 4	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 1.30 300 kr. Sið. sýningar	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu.

DARK IS RISING	kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10	7
4 MONTHS ENSKUR TEXTI	kl. 3 - 5.40 - 8	16
EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI	kl. 3 - 5.40	12
HALLOWEEN	kl. 10.20	14
SUPERBAD	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
GOOD LUCK CHUCK	kl. 8 - 10.20	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíói merktar með rauðu.

EASTERN PROMISES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
SYNDIR FEÐRANNA	kl. 4 - 6 - 8 - 10	16
GOOD LUCK CHUCK	kl. 3.20	14
HEIMA - SIGURRÓS	kl. 4 - 6	14
VEÐRAMÓT	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	
THE KINGDOM	kl. 8 - 10.20	

SAMBÍÓIN SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Sambíóunum merktar með rauðu.

EASTERN PROMISES	kl. 8 - 10.10	16
THE HEARTBREAK KID	kl. 6 - 8	12
RESIDENT EVIL 3	kl. 10.10*	16
GOOD LUCK CHUCK	kl. 4 - 6	14
HÁKARLABEITA	kl. 4	

*Kraftsýning

ÁLFABAKKA

THE INVASION DIGITAL	kl. 5:50 - 8D - 10:20D	16
THE INVASION	kl. 8 - 10:20 VIP	
ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 4 - 6	L
HEARTBRAKE KID	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
THE BRAVE ONE	kl. 8 - 10:30	16
STARDUST	kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30	10
NO RESERVATIONS	kl. 8	L
CHUCK AND LARRY	kl. 10:20	12
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 4 - 6	L
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 4 - 6 VIP	
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 12:30 - 3	L
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 1:30	L
BRATZ - THE MOVIE	kl. 3:40	L

AKUREYRI

ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali	kl. 2 - 4 - 6	L
THE INVASION DIGITAL	kl. 8 - 10	16
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 2	L
BRATZ - THE MOVIE	kl. 4	L
STARDUST DIGITAL	kl. 5:50 - 8	10
THE TRANSFORMERS	kl. 10:20	10

KRINGLUNNI

THE INVASION	kl. 8:20D - 10:30D	16
DARK IS RISING	kl. 2 - 4 - 6 - 8	7
ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 4	L
IN THE LAND OF WOMEN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
THE KINGDOM	kl. 10:10	10
STARDUST	kl. 5:50D	10
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30 - 3:40	L

KEFLAVÍK

STARDUST	kl. 2	7
THE HEARTBREAK KID	kl. 5 - 8	L
3:10 TO YUMA	kl. 10:20	16
ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali	kl. 2 - 4 - 6	L
THE BRAVE ONE	kl. 8	16
HALLOWEEN	kl. 10:20	16

SELFOSSI

GOOD LUCK CHUCK	kl. 8 - 10:10	14
SUPERBAD	kl. 8	12
HALLOWEEN	kl.10:20	16
STARDUST	kl. 5:30	10
ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 3:50	L
SHARK BATE M/- ÍSL TAL	kl. 4	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30	L

FRÉTTIR AF FÓLKI

Natalie Portman sér eftir því að hafa fækkað fötum fyrir nektarsenur í nýrri mynd sinni, Hotel Chevalier. Hún kemur þar fram á evuklæðum, en myndir úr tökunum voru komnar á netið áður en kvikmyndin sjálf var frumsýnd. „Ég sé eftir því að hafa ekki treyst innsæi mínu. Hér eftir mun ég treysta eðlishvöt minni meira," segir hún.

Portia di Rossi ku vera orðin þreytt á sambandinu við **Ellen DeGeneres**. Samkvæmt heimildum slúðurritsins Star hefur Portia sagt Ellen að hún sé afar óhamingjusöm. „Portia vill vera með einhverri sem er yngri og flottari," segir heimildamaðurinn. Ellen er fimmtán árum eldri en Portia, en þær hafa verið saman í þrjú ár.

Cate Blanchett segir hlutverk sitt sem **Bob Dylan** hafa haft neikvæð áhrif á ástarlíf hennar og eiginmannsins **Andrew Upton**. Hún leikur tónlistarmanninn í kvikmyndinni I'm Not There, og gerviskegg var hluti af búningi hennar. „Eiginmanni mínum fannst ótrúlega fyndið að sjá mig klædda eins og Dylan. Hann hafði samt ekki sérstakan áhuga á að kyssa mig með skeggbrodda úti um allt andlit. Það var svolítið skrítið," segir hún.

Sarah Jessica Parker var kosin minnst kynþokkafyllsta kona í heimi í kosningu á vefsvæðinu Maxim.com. Lesendur vefsíðunnar líktu henni við fræga veðhlaupahesta og sögðust ekki skilja hvernig hún gæti verið stjarnan í þáttaröð sem kenndi sig við „sex", eða kynlíf. „Við myndum frekar vilja sofa hjá meðleikara þínum, Chris Noth!" skrifaði einn þeirra. **Amy Winehouse** varð í öðru sæti.

Egils

Kristall sport

KRISTALL SPORT er svalandi íþróttadrykkur án kolsýru. Kristall SPORT er uppspretta bætiefna sem nýtast við öll dagleg átök og inniheldur nauðsynleg vítamín og steinefni s.s. 6 mismunandi B-vítamín, bíótín, kalk, magnesíum, kalíum og natríum.

ENN BETRA BRAGÐ

AÐEINS 2 KALORÍUR

NÝ BRAGÐTEGUND

ÓKOLSÝRT

Alvöru dísil jeppar

fyrir íslenskar aðstæður…

Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 8,7 ltr. á 100 km.

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• **31" TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar

…upplifðu ósvikinn **kraft og fegurð**

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Bílaland Benna

Tangarhöfða 8-12 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG

Bílasalan Ós Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands Egilsstöðum, sími 471 3005

> Guðjón til liðs við KR-inga

Guðjón Baldvinsson, leikmaður Stjörnunnar í Garðabæ, mun ef allt gengur eftir ganga frá samningi við KR í dag eða á morgun. „Þetta er allt að skýrast, sem er alveg meiriháttar. Ég er búinn að tilkynna Stjörnunni að ég vilji fara í KR og Stjörnunni er búið að berast tilboð frá KR sem ætti að uppfylla kröfur. Stjarnan fundar svo á morgun [í dag] um málið og þetta hlýtur allt að verða klárt strax eftir helgi," sagði Guðjón kátur í samtali við Fréttablaðið í gær.

sport
sport@frettabladid.is

RAGNAR SIGURÐSSON: TILNEFNDUR SEM VARNARMAÐUR ÁRSINS OG ORÐAÐUR VIÐ STÓRLIÐ

Bara spark í rassinn til að gera enn betur

Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson verða í eldlínunni með liði sínu IFK Gautaborg þegar síðasta umferð sænsku úrvalsdeildarinnar fer fram í dag. IFK Gautaborg er sem stendur jafnt að stigum við annað Íslendingalið, Djurgården, þar sem Sigurður Jónsson stýrir skútunni og Sölvi Geir Ottesen spilar, en IFK Gautaborg er með hagstæðari markatölu.

„Það er gríðarlega góð stemning í Gautaborgarliðinu fyrir síðasta leikinn og við ætlum okkur til að byrja með að klára okkar leik og þá helst með nokkurra marka mun og vonandi dugar það, svo framarlega sem Djurgården vinnur ekki 10-0 í sínum leik," sagði Ragnar Sigurðsson og hrósaði Sigurði Jónssyni sérstaklega fyrir störf sín hjá Djurgården.

„Hann er búinn að setja sinn brag á liðið og mér fannst Djurgården klárlega vera erfiðasta liðið sem við spiluðum við í ár," sagði Ragnar en lið hans hefur komið skemmtilega á óvart í deildinni í ár.

„IFK Gautaborg er sögufrægt félag í Svíþjóð en liðið hefur þó ekki orðið meistari síðan 1996 og okkur var til að mynda ekki spáð sérstöku gengi í deildinni af fjölmiðlum í byrjun leiktíðar. Það má því segja að árangur okkar sé framar vonum, þó svo að við ungu leikmennirnir í liðinu höfum rætt okkar á milli á undirbúningstímabilinu og haft fulla trú á því að við gætum verið í toppbaráttunni," sagði Ragnar sem er tilnefndur sem varnarmaður ársins í Svíþjóð og verið orðaður undanfarið við stórlið á borð við Roma.

„Það er mikill heiður að vera tilnefndur sem varnarmaður ársins og ég tek sögusagnirnar bara sem hrós og spark í rassinn til að gera enn betur."

WEST HAM EVERTON
Verð á mann í tvíbýli frá
52.800 KR.
14.–16. DESEMBER
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Man Utd, Fulham og Liverpool.
+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir
WWW.ICELANDAIR.IS

Eyjólfur ekki endurráðinn

Stjórn KSÍ tilkynnti í gær að Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari karla í knattspyrnu, yrði ekki endurráðinn, en núverandi samningur hans rennur út í lok október. Formaður KSÍ segir Eyjólf hafa verið til í að halda áfram með liðið.

FÓTBOLTI Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í gær að endurnýja ekki samning sinn við Eyjólf Sverrisson, landsliðsþjálfara karla í knattspyrnu, en núverandi samningur hans rennur út þann 31. október næstkomandi. Eyjólfur mun því ekki stýra landsliðinu gegn Dönum í síðasta leik liðsins í undankeppni Evrópumótsins.

Samningur Eyjólfs Sverrissonar við Knattspyrnusamband Íslands rennur út þann 31. október næstkomandi og verður ekki endurnýjaður, en ákvörðunin var tekin á fundi KSÍ í gær. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, hafði áður fyrr í vikunni látið hafa eftir sér að Eyjólfur myndi að minnsta kosti klára landsleikinn gegn Dönum sem fer fram þann 21. nóvember næstkomandi.

„Persónulega hefði ég viljað að Eyjólfur myndi klára þetta verkefni, það er að segja undankeppni EM, en eftir að í ljós kom að ákveðin mistök höfðu átt sér stað hjá okkur við samningsgerð, þá varð þetta niðurstaðan," sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær og útskýrði nánar.

„Samningurinn við Eyjólf átti náttúrulega að gilda út undankeppnina en fyrst hann gerði það ekki og sættir um skammtímasamning náðust ekki, þá voru í raun bara tveir möguleikar eftir í stöðunni. Annars vegar að endurnýja samninginn við Eyjólf til langs tíma eða endurnýja ekki samninginn og leita að nýjum þjálfara. Seinni kosturinn varð fyrir valinu hjá okkur, þó svo að Eyjólfur hafi viljað halda áfram með liðið til lengri tíma," sagði Geir og kvað árangur liðsins undir stjórn Eyjólfs hafa ráðið úrslitum um að þessi ákvörðun var valin.

„Það eru ýmsar sögusagnir um agavandamál innan landsliðsins og fleira í þeim dúr og ég ætla ekki að blanda mér í einhver einkasamtöl milli þjálfarans og leikmanna þannig að þetta hefur í raun ekkert komið upp á borð hjá mér. Ákvörðun stjórnar KSÍ byggir fyrst og fremst á árangri landsliðsins, svo einfalt er það," sagði Geir.

Stjórn KSÍ þarf nú að ráða sínum ráðum með nýjan landsliðsþjálfara og eins og staðan er núna þá er allt óráðið í þeim efnum.

„Það er alveg klárt að við þurfum að finna nýjan þjálfara, en það er ekki búið að taka neina ákvörðun hvað það varðar og það verður að koma í ljós hvort það gangi fljótt fyrir sig eða hvort við þurfum að fá einhvern þjálfara til bráðabirgða fyrir Danaleikinn," sagði Geir.

omar@frettabladid.is

ÞUNGT HUGSI Eyjólfur vildi halda áfram með landsliðið, en þó aðeins til lengri tíma. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sagði ákvörðunina um að endurnýja ekki samninginn við Eyjólf hafa fyrst og fremst ráðist af gengi landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ALFREÐ GÍSLASON Stýrði sínum mönnum með harðri hendi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alfreð Gíslason:

Miklu betra

HANDBOLTI „Þetta var miklu skárra en á föstudag. Ég var að stærstum hluta til ánægður með sóknarleikinn enda spiluðum við okkur í færi en fórum að vísu illa með þau," sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari og hann hrósaði nýliðanum úr Haukum, Sigurbergi Sveinssyni, sérstaklega. „Það var mjög jákvætt að sjá hans frammistöðu hér í dag. Þetta er sterkur maður og einkennilegt að þessi maður hafi nánast ekkert verið með í unglingalandsliðum."

Alfreð var heilt yfir ánægður með varnarleikinn.

„Markvarslan var samt algjörlega í molum og það kom mér á óvart enda strákarnir að standa sig vel á æfingum," sagði Alfreð. Nokkra athygli vakti að hann skyldi spila með Hannes Jón Jónsson í vinstra horninu lengstum.

„Hannes er mjög stöðugur og gerir lítið af mistökum. Þess vegna er hann þarna." - hbg

Íslenska handboltalandsliðið sýndi allt annan og miklu betri leik gegn Ungverjum í gær en á föstudag:

Sigur þrátt fyrir lélega markvörslu

HANDBOLTI Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari var ómyrkur í máli eftir slæmt tap landsliðsins gegn Ungverjum á föstudag og kallaði eftir hugarfarsbreytingu. Drengirnir hans brugðust rétt við á Ásvöllum í gær, sýndu miklu betri leik og unnu nauman en sanngjarnan sigur, 32-31.

Alfreð byrjaði með sama lið og á föstudag en spilaði 5/1 vörn frá upphafi að þessu sinni. Þjálfarinn gagnrýndi reynslumeiri leikmenn liðsins harkalega eftir fyrri leikinn og þeir svöruðu gagnrýni þjálfarans strax í upphafi. Fór þar fremstur í flokki fyrirliðinn Snorri Steinn Guðjónsson sem lék við hvurn sinn fingur.

Ísland tók strax frumkvæði í leiknum en Ungverjar unnu sig inn í leikinn eftir að markvarslan datt niður um miðjan hálfleikinn. Hún kom aldrei aftur. Það var jafnt í leikhléi, 15-15, og íslenska liðið hélt frumkvæðinu allan síðari hálfleikinn þökk sé góðum sóknarleik.

Strákarnir spiluðu sig ítrekað í góð færi og hefðu átt að ganga frá leiknum snemma en létu markverði Ungverja verja allt of mikið af skotum úr opnum færum. Varnarleikurinn var lengstum fínn en markvarslan var nákvæmlega engin og skipti engu hvor markvarðanna stóð á milli stanganna.

Alfreð ákvað að setja Hreiðar inn af bekknum þegar mínúta var eftir. Það reyndist vituleg ákvörðun. Róbert kom Íslandi í 32-31 og Hreiðar varði lokaskot Ungverjanna og tryggði Íslandi sigur. Það var aðeins annað skotið sem var varið í hálfleiknum sem er engan veginn ásættanlegt.

„Ég held ég hafi spilað minn slakasta landsleik frá upphafi á föstudag og var mjög ósáttur við mína frammistöðu. Það var því ekkert annað í stöðunni en að svara með góðum leik núna," sagði brosmildur fyrirliði Íslands, Snorri Steinn Guðjónsson, sem átti frábæran leik eins og áður segir. Það var líka allt annað að sjá Ásgeir Örn og Arnór sem voru ákveðnari í sínum aðgerðum. Alexander var aftur á móti ólíkur sjálfum sér og munar um minna. - hbg

ÍSL - UNG 32-31 (15-15)

Mörk Íslands (skot): Snorri Steinn Guðjónsson 11/1 (17/2), Arnór Atlason 3 (5), Róbert Gunnarsson 3 (5), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (7), Alexander Petersson 3 (10), Vignir Svavarsson 2 (2), Jaliesky Garcia Padron 2 (3), Hannes Jón Jónsson 2 (4), Bjarni Fritzson 1 (2), Sigurbergur Sveinsson 1 (1), Baldvin Þorsteinsson 1/1 (1/1).

Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 9 (30/3) 30%, Björgvin Páll Gústavsson 1 (11/1) 9%.

Hraðaupphlaup: 9 (Snorri 2, Ásgeir 2, Róbert, Alexander, Arnór, Bjarni, Vignir).

Fiskuð víti: 3 (Róbert 2, Bjarni).

Utan vallar: 8 mínútur.

Mörk Ungverja: Gabor Olah 7/4, Tamas Mocsai 4, Szabolcs Zubai 3, Szabolcs Törö 3, Gabor Szalafai 3, Tamas Frey 3, Ferenc Ilyes 2, Gyula Gal 2, Kornél Nagy 2, Peter Gulyas 1.

Varin skot: Nandor Fazakas 14/1, Roland Mikler 7.

ÖFLUGUR Snorri Steinn Guðjónsson fór á kostum í æfingaleiknum gegn Ungverjum í gær og skoraði 11 mörk, þar af eitt úr vítakasti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GRIMMUR Friðrik Stefánsson og félagar í Njarðvík hafa byrjað vel í vetur.
VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Iceland Express-deild karla:

Erkifjendur mætast í kvöld

KÖRFUBOLTI Nágrannaliðin Njarðvík og Keflavík mætast í toppslag Iceland Express deildar karla í körfubolta í Njarðvík í kvöld. Fyrir leikinn eru bæði liðin taplaus og jöfn á toppi deildarinnar eftir þrjá leiki, en fyrir mótið var þeim spáð fjórða og fimmta sæti af forráðamönnum, þjálfurum og fyrirliðum deildarinnar. Keflavík hefur þegar unnið Snæfell og Grindavík, sem var spáð öðru og þriðja sæti deildarinnar og Njarðvík hefur einnig unnið Snæfell.

Það er mál manna að deildin í ár sé jafnari nú en síðustu ár, bæði á toppi og botni, þar sem allir virðast geta unnið alla og dagsformið eða hugarfarið og hungrið til sigurs skiptir miklu máli.

Leikur Njarðvíkur og Keflavíkur hefst kl. 19.15 í kvöld í Ljónagryfjunni í Njarðvík. - óþ

Birgir Leifur kylfingur:

Langt frá sínu besta á Spáni

GOLF **Birgir Leifur Hafþórsson komst ekki í gegnum niðurskurðinn á opna Mallorca-mótinu í gær. Birgir Leifur hóf keppni að nýju í gær á 11. braut, þar sem hann hafði þurft að hætta keppni í fyrradag vegna myrkurs. Birgir Leifur kom í hús í gær á 74 höggum eða 10 höggum yfir pari í 106. sæti mótsins og samanlagt á 150 höggum að loknum tveimur hringjum.**

Hollendingurinn Robert Jan-Derksen og Frakkinn Jean-Francois Lucquin höfðu forystu í mótinu í gær á samtals níu höggum undir pari. - óþ

FRAMSTÚLKUR Hafa komið allra liða mest á óvart í vetur.

N1-deild kvenna í handbolta:

Toppslagur í Framhúsinu

HANDBOLTI Fram og Valur mætast í toppslag N1-deildar kvenna í handbolta í dag. Liðin eru bæði taplaus fyrir leikinn með 10 stig í öðru og þriðja sæti deildarinnar, en Valur er aðeins búinn að leika fimm leiki og á því einn leik inni á Fram. Valur hefur unnið alla fimm leiki sína til þessa í deildinni, en Fram hefur unnið fjóra leiki og gert tvö jafntefli, þar á meðal við Íslandsmeistara Stjörnunnar sem eru sem stendur á toppi deildarinnar.

Leikurinn fer fram í dag kl. 16 í Framhúsinu og sjálfsagt að hvetja fólk til að mæta á völlinn. - óþ

Stórleikur Liverpool og Arsenal fer fram í ensku úrvalsdeildinni í dag, en bæði lið eru enn taplaus í deildinni:

Einu taplausu lið deildarinnar mætast

FÓTBOLTI Liverpool og Arsenal mætast í stórleik á Anfield Road í ensku úrvalsdeildinni í dag. Bæði liðin eru enn sem komið er taplaus eftir níu leiki deildinni.

Liðin áttu reyndar ólíku gengi að fagna í leikjum sínum í Meistaradeild Evrópu í vikunni, þar sem Arsenal slátraði Slavia Prag, 7-0, og situr á toppi H-riðils, en Liverpool tapaði óvænt 2-1 gegn Besiktas og er í fremur slæmum málum á botni A-riðils.

Rafa Benitez, stjóri Liverpool, var þó ekki smeykur á blaðamannafundi í gær þegar hann var spurður hvort hans menn yrðu tilbúnir í slaginn gegn Arsenal.

AFGREIÐSLA Peter Crouch skoraði þrennu og var hetja Liverpool í 4-1 sigri gegn Arsenal þegar liðin spiluðu síðast á Anfield Road í deildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ef maður tapar leik og er að fara að mæta toppliði í deildinni er einhverra hluta vegna oft auðveldara að fá leikmenn sína til þess að einbeita sér og vera tilbúna í verkefnið," sagði Benitez.

Liverpool er fyrsti topp fjögur klúbburinn sem Arsenal mætir á tímabilinu og Arsene Wenger, stjóri liðsins, býst við hörkuleik.

„Þetta verður erfiður leikur fyrir okkur. Fyrir tímabilið var mikið talað um að við værum með of ungt lið og myndum ekki ná langt, en nú er aftur á móti talað um að við eigum enn eftir að sanna okkur gegn stóru liðunum í deildinni. Sama hvað menn segja þá tel ég að við búum núna yfir sjálfsörygginu og kraftinum sem þarf og við erum tilbúnir í leikinn," sagði Wenger.

Leikurinn byrjar kl. 16 og er sýndur beint á Sýn 2. - óþ



TRYGGÐ Rooney segir ensku landsliðsmennina bera ábyrgð á gengi liðsins fremur en landsliðsþjálfarann McClaren.
NORDICPHOTOS/GETTY

Wayne Rooney, Man. United:

Steve McClaren á ekki sökina

FÓTBOLTI Wayne Rooney, leikmaður Manchester United og enska landsliðsins, stendur sem fyrr við bakið á landsliðsþjálfara sínum, Steve McClaren, þrátt fyrir að sá síðarnefndi hafi verið gagnrýndur mikið undanfarið.

„Steve hefur gert frábæra hluti fyrir England og það er ekki við hann að sakast hvernig staða liðsins er í augnablikinu. Það erum við, leikmennirnir, sem erum inni á vellinum sem berum ábyrgð á því hvernig staða liðsins er," sagði Rooney í viðtali við enska blaðið The Sun í gær.

England þarf að vinna topplið Króatíu og treysta á að Rússland tapi á móti Ísrael eða Andorra í lokaleikjum E-riðils í undankeppni EM ætli liðið sér farseðilinn til Austurríkis og Sviss á næsta ári. **- óþ**

N1 DEILD KVENNA
Sunnudagur 28.október
Framhús kl. 16:00
Fram - Valur
KA heimilið kl. 16:00
Akureyri - HK

Markaveisla hjá Chelsea

Sex leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær en þar bar hæst að Chelsea og Manchester United unnu góða sigra og United er komið á topp deildarinnar.

FÓTBOLTI Sex leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær og helst ber að nefna að Manchester United er komið í toppsætið eftir öruggan sigur gegn Middlesbrough og Chelsea tók Manchester City bókstaflega í kennslustund. Í öðrum leikjum náði Birmingham að vinna Wigan, Reading vann Newcastle, Sunderland og Fulham skildu jöfn sem og Porsmouth og West Ham.

Manchester United mætti ákveðið til leiks gegn Middlesbrough og tók forystu strax á 3. mínútu þegar Luís Nani skoraði glæsilegt mark úr langskoti. Middlesbrough lét þó mótlætið ekki á sig fá og Jeremie Allardiere jafnaði leikinn þremur mínútum síðar. United tók forystu á nýjan leik eftir rúman hálftíma þegar Nani stal boltanum af Stuart Downing og renndi boltanum á Wayne Rooney sem skoraði örugglega og staðan var 2-1 í hálfleik.

Í seinni hálfleik hélt United áfram og Carlos Tevez skoraði eftir góðan undirbúning Rooneys, 3-1, en Argentínumaðurinn var ekki hættur og bætti fjórða markinu við áður en yfir lauk og 4-1 sigur United staðreynd.



TÖFRAMAÐUR Carlos Tevez skoraði tvö mörk fyrir Manchester United og var vinnusamur og líflegur að vanda.
NORDICPHOTOS/GETTY

FLUGELDASÝNING Leikmenn Chelsea fóru á kostum gegn Manchester City og héldu áfram þeim stíganda sem hefur einkennt liðið undanfarið.
NORDICPHOTOS/GETTY

„Middlesbrough gerði okkur erfitt fyrir en þegar við byrjum leikinn af krafti eins og við gerðum, þá verður allt miklu auðveldara. Mér fannst við ná að spila góðan fótbolta með fáum snertingum og miklum hraða og við áttum skilið að vinna leikinn," sagði Carlos Quieroz, hægri hönd Sir Alex Ferguson, í viðtali eftir leikinn.

Flestir bjuggust við spennandi leik milli Chelsea og Manchester City, en liðin voru fyrir leikinn í þriðja og fimmta sæti í deildinni. Leikurinn var hins vegar algjör einstefna þar sem Chelsea gjörsamlega slátraði City-liðinu. Michael Essien kom Chelsea á bragðið eftir stundarfjórðung og Didier Drogba bætti öðru marki við eftir hálftíma leik og þar við sat í hálfleik. Flóðgáttir opnuðust svo sannarlega í seinni hálfleik þar sem Chelsea Drogba bætti við sínu öðru marki í leiknum og Joe Cole, Salomon Kalou og Andreiy Shevchenko skoruðu allir eitt mark hver fyrir Chelsea og ótrúlegur 6-0 sigur hjá Chelsea sem er komið á skrið undir stjórn Avrams Grant.

„Við erum búnir að bæta okkur leik eftir leik í þessum mánuði og leikmennirnir eru búnir að sýna frábært viðhorf undanfarið og gríðarlegan vilja. Við munum njóta þessa sigurs en við þurfum líka að halda áfram að vinna í því sem við erum að byggja upp hjá Chelsea og spila áfram jákvæðan fótbolta," sagði Avram Grant, stjóri Chelsea, ánægður í viðtali í leikslok. **omar@frettabladid.is**

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin:

Birmingham - Wigan 3-2
0-1 Marcus Bent (23.), 1-1 Oliver Kapo (26.), 1-2 Marcus Bent (59.), 2-2 Liam Ridgewell (67.), 3-2 Oliver Kapo (81.).

Chelsea - Man. City 6-0
1-0 Michael Essien (16.), 2-0 Didier Drogba (31.), 3-0 Didier Drogba (56.), 4-0 Joe Cole (60.), 5-0 Salomon Kalou (75.), 6-0 Andreiy Shevchenko (90.).

Man. Utd. - Middlesbrough 4-1
1-0 Luis Nani (3.), 1-1 Jeremie Alladiere (6.), 2-1 Wayne Rooney (33.), 3-1 Carlos Tevez (55.), 4-1 Carlos Tevez (85.).

Reading - Newcastle 2-1
1-0 Dave Kitson (53.), 1-1 Sjálfsm. (76.), 2-1 Shane Long (84.). Brynjar Björn Gunnarsson var í byrjunarliði Reading og spilaði allan leikinn, en Ívar Ingimarsson sat á varamannabekknum.

Sunderland - Fulham 1-1
0-1 Simon Davies (32.), 1-1 Kenwyne Jones (86.).

Portsmouth - West Ham 0-0

STAÐAN:

Man. Utd.	**11**	**8**	**2**	**1**	**19-4**	**26**
Arsenal	9	8	1	0	21-6	25
Man. City	**11**	**7**	**1**	**3**	**15-13**	**22**
Chelsea	11	6	3	2	16-8	21
Liverpool	**9**	**5**	**4**	**0**	**16-5**	**19**
Portsmouth	11	5	4	2	19-12	19
Blackburn	**9**	**5**	**3**	**1**	**13-8**	**18**
Newcastle	10	5	2	3	17-13	17
West Ham	**10**	**4**	**2**	**4**	**12-9**	**14**
Aston Villa	9	4	2	3	13-12	14
Everton	**10**	**4**	**1**	**5**	**13-13**	**13**
Reading	11	4	1	6	14-23	13
Birmingham	**11**	**3**	**2**	**6**	**11-15**	**11**
Fulham	11	1	6	4	13-17	9
Sunderland	**11**	**2**	**3**	**6**	**12-20**	**9**
Wigan Athletic	11	2	2	7	10-17	8
Middlesbro	**11**	**2**	**2**	**7**	**11-22**	**8**
Tottenham	10	1	4	5	17-21	7
Derby County	**10**	**1**	**3**	**6**	**5-22**	**6**
Bolton	10	1	2	7	9-16	5

EINBEITTUR Hughes lætur ekki sögusagnirnar taka sig á taugum.
NORDICPHOTOS/GETTY

Mark Hughes, Blackburn:

Sögusagnirnar eru bara bull

FÓTBOLTI Mark Hughes, stjóri Blackburn, telur að sögusögnum um að hann muni taka við Tottenham hafi verið komið á kreik til þess að koma honum og liði hans úr jafnvægi.

„Ég sá strax í gegnum þetta bull og staða mála hjá Tottenham varðar hvorki mig né heldur Blackburn," sagði Hughes á blaðamannafundi í gær. **- óþ**

www.expressferdir.is
BOLTINN ER HJÁ OKKUR
WEST HAM – EVERTON
14.–16. desember
Verð á mann í tvíbýli
48.800 kr.
MAN. UTD. – NEWCASTLE
11.–13. janúar
Verð á mann í tvíbýli
69.900 kr.
LIVERPOOL – ASTON VILLA
18.–20. janúar
Verð á mann í tvíbýli
71.900 kr.
» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

LA Galaxy, lið Davids Beckham, mun leika góðgerðaleik gegn Hollywood United:

Góðgerðaleikur hjá Galaxy

FÓTBOLTI David Beckham fer fyrir liði sínu, Los Angeles Galaxy, í góðgerðaleik í fótbolta á vegum Rauða krossins og Hjálpræðishersins í Kaliforníu.

Góðgerðaleikurinn verður haldinn 4. nóvember næstkomandi til þess að safna peningum fyrir fórnarlömb skógareldanna í Kaliforníu og mótherji Galaxy í leiknum verður tilbúið lið söngvara, leikara og fyrrverandi leikmanna, Hollywood United FC. Meðal leikmanna Hollywood-liðsins eru Frank Leboeuf, Richard Gough og fyrrum landsliðsmenn Bandaríkjanna, Eric Wynalda og Alexi Lalas. En sá síðarnefndi er knattspyrnustjóri hjá Galaxy-liðinu.

„Leikmenn Galaxy eru búsettir í Kaliforníu og það er sannkallaður heiður fyrir okkur að fá að taka þátt í þessu," sagði Lalas. **- óþ**

VINSÆLL Vonir standa til að nafn Davids Beckham eigi eftir að tryggja góða mætingu á góðgerðaleik fyrir fórnarlömb skógarelda í Kaliforníu.
NORDICPHOTOS/GETTY

TILBOÐ
MICHELIN
www.pitstop.is

Rjúpnaveiðimenn
Göngum hægt um gleðinnar dyr!

Rjúpnaveiðar hefjast fimmtudaginn 1. nóvember n.k.
Vegna meiri fækkunar í íslenska rjúpnastofninum en búist var við er nauðsynlegt að draga enn frekar úr veiðum.
Veiðar verða leyfðar 4 daga í viku í nóvember; fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga.



Hvers vegna þurfum við að draga úr rjúpnaveiðum?

Rjúpnastofninn stendur höllum fæti. Ástæðan er ekki þekkt en hugsanlega gætu skotveiðar skipt máli. Samtök skotveiðimanna setja hag rjúpunnar í fyrsta sæti og vilja leggja sitt af mörkum þegar nauðsynlegt reynist að draga tímabundið úr veiðum. Einnig er það skoðun Skotvís að veiðistjórnun skuli byggð á vísindalegu grunni og bestu þekkingu á hverjum tíma. Í ljósi mikillar sóknargetu íslenskra skotveiðimanna hvetja samtökin veiðimenn til að sýna hófsemi við rjúpnaveiðar 2007 og veiða aðeins fyrir sig og sína. Þannig má vonandi draga úr heildarafföllum rjúpna og þar með stuðla að sjálfbærum rjúpnaveiðum um ókomin ár.

Skotvís - landssamtök skotveiðimanna

Skotveiðifélag Íslands er landssamband íslenskra skotveiðimanna. Félagið gætir hagsmuna veiðimanna, stendur fyrir öflugu fræðslustarfi og stendur vörð um íslenska náttúru. Eyðilegging búsvæða villtra dýra er helsta ógnunin við tilvist þeirra, - ekki veiðar landsmanna. Án öflugrar hagsmunagæslu Skotveiðifélags Íslands undanfarin ár væru aðstæður íslenskra skotveiðimanna talsvert verri. Til þess að halda þessu þróttmikla starfi áfram og sinna þessum verkefnum enn betur, hvetjum við íslenska skotveiðimenn til að ganga í félagið. Þannig tryggjum við best að við getum stundað veiðar í íslenskri náttúru um ókomin ár.

Þá er veiðidagur góður þegar hóflega er veitt, með talsverðri líkamlegri áreynslu, vakandi náttúruskyni og sært dýr liggi ekki eftir að kveldi.

SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
www.skotvis.is

Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir hvetja íslenska rjúpnaveiðimenn til að gæta hófs við veiðarnar, aka ekki utan vega, hirða notuð skothylki sín og annarra. Veiðimenn eru einnig hvattir til að gæta fyllsta öryggis, hafa með sér áttavita, GPS staðsetningatæki og láta vita af ferðum sínum.

olís · Ellingsen · SPARISJÓÐURINN · UST Umhverfisstofnun · Umhverfisráðuneytið

dagskrá

> Uma Thurman

Móðir Umu, Nena Thurman, var sænsk fyrirsæta sem síðar gerðist klínískur sálfræðingur. Hún var uppgötvuð af ljósmyndaranum Norman Parkinsson í Stokkhólmi 16 ára gömul. Salvador Dalí kynnti Nenu fyrir fyrsta manninum sínum, Timothy Leary. Uma leikur í The Producers á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER VINALEG

Vinir í tíma, rúmi og vitlausri röð

Eins mikið og ég gleðst yfir endursýningum vina minna í sjónvarpsþáttunum Friends pirrast ég yfir framkvæmdinni. Truflar það engan nema mig að engin sýnileg röð sé á þáttunum? Einn daginn er Rachel kasólétt, daginn eftir er Emma ekki einu sinni blik í augum foreldra sinna, á þriðja degi eru vinirnir í London og á þeim fjórða sprangar Monica um í fitubúningnum og Rachel er með stóra nefið á áttunda áratugnum.

Þrátt fyrir þessa annmarka eru Vinir prýðilegt uppfyllingarefni þegar maður hefur ekkert annað að gera. Öðru hvoru er líka sýndur þáttur sem maður hefur ekki séð áður og þá dettur maður aldeilis í lukkupottinn.

Sumir velta líklega fyrir sér hvar þessi vinir okkar séu í dag: Rachel (Jennifer Aniston) hefur verið mikið í sviðsljósinu af persónulegum ástæðum en einnig hefur hún leikið í nokkrum kvikmyndum og notið mestrar velgengni þeirra vina á því sviði.

Fyndna vininum Chandler (Matthew Perry) hefur gengið ágætlega að koma ár sinni fyrir borð og lék meðal annars í þáttunum Studio 60 on the Sunset Strip.

Ruglukollan Phoebe (Lisa Kudrow) er af mörgum talin besti leikarinn meðal vinanna. Velgengnin hefur þó látið bíða eftir sér en hún hefur þó leikið í nokkrum kvikmyndum og auk þess í hinum heldur mislukkuðu þáttum The Comeback.

Hjartaknúsarinn Joey (Matt LeBlanc) verður aldrei annað en Joey í hugum margra og hefur því átt erfitt með að sannfæra nokkurn í öðrum hlutverkum. Meira að segja í þáttunum Joey er hann ekki sá sami og áður. Hin þrífóða Monica (Courney Cox Arquette) hefur undanfarið vakið athygli fyrir ágætis frammistöðu í þáttunum Dirt.

Ross (David Schwimmer) var ekki skemmtilegur í Vinum og enn síður í öðrum hlutverkum, sem eru fá. Hins vegar haslaði hann sér nýlega völl sem leikstjóri með gamanmyndinni Run, Fat Boy, Run.

EKKI MISSA AF

19.50 Janice Dickinson Modelling Agency SIRKUS

20.00 The Producers STÖÐ 2 BÍÓ

20.30 Ertu skarpari en skólakrakki? SKJÁREINN

21.15 Damages STÖÐ 2

21.20 Þeir fiska sem róa SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Í næturgarði 08.29 Róbert Bangsi 08.39 Pósturinn Páll 08.54 Bubbi byggir 09.05 Disneystundin 09.06 Herkúles 09.28 Sígildar teiknimyndir 09.36 Fínni kostur 09.58 Arthur 10.23 Ævintýri HC Andersen 10.50 Kanta og hjörturinn

11.15 Laugardagslögin

12.30 Silfur Egils

13.45 Matur er mannsins megin (5:6)

15.00 Íshokkí Beint.

17.30 Táknmálsfréttir

17.40 Flippaða stelpan

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

20.20 Glæpurinn (3:20)

21.20 Þeir fiska sem róa Þetta er saga þrettán manna fjölskyldu í Malaví sem er elsta samstarfsland Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og jafnframt eitt af fátækustu löndum heims.

21.45 Sunnudagsbíó - Ein í tvær vikur (Zwei Wochen für Uns) Þýsk bíómynd frá 2004 um hjón sem senda tvíburana sína í sumarbúðir og ætla að eiga rómantískan tíma saman. Karlinn er svo kallaður til vinnu og býður konu sinni í sárabætur að dvelja á lúxushóteli en hún veit ekki að hann verður þar líka.

23.15 Silfur Egils

00.25 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.15 My Boss´s Daughter

08.00 Two Family House

10.00 Finding Neverland

12.00 The Producers

14.10 My Boss´s Daughter

16.00 Two Family House

18.00 Finding Neverland

20.00 The Producers Bráðfyndin gamanmynd með Matthew Broderick og Umu Thurman í aðalhlutverkum.

22.10 Deuce Bigalow. European Gigolo

00.00 The Forgotten

02.00 Layer Cake

04.00 Deuce Bigalow. European Gigolo

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.00 Algjör Sveppi

10.10 Barnatími Stöðvar 2

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Nágrannar

14.10 Ítalíuævintýri Jóa Fel NÝTT (1:8)

15.30 Til Death (10:22)

16.05 Logi í beinni

16.40 60 mínútur

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.05 Mannamál með Sigmundi Erni (3:40) Mannamál er nýr samtalsþáttur á Stöð 2. Þættinum stýrir Sigmundur Ernir Rúnarsson, einn reyndasti sjónvarpsmaður landsmanna, sem sett hefur svip sinn á íslenska fjölmiðla undanliðinn aldarfjórðung. 2007.

20.00 Monk (15:16) Fyrrverandi rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og er enn að reyna að komast að hjá lögreglunni. 2006.

20.45 Næturvaktin (7:12) Georg fær eitt af sínum frægu skapvonskuköstum þegar eftirlitskona kemur til að kanna starfsemina á stöðinni. 2007.

21.15 Damages (4:13) Glænýr og hörkuspennandi lögfræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki, Close er hér í hlutverki Patty Hewes, virts lögfræðings sem lætur ekkert stöðva sig á leið sinn á toppinn. Með henni við hvert fótmál er ungur lögfræðingur sem stefnir á glæstan frama undir handleiðslu Hewes. Í öðrum aðalhlutverkum eru Ted Danson og Tate Donovan. 2007. Bönnuð börnum.

22.05 The Tudors (10:10) Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Stranglega bönnuð börnum.

23.00 The Good, the Bad and the Ugly Klassískur vestri með stórleikaranum Clint Eastwood í aðalhlutverki. Fyrir þrjá alræmda byssubranda er borgarastyrjöldin aðeins leikur í samanburði við það sem á eftir kemur. Aðalhlutverk. Clint Eastwood, Eli Wallach, Lee Van Cleef. 1967. Stranglega bönnuð börnum.

01.40 Saving Grace (7:13)

02.25 The Pacifier

04.00 Damages (4:13)

04.50 Monk (15:16)

05.35 Til Death (10:22)

05.55 Fréttir

SÝN besta sætið

07.50 Spænski boltinn (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik Bilbao og Betis í spænska boltanum.

09.30 Meistaradeild Evrópu - endurs (Meistaradeildin - (E)) Upptaka af leik AC Milan og Shaktar Donetsk í Meistaradeildinni.

11.10 Meistaradeildin - meistaramörk

11.50 Presidents Cup 2007

16.20 NFL Gameday Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandarískra fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

16.50 NFL Miami - New York

Fyrsti leikurinn utan USA. Leikið á Wembley í London.

19.50 Spænski boltinn (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik Sevilla og Valencia í spænska boltanum.

21.50 Spænski boltinn (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik Barcelona og Almeria í spænska boltanum.

22.30 Spænski boltinn (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik Real Madrid og Deportivo í spænska boltanum.

23.15 NFL (Bandarískt fótboltinn)

SÝN 2

08.30 Portsmouth - West Ham

10.10 Chelsea - Man. City

11.50 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.

13.10 Bolton - Aston Villa

13.55 Derby - Everton (Extra)

14.55 Tottenham - Blackburn (Extra 2)

15.40 Liverpool - Arsenal

18.15 Tottenham - Blackburn Útsending frá leik fyrr í dag.

19.55 Derby - Everton Útsending frá leik fyrr í dag.

21.35 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.

SKJÁREINN

12.00 Vörutorg

13.00 MotoGP - Hápunktar

14.00 Sport Kids Moms & Dads (e)

15.00 Charmed (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 According to Jim (e)

18.25 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að.

19.10 Backpackers (e)

19.35 Family Guy (e)

20.00 Dýravinir - NÝTT Skemmtilegur og fróðlegur þáttur fyrir alla fjölskylduna um gæludýr og eigendur þeirra.

20.30 Ertu skarpari en skólakrakki? Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Keppendur þurfa að glíma við spurningar sem teknar eru upp úr skólabókum grunnskólakrakka og við hvert rétt svar klífur viðkomandi upp peningatré en í efsta þrepinu eru 2 milljónir króna.

21.30 Law & Order. SVU (18.22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Lögreglumaðurinn Fin Tutuola (Ice-T) stendur í ströngu eftir að sonur hans er handtekinn fyrir að grafa í yfirgefnum garði. Hann segist hafa verið að leita að líki eftir að hafa heyrt mann á bar tala um morð en saga hans er ekki trúverðug.

22.30 Californication (4.12) Glæný gamanþáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki.

23.05 C.S.I. New York (e)

23.55 The Black Donnellys (e)

00.45 C.S.I. (e)

01.25 Vörutorg

02.25 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi



TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

TOYO TIRES
Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05
Damages

Glænýr og hörkuspennandi lögfræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. Þátturinn hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum og er af mörgum talinn sá besti síðan Sopranos. Í öðrum aðalhlutverkum eru Ted Danson og Tate Donovan. Í þætti kvöldsins reynir enn frekar á foreldrahæfileika Patty en hún er að eigin sögn óhæf móðir. Ætli sonur hennar sé sammála því?

▶VIÐ MÆLUM MEÐ
Dýravinum
Skjár einn kl. 20.00

Nýr og skemmtilegur þáttur sem fjallar um gæludýr og eigendur þeirra. Guðrún Heimisdóttir kemur víða við og skoðar gæludýr af öllum stærðum og gerðum. Í fyrsta þættinum kynnir Guðrún sér hundategundina labrador og hittir æðabónda fyrir vestan. Svo skoðar hún gæludýragrafreit, hittir mann sem smíðar kistur undir gæludýrin og heimsækir sjónvarps- og kattakonuna Svanhildi Hólm.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Upp og ofan
10.15 Um skáldið og vísindamanninn Jónas Hallgrímsson
11.00 Guðsþjónusta í Dómkirkjunni
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Útvarpsleikhúsið: Uppfræðsla Litla trés
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlífinu
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inní daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

14.30 Hollyoaks (41:260)
16.35 Hollywood Uncensored
17.15 Most Shocking
18.00 The George Lopez Show (13:22) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Bestu Strákarnir (27:50) (e)
19.25 Arrested Development 3 Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
▶19.50 Janice Dickinson Modelling Agency Janice Dickison vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikaþáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. Nú er komin að annarri þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkjanna. 2006.
20.30 Windfall (6:13) (e) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói.
21.15 Jake 2.0 (15:16) (e) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggri en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.
22.00 Tekinn 2 (7:14) (7:14) Inga Lind fær stjörnulífið beint í æð þegar papparassaljósmyndari fer að ofsækja hana og Hallur úr Leitinni að strákunum upplifir sína verstu martröð þegar hann er tekinn fyrir eiturlyfjasmygl. 2007.
22.25 Stelpurnar (10:10) 2007.
22.50 Smallville (15:22) (e)
23.35 Ren & Stimpy
00.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.00 EastEnders **10.30** EastEnders **11.00** Molly's Zoo **11.30** Extreme Animals **12.00** The Life of Mammals 1**3.00** Cutting It **14.00** Florida Fatbusters **14.30** Florida Fatbusters **15.00** Doctor Who **15.45** Doctor Who Confidential **16.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Terry Jones' Barbarians **19.00** Egypt **20.00** John Wayne: The unquiet american **21.00** Janis Joplin: Southern Discomfort **22.00** Days that Shook the World **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Terry Jones' Barbarians **1.00** Egypt

DR 1

10.30 Lyden av lørdag **11.35** Last Night of the Proms 2007 **13.00** V-cup langrenn **15.00** Rally-VM: Rally Japan **15.50** Sport i dag **16.30** Åpen himmel 1**7.00** Arild og den usynlige byen **17.26** Wummi **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.05** Kvitt eller dobbelt **20.05** Motorsykkeldagbøkene **22.05** Kveldsnytt **22.25** Dokumentar: Polhavets pionerer **23.20** Uka med Jon Stewart **23.45** Larry Sanders-show **0.10** Alfred Hitchcock presenterer

NRK 1

6.00 Ugler i mosen **6.20** Tigga og Togga **6.25** Magnus og Myggen **6.40** Disneytimen **7.35** SvampeBob **8.00** Månáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Hjorten på nært hold **8.45** Bilder i bronse **9.30** To Have and Have Not **11.05** Et mesterverk **11.55** Jessye Norman **13.25** Lyden av lørdag **14.30** Oslo Horse Show **15.30** Åpen himmel **16.00** Tyven, Tyven **16.25** Wummi **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Kvitt eller dobbelt **19.05** Nils og Ronny - sammen for barna **19.35** Det kunne hende deg **21.10** Kveldsnytt **21.25** Rally-VM **22.15** Why Democracy? **23.10** Uka med Jon Stewart **23.35** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

11.30 Packat & klart **12.00** Babben & co **13.00** Svensson, Svensson **13.30** Putins system **14.25** I love språk **15.25** Världen **16.25** Muslim i Europa **16.55** Anslagstavlan **17.00** BoliBompa **17.30** Videokväll hos Luuk **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** VeteranTV **21.40** Vetenskap - Hjärnans hemligheter **22.10** Rapport **22.20** Fotbollskväll **23.05** Kobra

512 5050 Auglýsingasími
– Mest lesið

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Ég er mjög glöð yfir þessari velgengni og mjög stolt af honum, það held ég nú. Ég hefði nú ekki trúað þessu fyrst, en svona þróast málin.“

Þórunn Friðriksdóttir, móðir Arnalds Indriðasonar.

Fréttablaðið sagði frá því í vikunni að sala á bókum hans nálgaðist sölu verka Halldórs Laxness.

HIN HLIÐIN HILDUR MAGNÚSDÓTTIR SÖNGKONA OG NEMI

Fæddist á hlaupársdegi

Hvað er að frétta? Það er allt rosa gott að frétta. Við systurnar vorum að gefa út okkar fyrstu plötu sem heitir BARA og við erum á fullu að byrja að kynna hana og hvetjum að sjálfsögðu alla til að næla sér í eintak.
Augnlitur: Grænn.
Starf: Ég er nemi í KHÍ og söngkona.
Fjölskylduhagir: Er í sambúð og á litla tveggja ára stelpu.
Hvaðan ertu? Ég er Hvergerðingur í húð og hár.
Ertu hjátrúarfull? Nei, ég held bara ekki. Mér er samt ekkert vel við að brjóta spegil eða eitthvað svoleiðis bull.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Allir gelgjuþættir sem birst hafa á Skjá einum, ég elska þá!
Uppáhaldsmatur: Ég er rosalega hrifin af öllum mexikóskum mat og alls konar kjúklingi. Mér finnst sko ekki leiðinlegt að borða.
Fallegasti staðurinn: Laugarvatn.
iPod eða geislaspilari: Bæði betra.
Hvað er skemmtilegast? Ég elska það að koma fram og syngja og fíflast, svo finnst mér líka hrikalega gaman að versla og vera með vinum og fjölskyldu.
Hvað er leiðinlegast? Að vera í megrun. Ég þoli það ekki.
Helsti veikleiki: Ég er ekkert sérstaklega orðheppin manneskja. Svo á ég það til að vera svolítið utan við mig.
Helsti kostur: Ohhh. Ég vildi að mamma væri að svara þessu, hún myndi ábyggilega skrifa heila blaðsíðu.
Helsta afrek: Án efa að koma litla krílinu mínu í heiminn. Svo er líka nýi geisladiskurinn okkar ofarlega í huga.
Mestu vonbrigðin: Ég hef nú ekki upplifað nein stórkostleg vonbrigði en ég var grátlega nálægt því að komast inn í leiklistarskólann.
Hver er draumurinn? Að geta unnið við það að syngja og leika í framtíðinni og vera alltaf alveg rosalega hamingjusöm.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Pétur Jóhann Sigfússon, Ég bara pissa í mig þegar ég sé hann.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Fýlustrumpur fer mikið í taugarnar á mér.
Hvað er mikilvægast? Að njóta lífsins í botn!

FRÁBÆRIR DÓMAR Glæpasaga Yrsu Sigurðardóttur, Þriðja táknið, fær frábæra dóma í Bandaríkjunum. Sjálf er Yrsa að fara að gefa út nýja bók hér á landi og er nýkomin frá Alaska.

Fór á fyrirlestur um lík í Alaska

Rithöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir er nýkomin frá Alaska þar sem glæpasagnahöfundar alls staðar að úr heiminum komu saman í þeim tilgangi að hlýða á fyrirlestra um glæpatækni. „Þarna voru til að mynda fyrirlestrar um lík. Þetta var mjög gaman,“ segir Yrsa og hlær en þetta er í fyrsta skipti sem hún sækir slíka ráðstefnu. Fyrirlesarar voru „CSI“ fólk frá Alaska, lögreglumenn og dómarar. „Það var minnst á dómurunum að græða enda er dómskerfið hér heima mjög frábrugðið því bandaríska,“ segir Yrsa. „En það var gaman að hlusta á fólkið frá Alaska enda eru þeirra aðstæður ekki ólíkar okkar hvað varðar lík í snjó og þess háttar.“ Yrsa segist ekki hafa náð að skoða sig mikið um enda var hún bara í þrjá daga. „Ég mætti, horfði á fyrirlestur um lík og fór svo til baka. Ekki beint það sem maður ætti að gera í Alaska. En það er ofsalega fallegt þarna.“

Bók Yrsu, Þriðja táknið, kom út vestanhafs í byrjun mánaðarins og hefur hlotið góða dóma. Harriet Klausner gaf bókinni fimm stjörnur en Time hefur sagt hana vera einn áhrifamesta gagnrýnanda heims. „Ég vissi ekki hver Klausner var áður en ég frétti af þessum dómum en þetta er auðvitað alveg frábært. Forlagið mitt úti sendir mér dómana sem ég fæ og þeir eru undantekningalaust frábærir. Kannski halda þeir bara slæmu dómunum frá,“ segir hún og hlær. Hún segist ekki vita hvernig bókin selst í Bandaríkjunum. „Ég er mikið spurð af því af vinum og kunningjum. Reyndar er ég búin að ljúga því að einum að ég fái tölvupóst í hvert skipti sem ég sel eintak.“

Um miðjan næsta mánuð kemur út ný bók eftir Yrsu hér á landi. „Þetta er glæpasaga sem heitir Aska. Hún fjallar um lík sem finnast við uppgröft húsa sem grófust undir í gosinu í Vestmannaeyjum, Pompei norðursins. Auk þess er manneskja í nútímanum drepin sem bjó yfir upplýsingum sem leyst gætu málið.“

- sók

PÉTUR GUNNARSSON: SKRIFAR ÞROSKASÖGU ÞÓRBERGS

Þórbergur og Laxness eins og veðhlaupahestar

„Þetta á í raun mjög vel við Þórberg því það hefur enginn íslenskur höfundur lagt jafn mikla áherslu á sína þróun hvað varðar þroska og andlegu hliðina,“ segir Pétur Gunnarsson, rithöfundur, en fyrir þessi jól kemur út bókin Þroskasaga Þórbergs sem hann skrifar. Pétur segir þetta vera þau fjörutíu og fimm ár í lífi Þórbergs sem kalla mætti „undirbúningstímabilið“ fyrir rithöfundarferilinn. Pétur lagðist í mikinn lestur fyrir bókina og las meðal annars dagbækur skáldsins sem eru í kringum hundrað talsins og eru geymdar á Þjóðarbókhlöðinni en Þórbergur hélt dagbók í tæp sextíu og fimm ár.

Pétur segir það hafa komið sér mest á óvart hversu félagslyndur Þórbergur var og hvað höfuðborgin Reykjavík hafi verið skemmtileg á þessum tíma þegar Þórbergur gekk um göturnar.

DELLUKARL Þórbergur sökkti sér ofan í áhugamál sín og lét allt annað til hliðar.



LAS HUNDRAÐ DAGBÆKUR Pétur lagðist í miklar rannsóknir og las meðal annars dagbækur Þórbergs sem eru á vel á hundrað talsins.

„Þetta er fyrir daga einstaklingssímans, bílsins og allra þeirra nútímaþæginda sem við þekkjum í dag. Á þessum tíma var fólk bara mikið á röltinu og ólíkt því sem við þekkjum núna, þar sem óvæntar heimsóknir eru hálfgerð innrás á heimilið, þá þótti slíkt ekkert tiltökumál og bara hinn sjálfsagðasti hlutur,“ bætir Pétur við.

Þórbergur var hálfgerður dellukarl. Ólíkt nútímamanninum sem bítur í sig eitthvað áhugamál en missir síðan áhugann á einum mánuði eða kannski ári sökkti skáldið sér ofan í sín hugðarefni svo árum skipti og lét allt annað til hliðar. Fyrst Einar Ben., síðan íslenska, svo guðspeki, sósíalismi, esperantó og loks rithöfundarferillinn. „Hann sleppir ekki hendinni af neinu heldur hefur áhugamálin með sér í ferðatöskunni. En hann tæmdi þau algjörlega og þannig samdi hann meðal annars kennslubækur, áróðursbækur og orðabók fyrir esperantó,“ segir Pétur.

Í hugum margra voru þeir Halldór Laxness og Þórbergur tveir risar í menningarlífi landsmanna á fyrstu áratugum síðustu aldar. Pétur segir að Laxness komi töluvert við sögu í dagbókunum og í fyrstu hafi verið mikil og djúpstæð vinátta þeirra á milli. Reyndar segir rithöfundurinn að samband þeirra tveggja sé hreinlega efni í annað bindi.

„Þeir voru svona eins og veðhlaupahestar, að berjast um hylli sama lesendahópsins. Í fyrstu var Halldór hálfgerður lærisveinn Þórbergs og Bréf til Láru hafði mikil áhrif á hann. En þegar bækur á borð við Sölku Völku komu út var Þórbergur í hlutlausum gír og „nemandinn“ tók fram úr „meistaranum“ og við það verður til mikil togstreita sem setur mark sitt á þá.“

freyrgigja@frettabladid.is

Bocelli vill myntudropa og rakatæki

Sykurlausir myntudropar af gerðinni Frisk, hvítur sykur, hunang og rakatæki er meðal þess sem ítalski stórsöngvarinn Andrea Bocelli hefur óskað eftir því að hafa baksviðs fyrir tónleika sína í Egilshöll 31. október.

Að sögn tónleikahaldarans Karls Lúðvíkssonar eru óskir Bocelli afar hógværar og ekkert í líkingu við það sem hann hefur áður kynnst. „Þetta er eiginlega ótrúlegt. Ég hef séð „rydera“ frá mörgum öðrum listamönnum um sérstök handklæði og eitthvað slíkt en hann er ekki með neinar stjörnustælakröfur,“ segir Karl.

Bocelli, sem telst vera frægasti tenórinn í dag sem kemur reglulega fram, kemur hingað til lands á einkaþotu sinni um hádegið og flýgur síðan af landi brott á miðnætti eftir tónleikana. Auk 110 manna fylgdarliðs, m.a. frá tékknesku sinfóníunni, verða með honum í för tíu og tólf ára synir hans. Ætlar ellefu ára sonur Karls að sýna þeim Reykjavík á meðan á dvöl þeirra stendur. „Bocelli fannst það frábær hugmynd að taka þá að sér. Þeir fá einkabílstjóra og lífvörð og ætla að fara í keilu og gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Karl. Sjálfur ætlar hinn blindi Bocelli að taka því rólega og leggur hann mikið upp úr því að hvíla rödd sína eins mikið og kostur er fram að tónleikum.

Bocelli öðlaðist heimfrægð fyrir rúmum áratug fyrir enska útgáfu sína á laginu Con te partirò sem margir ættu að þekkja sem Time to Say Goodbye. Hann er margverðlaunaður tenór og einn söluhæsti tónlistarmaður heims síðustu ár.

ÓSKALISTI BOCELLIS

Sykurlausir myntudropar (Frisk)
Mikið af hvítum sykri
Rakatæki
Hunang
Vatn
Ávaxtasafi
Te
Espresso
Ávextir
Grænmeti

Tónleikarnir verða sitjandi og hefur miðasala gengið mjög vel. Hafa þegar selst um fimm þúsund miðar.

- fb

ANDREA BOCELLI Stórtenórinn heldur tónleika í Egilshöll 31. október.

Vetraráætlun 2007–2008 hefur tekið gildi

Gildir 28. október 2007 til 30. mars 2008

flugrútan

... alltaf á ferðinni

Upphafs- og endastöð allra ferða er Umferðamiðstöðin BSÍ.

- Verð 1.200 kr. aðra leiðina til 31.12. 2007
- Verð 1.300 kr. aðra leiðina frá 01.01. 2008
- Ókeypis fyrir börn að 11 ára aldri
- 50% afsláttur fyrir unglinga, 12-15 ára
- Aukaferðir fyrir leiguflug sem ekki fellur að áætlun

Nánari upplýsingar um brottfarir á www.flybus.is



Aukin þjónusta við ferðalanga

Flugrútan stoppar á hverjum morgni á eftirtöldum stöðum Select og fer síðan beint út á flugvöll:

Select Vesturlandsvegi – kl. 05:00
Select Suðurfelli Breiðholti – kl. 05:10
Select Hagasmára við Smáralind – kl. 05:15
Áætlaður komutími í Leifstöð er kl. 05:50

Þú þarft ekki að panta sæti, rútan stoppar örugglega við þessa staði og þú getur keypt þér miðann með morgunkaffinu á Select.

Einfalt og þægilegt, ekkert stress og þú nýtur ferðarinnar.

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Sími 562 1011 ı www.re.is ı www.flybus.is

ÍSLENSKA SIA.IS KYN 39647 10.2007

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Apótekið lægra verð

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Sannleikurinn mun gjöra yður frávita

Nokkur styr hefur staðið um nýja biblíuþýðingu, eins og við var að búast, enda hefði annað verið algjört nýmæli í sögu þeirra. Núna muna að vísu fæstir eftir látunum í kringum fyrri þýðingar og sömuleiðis verður uppnámið núna flestum gleymt þegar sú næsta leysir þessa af hólmi. Einn þeirra sem þannig munu gleymast er Svarthöfði í DV sem sl. fimmtudag fullyrðir að verið sé „að ganga erinda ákveðinna hópa með því að breyta texta ritningarinnar og meiningu hans ... til að þóknast minnihlutahópum“.

ÞETTA er auðvitað ekkert annað en illkvittinn rógur. Hér er vegið af algerri vanþekkingu úr skjóli nafnleyndar að heiðri fremstu biblíufræðinga þjóðarinnar. Eða hafa vísindamenn á öðrum fræðasviðum þurft að sæta því í fjölmiðlum að vera borið á brýn að stjórnast af annarlegum hvötum, að bera ekki á borð það sem sannast er og réttast samkvæmt fræðunum, heldur að falsa niðurstöður sínar? Hvernig ætli viðbrögðin við slíku yrðu?

VIÐ höfum aldrei getað gert okkur gleggri grein fyrir upphaflegri merkingu biblíutexta en nú. Vit okkar á menningarheimi og félagslegu umhverfi frumlesendanna (og þarafleiðandi skilningi þeirra á textanum) hefur aldrei verið meira. Til að komast eins nálægt merkingu frumtextans og framast er unnt er ýmislegt auðvitað þýtt öðruvísi núna en áður, þegar unnið var af minni þekkingu. Síðasta heildarþýðing Biblíunnar er frá því fyrir daga fyrri heimsstyrjaldarinnar. Að halda því fram að hún sé „sannari“ er auðvitað augljós bábilja sem stenst enga akademíska skoðun.

ÞETTA er sárt fyrir þá sem lagt hafa alla sína orku í bókstafstrú á þrálátar túlkunarvillur úr úreltum menningarheimi eldri biblíuþýðinga sem nú hafa verið leiðréttar. Í huga þeirra er æðsta boðorðið nefnilega alls ekki æðsta boðorðið, sem er heppilegt, því það felur m.a. í sér þá erfiðu skyldu að elska náungann. Slitrur úr Þriðju Mósebók, Rómverjabréfinu og Fyrra Korintubréfi, rifnar úr öllu samhengi, hafa meira vægi, því þar koma fyrir orð eins og „kynvillingar“, „girnd“ og „viðurstyggð“, sem auðveldara er að æpa um leið og bent er á náungann.

SANNLEIKURINN gerir mann nefnilega ekkert mjög frjálsan ef maður hefur reist höll sína á lygum. Þá gerir hann mann bara siðferðilega gjaldþrota.

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 28. október, 301. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.57	13.12	17.25
Akureyri	8.50	12.56	17.02

Heimild: Almanak Háskólans